


skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur







Á 11 ára afmæli okkar
Bjóðum við alla rétti á matseðli
á aðeins 1100.- kr.
frá fös. til sun.
20. - 22. janúar
SHALIMAR
PAKISTANI CUISINE
Austurstræti 4, 101 Reykjavík Sími: 551 0292



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Föstudagur
20. janúar 2012
17. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




**Heilluð af svönum**
*Abba Þórðardóttir myndlistarkona opnar sína fimmtu einkasýningu í dag.*
**tímamót** 20

**Til Ameríku**
*Ungstirnin í Retro Stefson spila í fyrsta sinn í Bandaríkjunum á hátíðinni South by Southwest.*
**fólk** 42



**Mæta Slóvenum í kvöld**
*Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari býst við átakaleik gegn Slóvenum.*
**sport** 38

**veðrið í dag**




**SNJÓKOMA SYÐRA** Í dag verða austan eða norðaustan 3-8 m/s en vestanstrekkingur syðra síðdegis. Víða snjókoma en úrkomulítið NA-til fram á kvöld. Frost 0-5 stig.
**VEÐUR** 4

# Enn er óvissa um afturköllun ákæru

**Reiknað er með því að tillögu um að afturkalla málsókn gegn Geir H. Haarde verði vísað frá eftir umræðu í dag. Málið stendur mjög tæpt og óvissa er mikil. Gögn Landsdóms gætu horfið sjónum almennings verði ákæran afturkölluð.**

**ALÞINGI** Tillaga Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, um að Alþingi afturkalli málsókn á hendur Geir H. Haarde, verður tekin til umræðu í dag. Rökstudd dagskrártillaga verður lögð fram og verði hún samþykkt verður tillögu Bjarna vísað frá umræðu lokinni.

Ljóst er að mjótt er á munum, en heimildarmenn Fréttablaðsins telja þó líklegra að tillögu Bjarna verði vísað frá. Það mun hins vegar ráðast af því hverjir verða í þingsalnum og ekki síst hverjir munu sitja hjá. Þeir sem vilja tillögu Bjarna frá, vonast til að nógu margir af þeim sem greiddu atkvæði gegn ákæru á hendur Geir á sínum tíma sitji hjá við að tillaga Bjarna verði felld.

Verði frávísun felld fer málið í nefnd á milli umræðna. Guðmundur Steingrímsson, þingmaður utan flokka, segir að þá verði nefndarmenn komnir í hlutverk Landsdóms. Þeir verði að taka afstöðu til sektar eða sýknu Geirs, en það sé Landsdóms að gera það.

„Til að draga ákæru til baka verður það annaðhvort að vera vegna þess að saksóknari vilji það, en svo er ekki hér, eða að aðrar upplýsingar hafi komið fram sem hafi gjörbreytt stöðunni. Það hefur ekki gerst.“ Guðmundur hefur þó ekki tekið ákvörðun um hvernig hann greiðir atkvæði. - kóp, shá / sjá síðu 6

### Deildar meiningar um afdrif málsgagna

- Lög um Landsdóm, meðferð sakamála og Þjóðskjalasafnið virðast skýr um það að meirihluti málsgagna hverfi almenningi sjónum í langan tíma við það að málið er fellt niður.
- Um er að ræða tíu hefti með málsgögnum sem nema 3.683 blaðsíðum. Skjalaskrá gagnanna er 122 blaðsíður að lengd.
- Meðal gagna í málinu er tölvupóstur Geirs H. Haarde, fundargerðir og minnispunktar frá ríkisstjórnarfundum og önnur gögn frá forsætisráðuneytinu.



**ÞORRINN GENGUR Í GARÐ** Í dag er bóndadagur og hefst þar með tími þorrablóta og súrmetis. Þeir Daníel Pétur Baldursson og Jóhann Rúnarsson hjá Nóatúni eru vel meðvitaðir um gang gamla tímatalsins og voru meira en tilbúnir til að seðja hungur landans þegar ljósmyndara bar að garði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Árni Páll Árnason segir að metnaði sínum til að vera ráðherra sé svalað:

# Meirihlutaræði aukist eftir hrunið

**STJÓRNMÁL** Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar og fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, segir stjórnmálamenn ekki hafa lært nægjanlega af hruninu. Vantrú fólks á stjórnmálum megi að verulegu leyti skýra af því að ekki hafi tekist að breyta vinnubrögðum.

„Við bjuggum áður við mjög harkalegt meirihlutaræði á Íslandi, öfugt við hin Norðurlöndin. Menn lögðu mikið upp úr því að keyra ákvarðanir í gegn með stuðningi meirihluta og í stríði við minnihluta.

Við höfum ekki snúið baki við þeim vinnubrögðum. Þvert á móti gætir þess að það sé meiri hugmyndafræðileg réttlæting fyrir meirihlutaræði, vegna þess að þeir sem eru í minnihluta séu með einhverjum hætti vont fólk eða eitthvað slíkt. Það er búið að búa til hugmyndafræðilega flokkun.“

Árni Páll segir Samfylkinguna hafa tamið sér átakasókn í of miklum mæli og vísar í Icesave-málið. Flokkurinn þurfi að tileinka sér ný vinnubrögð. „Jafnaðarmannaflokkur getur ekki nálgast landsstjórnina á sömu forsendum og valdagírugur hagsmunagæsluflokkur. Hann verður að nálgast hana öðruvísi.“

Hvað sjálfan sig varðar segir Árni að það hafi breytt honum að vera ráðherra í þessu efnahagsástandi. Það breyti sýn á hlutina. „Metnaði mínum til að verða ráðherra er til að mynda fullsvalað í bili og ég er alveg rór yfir þeim málum.“ - kóp / sjá síðu 12



**GÓÐUR SAMNINGUR** Bjarni Haukur Þórsson er mjög ánægður með samninginn við Random House. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bjarni Haukur Þórsson sáttur:

## Random House keypti Pabbabók

**BÆKUR** Leikarinn og leikstjórinn Bjarni Haukur Þórsson hefur undirritað útgáfusamning við risaforlagið Random House um að hann skrifi bók byggða á einleiknum Pabbinn.

„Tilboðið frá Random House var eiginlega þannig að það var ekki hægt að segja nei við því. Þetta er mjög góður samningur,“ segir Bjarni Haukur. „Þetta verður vonandi mjög fyndin bók sem fjallar um það að vera faðir og allt sem því fylgir.“ - fb / sjá síðu 42

Þreifingar þriggja flokka:

## Hjálmari var boðið á fund

**KÓPAVOGUR Fulltrúar lista Kópavogsbúa, Sjálfstæðisflokks og Næst besta flokksins skoða nú hugsanlega meirihlutamyndun í bæjarstjórn Kópavogs.**

**Hjálmar Hjálmarsson, oddviti Næst besta flokksins, sagði í gær að honum hafi verið boðið á fund með fulltrúm flokkanna tveggja seint í gærkvöld. Hann ætlaði þó að funda fyrst með fólki innan síns flokks. Ekki var ljóst hvort af fundinum hafi orðið þegar Fréttablaðið fór í prentun.**

**Rannveig Ásgeirsdóttir, oddviti Kópavogslistann, vildi ekkert staðfesta um meirihlutaviðræður annað en að flokkurinn ætlaði ekki að fara í frekara samstarf við Samfylkinguna. Þá vildi Ármann Ólafsson, oddviti Sjálfstæðisflokks, lítið tjá sig. - sv**





MS.IS 20% ÁVEXTIR

Maxi
Hot Wings sósa



Orginal Hot wings sósa
sem bragð er af, ættuð frá USA.
www.maxi.is

## SPURNING DAGSINS



*Ómar, eruð þið svona fjölþreifin í Kópavogi?*

„Það er alveg ljóst að búfræðimenntunin hefur aldrei nýst mér eins vel.“

Viðræður um meirihlutamyndun standa nú yfir í Kópavogi og þar þreifa víst allir á öllum. Búfræðingurinn og framsóknarmaðurinn Ómar Stefánsson þekkir vel að þreifa á búfénaði.

Tæplega fimmtugur Vestmannaeyingur braut gróflega gegn þremur stúlkum:

# Barnaníðsdómur þyngdur í 8 ár

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur þyngt fangelsisdóm yfir tæplega fimmtugum Vestmannaeyingi úr sjö árum í átta. Maðurinn braut gróflega gegn þremur stúlkum á aldrinum sjö til ellefu ára í skjóli trúnaðartrausts sem myndaðist vegna sambands hans við móður einnar þeirra. Hann nauðgaði meðal annars einni þeirra sex sinnum.

Héraðsdómur sakfelldi manninn ekki fyrir nauðgunarbrot heldur einungis barnaníð en Hæstiréttur túlkar herta kynferðisbrotalöggjöf þannig að kynmök fullorðins manns við barn séu slík misnotkun á yfirburðastöðu hans gagnvart barninu að í því felist ofbeldi eða hótun og því sé um nauðgun að ræða. Refsiramminn fyrir nauðgun er rýmri en fyrir barnaníð.

Dómurinn mat það manninum til refsiþyngingar að hafa tekið myndir og myndskeið sem sýna gróft barnaníð, meðal annars brot hans með einni stúlkunni. - sh

### Gekk laus í ár eftir að málið kom upp

Brotamaðurinn var úrskurðaður í gæsluvarðhald í lok júní að kröfu Ríkissaksóknara, eftir að embættið fékk málið til ákærumeðferðar. Þá var tæpt ár síðan málið barst lögreglu til rannsóknar. Sýslumaðurinn á Selfossi, sem hafði forræði yfir málinu, fór ekki fram á gæsluvarðhald á þeim tíma þrátt fyrir að hafa undir höndum myndir sem sýndu gróft ofbeldi mannsins. Þetta sætti töluverðri gagnrýni þegar það komst upp, meðal annars af hálfu yfirmanns kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Lög um netnotkun Í BNA:

# Fjarar undan frumvörpunum

**BANDARÍKIN Stuðningur þingmanna í Bandaríkjunum við tvö umdeild frumvörp sem beinast gegn hugverkaþjófnaði hefur minnkað snarlega eftir öldu mótmæla í vikunni.**

**BBC greindi frá því í gær að minnst átta þingmenn í báðum deildum þingsins hefðu endurskoðað afstöðu sína. Repúblikaninn Marco Rubio sagði lögin þurfa meiri yfirlegu. Þau þykja vega að tjáningar- og athafnafrelsi netnotenda og mættu andstöðu um heim allan.** - þj

Eignir Jóns Ásgeirs og Lárusar:

# Kyrrsetningin stenst skoðun

**DÓMSMÁL Eignir athafnamannsins Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Lárusar Welding, fyrrverandi forstjóra Glitnis, hér á landi verða áfram kyrrsettar að kröfu slitastjórnar bankans. Hæstiréttur kvað upp úr með það í gær að kyrrsetningin stæðist lög þrátt fyrir mótmæli tvímenninganna sem hafa í hálft annað ár reynt að fá henni hnekkt.**



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

**Eignirnar voru kyrrsettar vegna sex milljarða króna skaðabótamáls sem kennt er við fasteignakeðjuna Aurum. Um er að ræða fasteignir, bíla, bankainnstæður og hlutabréf. Andvirði kyrrsettra eigna Jóns Ásgeirs var þá metið á um 197 milljónir og Lárusar um 70 milljónir.** - sh

Vígslubiskup í biskupskjöri:

# Kristján Valur gefur kost á sér

**ÞJÓÐKIRKJAN** Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, hefur ákveðið að gefa kost á sér í embætti biskups Íslands. Hann staðfesti það í samtali við Vísi í gær.



KRISTJÁN VALUR INGÓLFSSON

Þar sagðist hann hafa fengið margar áskoranir um að gefa kost á sér.

Kristján Valur var vígður í embætti vígslubiskups í Skálholti í september síðastliðnum.

Ekki liggur enn ljóst fyrir hvenær kosningarnar munu fara fram. Nýr biskup verður vígður næsta sumar. - þj

# Læknanemi bloggar sig gegnum háskóla

**Kristján Már Gunnarsson læknanemi kveðst fá 400 þúsund krónur á mánuði í tekjur með því að halda úti bloggi um heilsu, næringu og lífsstíl. Þetta geti hann samhliða þungu námi. Þetta sé frábært dæmi um nýsköpun í kreppunni.**

**FÓLK** „Ég var búinn að vera í dálítinn tíma að hugsa um hvernig ég gæti grætt pening á netinu vegna þess að ég var orðinn leiður á að vinna,“ segir Kristján Már Gunnarsson læknanemi, sem framfleytir sér nú í náminu með heilsusíðu á netinu.

Í febrúar í fyrra setti Kristján í gang bloggsíðu um heilsu, næringu og lífsstíl. Þangað inn fær hann svokallaðar google-auglýsingar sjálfvirkt í gegnum auglýsingamiðlun auk þess að selja rafbækur.

„Þetta eru alls konar auglýsingar og ég set þær ekki inn sjálfur heldur set einfaldlega inn kóða og þær koma sjálfkrafa inn á síðuna. Ég fæ borgað fyrir hvert skipti sem einhver ýtir á auglýsingu eða kaupir rafbók. Það er millifært fyrir auglýsingunum og söluhagnaðinn af rafbókunum fæ ég sendan með ávísunum,“ segir Kristján sem kveðst hafa fengið um 400 þúsund krónur á mánuði í tekjur af síðunni síðan í fyrrahaust.

„Núna er ég hættur á námslánum og er með töluvert hærri laun af þessu en í fullu starfi áður,“ segir Kristján og upplýsir að hann hafi haft 300 þúsund krónur á mánuði fyrir starf á pitsustað.

Fram að áramótum segist Kristján hafa verið að fá upp undir sex þúsund heimsóknir á dag. Nú í janúar séu þær yfir tíu þúsund á dag og tekjurnar stefni yfir hálfa milljón í mánuðinum.

Bloggsíða Kristjáns, Kris Health Blog, er á ensku. „Það er lykilatriði að skrifa á ensku,“ segir Kristján og bendir á hversu risavaxinn enskumælandi markaðurinn sé miðað við heimamarkaðinn hér. Þá sé grundvallaratriði að síðan skori hátt á leitarvélum á borð við Google enda séu um 90 prósent af heimsóknum á síðuna hans í gegnum leitarvélar. „Ég er með ákveðin trix til að lenda ofarlega í leitarniðurstöðunum,“ segir hann.

Sjálfur er Kristján að koma upp síðu á íslensku þar sem hann kennir fólki að feta sömu braut. Hann segir að ekki þurfi mikla tölvukunnáttu til og þetta sé frábær leið til nýsköpunar í kreppunni. Hann er á öðru ári í læknisfræðinni og sinnir heilsublogginu í frítíma sínum.

Kristján vonast til að árangur hans verði öðrum innblástur. En er nóg rúm fyrir alla á netinu? „Það er endalaust pláss. Þetta er töluverð vinna í upphafi en þegar maður er búinn að koma síðu af stað er mjög lítil vinna að viðhalda henni.“ gar@frettabladid.is



**KRISTJÁN MÁR GUNNARSSON** Læknaneminn fékk nóg af því að strita á pitsustað fyrir lág laun og hefur nú komið sér upp stöðugu tekjustreymi með blogginu Kris Health Blog á slóðinni kriskris.com. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Núna er ég hættur á námslánum og er með töluvert hærri laun af þessu en í fullu starfi áður.
>
> **KRISTJÁN MÁR GUNNARSSON**
> LÆKNANEMI OG HEILSUBLOGGARI.

Dómi héraðsdóms snúið við:

# Norðurál dæmt bótaskylt í slysi

**HÆSTIRÉTTUR** Norðurál er bótaskylt vegna skaða sem fyrrverandi starfsmaður fyrirtækisins hlaut við að bjarga samstarfskonu í vinnuslysi, samkvæmt dómi Hæstaréttar í gær.

Hæstiréttur snýr við dómi Héraðsdómur Reykjavíkur í júlí í fyrra sem sýknaði Norðurál og tryggingafélagið Sjóvá af bótakröfu mannsins.

Maðurinn meiddist í baki þegar hann og annar lyftu 620 kílóa bakskautaklemmu sem fallið hafði á samstarfskonu þeirra. Slysið varð 21. september 2005.

Norðuráli er jafnframt gert að greiða manninum 1,2 milljónir króna í málskostnað. - óká

Gæsluvarðhald framlengt:

# Foringi Hells Angels verður áfram í haldi

**LÖGREGLUMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur féllst í gær á kröfu lögreglu um framlengingu gæsluvarðhalds yfir Einari Marteinssyni, forsprakka Hells Angels á Íslandi, og þremur öðrum sem grunaðir eru um að tengjast hrottalegri árás á konu í Kópavogi fyrir jól. Þeir munu sitja í haldi til 16. febrúar.**

**Tveir voru handteknir eftir árásina en í kjölfarið var ráðist á konuna aftur, sem leiddi til þess að fleiri voru handteknir. Fimm hafa setið í varðhaldi vegna málsins undanfarna viku, fjórir karlar og ein kona, en einum var sleppt úr haldi í gær. Einar er grunaður um að hafa fyrirskipað árásina, sem mun eiga sér rætur í persónulegum deilum.**

**Þá var varðhald enn fremur framlengt yfir þremur liðsmönnum vélhjólasamtakanna Outlaws sem grunaðir eru um aðild að skotárás í Bryggjuhverfinu.** - sh




Mikils pirrings gætir hjá ASÍ og SA vegna aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar:

# Kjarasamningum ekki sagt upp

**KJARAMÁL** Endurskoðunarákvæði gildandi kjarasamninga verður ekki virkjað að þessu sinni. Ákveðið var á formannafundi Alþýðusambandsins (ASÍ) og fundi stjórnar Samtaka atvinnulífsins (SA) í gær að standa vörð um frið á vinnumarkaði.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa frest til klukkan fjögur í dag til þess að virkja endurskoðunarákvæði samninganna sem skrifað var undir í maí síðastliðnum. Fulltrúar ASÍ og SA munu funda vegna málsins í dag en munu ekki virkja ákvæðið.

Á fundum beggja aðila kom fram mikil óánægja með framgöngu ríkisstjórnarinnar sem þykir ekki hafa staðið við loforð sem sett voru fram í tengslum við gerð kjarasamninganna. Því hefur forsætisráðherra mótmælt.



GYLFI ARNBJÖRNSSON



VILMUNDUR JÓSEFSSON

„Það er ljóst að þær forsendur sem voru fyrir gerð kjarasamninganna og snúa að atvinnurekendum, svo sem varðandi kaupmátt, gengi og verðlag, eru að ganga eftir. Það er því okkar sameiginlega niðurstaða að það sé ekki tilefni til viðbragða gagnvart atvinnurekendum,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

„En það er líka alveg ljóst að það er mjög margt sem stendur út af í tengslum við samskipti okkar við stjórnvöld. Það kom fram á fundinum í dag að það er mjög mikil gremja út í ríkisstjórnina og að orð hennar skuli ekki standa,“ segir Gylfi.

Í sama streng tekur Vilmundur Jósefsson, formaður stjórnar SA. „Við vorum með fund í stjórn SA í dag og þar var ákveðið að framlengja kjarasamninga þrátt fyrir vanefndir á loforðum ríkisstjórnarinnar. Þó mönnum svíði mjög hvernig ríkisstjórnin hefur haldið á málum, til dæmis haldið sjávarútveginum í gíslingu, þá mátu menn það svo að friður á vinnumarkaði kæmi atvinnuvegunum fyrir bestu.“ - mþl

# Gleðjum bóndann!



Túlípanabúnt fylgir öllum gjafabréfum í Grillskóla Garðheima og Weber

## Túlípanavöndur

**1.290kr**

Öllum blómvöndum og bóndadagsgjöfum fylgir

2 fyrir 1
út að borða
silfur
...við austurvöll




2 fyrir 1
á myndina
Man on a Ledge

20% afsláttur
af Sunnudags-brunch á Grand Hótel
Grand HÓTEL REYKJAVÍK

meðan birgðir endast

# Heilsuvika
## í Garðheimum og Spírunni

***Tilboð á öllum heilsuvörum 20. til 27. janúar***

heilsumatseðill 20. til 27. janúar

sjá spiran.is



spíran.
bistro á 2. hæð GARÐHEIMA

**Ráðgjöf og kynningar í dag**

***frá kl. 15.00 til 18.00***

> Curves æfingakerfi
> Biotta ofursafi
> Alpha Daily heilsudrykkur
> Hafkalk
> Purity Herbs baðvörur
> Spíruboost



**Anna Rósa grasalæknir kynnir tinktúrur, lífrænar snyrtivörur og veitir ráðgjöf**



Ný sending af pottaplöntum
20% til 50% afsláttur

GARÐHEIMAR
FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI Í 20ÁR

## GENGIÐ 19.1.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,76 | 124,36 |
| Sterlingspund | 191,24 | 192,16 |
| Evra | 159,59 | 160,49 |
| Dönsk króna | 21,459 | 21,585 |
| Norsk króna | 20,816 | 20,938 |
| Sænsk króna | 18,204 | 18,31 |
| Japanskt jen | 1,6123 | 1,6217 |
| SDR | 189,85 | 190,99 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 220,2

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks segir fáheyrt að fundi með borgurum sé hafnað:

# Oddný segir misskilning á ferð

**REYKJAVÍK** Oddný Sturludóttir, formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar, segir það misskilning að hún hafi hafnað því að funda um fyrirhugaðar breytingar á skólahaldi með foreldrum í Hamraskóla.

Foreldrarnir eru margir hverjir óánægðir með að flytja skuli unglingastig Hamraskóla yfir í Foldaskóla næsta haust.

Fullyrt var í fjölmiðlum í fyrradag að Oddný hefði neitað boði frá foreldrunum um að ræða málið á fundi með þeim og fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í ráðinu, Kjartan



**KJARTAN MAGNÚSSON**

Magnússon, lét í kjölfarið bóka á fundi ráðsins að slík vinnubrögð væru fáheyrð.

Oddný segir að foreldrarnir hafi kynnt opinn fund um málið með þátttöku fulltrúa borgarinnar án nokkurs samráðs við hana eða aðra frá borginni um tímasetningu eða annað. Slíkur opinn fundur hafi síðast verið haldinn í Hamraskóla í desember.

„Í kjölfarið bauð ég þeim að koma til fundar við mig og ræða það sem þeim fannst ekki hafa komist nógu skýrt til skila í desember," segir Oddný.

Það sé fráleitt að hún vilji ekki hafa samráð við foreldra eins og Kjartan heldur fram í bókun sinni, enda hafi hún kappkostað að eiga sem mest samskipti við þá sem eiga hlut að máli. Skoðanir um málið séu afar skiptar í hverfinu og hún vilji gera það sem hún geti til að leysa málið í sátt við sem flesta. Sífellt sé fundað um þessi mál. **- sh**

HB Grandi á Vopnafirði:

## Vel gengur að frysta loðnu

**SJÁVARÚTVEGUR Þegar hafa um 2.800 tonn af loðnu verið fryst í uppsjávarfrystihúsi HB Granda á Vopnafirði. Markaður fyrir þessa afurð er í ýmsum Austur-Evrópulöndum og nú í vikunni var skipað út alls um 1.800 tonnum af afurðum í erlent flutningaskip.**

**Loðnuafli skipa HB Granda frá áramótum nemur alls um 13.800 tonnum. Þrjú skip hafa stundað veiðarnar fram að þessu en nú hefur verið ákveðið að senda Víking AK einnig til veiða.** **- shá**



**BÚKAREST Í GÆR** Össur ásamt Teodor Baconschi, utanríkisráðherra Rúmeníu.

Opinber heimsókn til Rúmeníu:

## Hitti rúmenska ráðherra í gær

**UTANRÍKISMÁL** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra fundaði í gær með Teodor Baconschi, utanríkisráðherra Rúmeníu, í Búkarest, höfuðborg landsins. Þar að auki hitti Össur Petru Filip, forseta rúmenska þingsins, og Leonard Orban, Evrópumálaráðherra landsins.

Á fundunum kynnti Össur hugmyndir um að styrkir úr Þróunarsjóði EFTA, sem Ísland á aðild að, verði nýttir til að hefja jarðhitaverkefni í Rúmeníu. Össur ræddi einnig aðildarumsókn Íslands að ESB og þá var rætt um leiðir til að auka viðskipti ríkjanna. Þetta er í fyrsta sinn sem íslenskur utanríkisráðherra fer til Rúmeníu í opinbera heimsókn. **- mþl**

### LEIÐRÉTT

Í frétt um beitartilraun Matvælastofnunar vegna díoxínmengunar í Skutulsfirði í gær sagði að díoxín hefði mælst 60% yfir aðgerðarmörkum, en það á að vera 60% af aðgerðamörkum. Ef mengunin hefði verið yfir aðgerðamörkum, hefði MAST þurft að bregðast við. Aðgerðamörk eru hins vegar helmingi lægri en hámarksgildi, þess vegna var niðurstaða tilraunarinnar góð.

# Kynferðisbrotamál í kerfinu tvöfalt fleiri

**Gríðarleg breyting hefur orðið á meðferð kynferðisbrota gegn börnum frá því fyrir fimmtán árum. Tvöfalt fleiri mál koma til kasta kerfisins og þrefalt fleiri mál rata til ákæruvaldsins. Bæði um vitundarvakningu og fleiri mál að ræða.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Kynferðisbrotamál gegn börnum sem fjallað hefur verið um innan velferðar- og réttargæslukerfisins eru tvöfalt fleiri nú en á árunum 1995 til 1997 samkvæmt niðurstöðum rannsóknar Barnaverndarstofu.

Árin 1995 til 1997 voru 369 mál sem vörðuðu kynferðisbrot gegn börnum stödd einhvers staðar í kerfinu. Árin 2006 til 2008 voru þau 740 en það eru nýjustu tölur sem hægt er að styðjast við. Að mati Braga Guðbrandssonar, forstjóra Barnaverndarstofu, bendir allt til þess að síðan hafi málafjöldi verið svipaður.

„Nú erum við í rauninni miklu betur stödd. Við höfum heildarsýn yfir þetta, það er ein af ánægjulegustu breytingunum frá fyrra tímabilinu til hins seinna," segir Bragi. Á fyrra tímabilinu höfðu barnaverndarnefndir aðeins vitneskju um 75 prósent þessara mála, önnur mál voru til meðferðar hjá lögreglu eða annars staðar án vitundar barnaverndaryfirvalda.

„Nú hefur orðið sú breyting að þessi 740 mál voru öll til meðferðar í barnaverndarkerfinu. Það hefur úrslitaþýðingu um að börnin fái viðeigandi aðstoð og meðferð. Það skiptir máli að barnaverndarkerfið sé meðvitað um öll mál, og það er búið að tryggja í dag."

Á fyrra tímabilinu, 1995 til 1997, voru 170 af 369 málum til rannsóknar hjá lögreglu. 146 mál fóru áfram til ákæruvaldsins, sem gaf út ákæru í 51 máli. Á seinna tímabilinu, 2006 til 2008, komust 340 mál inn á borð lögreglu. Þar af fóru



**BROTUNUM FJÖLGAÐ** Bragi telur að fyrst og fremst hafi kerfisbreyting orðið til þess að fleiri mál koma til kasta barnaverndar nú en áður. Myndin tengist efni fréttarinnar ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Ég held að við séum eina landið í Evrópu þar sem er svona góð heildarsýn yfir fjölda mála.
>
> **BRAGI GUÐBRANDSSON** FORSTJÓRI BARNAVERNDARSTOFU

315 til meðferðar ákæruvaldsins, og ákærur voru gefnar út í 155 málum. „Ákærurnar höfðu þrefaldast á seinna tímabilinu, þrefalt fleiri mál fóru í dómskerfið." Á fyrra þriggja ára tímabilinu var sakfellt í 49 málum en á seinna tímabilinu voru sakfellingar 108.

„Ég held að við séum eina landið í Evrópu þar sem er svona góð heildarsýn yfir fjölda mála," segir Bragi. Hann segir þó að tölurnar veki að sumu leyti upp fleiri spurningar en þær svari. „Spurningin er sú hvort samfélagsvitundin hafi bara aukist, við séum orðin meðvitaðri og kerfið betur undir það búið að glíma við þessi mál, eða hvort um raunverulega aukningu þessara mála er að ræða." Bragi segist telja að fyrst og fremst sé þetta vegna kerfisbreytinga með tilkomu Barnahúss og þeirrar vinnu sem þar á sér stað. „En ég held líka að það megi færa rök fyrir því að umfang þessara brota hafi raunverulega aukist líka. Í rauninni eiga báðar skýringar við þó að sú fyrri sé í mínum huga hugsanlega þýðingarmeiri."

Bragi mun halda erindi á ráðstefnu um meðferð kynferðisbrota í HÍ í dag. **thorunn@frettabladid.is**

Forseti lagadeildar HÍ:

## Veitti verjanda Baldurs ráðgjöf

**DÓMSMÁL** Róbert Ragnar Spanó, lagaprófessor og forseti lagadeildar Háskóla Íslands, veitti verjendum Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra, ráðgjöf eftir að ákæra var gefin út á hendur honum fyrir innherjasvik.



**RÓBERT SPANÓ**

Þetta upplýsir Róbert í neðanmálsgrein í nýrri bók sinni sem fjallar um réttarregluna Ne bis in idem, sem snýst um bann við endurtekinni málsmeðferð sakamála.

Í bókinni fjallar Róbert meðal annars um mál Baldurs, eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu. Þar kemst hann að þeirri niðurstöðu að Fjármálaeftirlitinu hafi að öllum líkindum ekki verið heimilt að taka rannsókn málsins upp aftur eftir að hafa tilkynnt Baldri um niðurfellingu þess. **- sh**

Uppsagnir á fjarskiptamarkaði:

## 28 sagt upp hjá Vodafone í gær

**VINNUMARKAÐUR Fjarskiptafyrirtækið Vodafone sagði upp 28 starfsmönnum sínum í gær.**

**Í tilkynningu frá fyrirtækinu segir að ástæðan sé hagræðing í rekstri. Uppsagnirnar eigi ekki að hafa áhrif á þjónustu Vodafone, en eftir þær eru starfsmenn fyrirtækisins 390 talsins.**

**Starfsfólkið fær greidd laun út uppsagnarfrest og heldur hlunnindum án þess að vinnuframlags sé óskað á móti. Auk þess býðst því, að kostnaðarlausu, ráðgjöf og aðstoð við atvinnuleit.**


SÓLEY natura spa



STOTT PILATES
námskeið byrjar
31. janúar
skráning hafin!
Nauthólsvegi – soleynaturaspa.is


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**RÓLEG HELGI**
Með kvöldinu gengur smám saman í norðanátt og heldur stífa norðan og norðvestan til. Annars verður vindur yfirleitt hægur um helgina með éljum norðan til á landinu en bjart syðra. Hitinn víðast um frostmark.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 6° |
| Berlín | 3° |
| Billund | 3° |
| Frankfurt | 6° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 10° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 4° |
| Orlando | 24° |
| Ósló | -9° |
| París | 10° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | -2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

# ALVÖRU STEIK Á BÓNDADAGINN

Nautaat

TILBOÐ 30% afsláttur við kassa



TILBOÐ
NAUTAAT RIB-EYE
2.727 kr/kg.
Verð áður 3.895.-

Mundu eftir deginum



TILBOÐ
FROSNAR KLAKÚNABRINGUR
1.998 kr/kg.
Verð áður 2.199.-



## ÞORRAMATUR Í ÚRVALI

SS

| TILBOÐ | 20% AFSLÁTTUR | |
|---|---|---|
| Dilkasvið hreinsuð | 295kr/kg | ~~369kr/kg~~ |
| Súrir lundabaggar | 1.598kr/kg | ~~1.998kr/kg~~ |
| Súrir hrútspungar | 2.558kr/kg | ~~3.198kr/kg~~ |
| Pressuð svið í sneiðum | 437kr/kg | ~~546kr/kg~~ |
| Birkireykt læri, soðið | 3.838kr/kg | ~~4.798kr/kg~~ |
| Blandaður súrmatur 1350g | 2.078kr/kg | ~~2.598kr/kg~~ |

GOTT EFTIRRÉTTIR

GOTT – Eftirréttir –

HAGKAUPS SULTAÐUR RAUÐLAUKUR PAPRIKU & CHILI SULTA

TILBOÐ
EGILS PILSNER
89 kr/stk.
Verð áður 109.-

NÝBAKAÐ
TILBOÐ
VÍNARBRAUÐS LENGJA
499 kr/stk.
Verð áður 699.-



AMERÍSK KARAMELLUKAKA
1.399 kr/stk

NÝBAKAÐ



TILBOÐ
FIMMKORNA BRAUÐ
269 kr/stk.
Verð áður 399.-

FABRIKKU EFTIRRÉTTIR

ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN

BREYERS ÍS
EKTA AMERÍSKUR ÍS EINGÖNGU Í HAGKAUP



TILBOÐ
HEILAR FLATKÖKUR 4 STK.
279 kr/pk.
Verð áður 339.-

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 22. janúar á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**FRÉTTASKÝRING:** Frávísun á máli Geirs H. Haarde

# Enn er óvissa um lögmæti tillögunnar

**Frávísunartillaga kemur fram í dag vegna tillögu Bjarna Benediktssonar um afturköllun ákæru á hendur Geir H. Haarde. Margir þingmenn telja að verði málinu ekki vísað frá þurfi þingnefnd að ganga í störf Landsdóms. Skýrt kemur fram í skýringum með lögum um Landsdóm að með ákæru sé málið úr höndum Alþingis.**



**VILDU EKKI ÁKÆRA** Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Bjarni Benediktsson greiddu öll atkvæði gegn því að nokkur ráðherra yrði ákærður. Líklegt er að Jóhanna samþykki frávísunartillögu á tillögu Bjarna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tillaga Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, um að Alþingi falli frá ákæru á hendur Geir H. Haarde, verður tekin fyrir á Alþingi í dag. Tillagan hefur valdið miklum titringi innan þingsins og óvíst er hver afdrif hennar verða, en ljóst er að hún verður tekin til umræðu í dag.

Rökstudd dagskrártillaga hefur verið í smíðum en, líkt og greint er frá hér til hliðar, felur hún í sér að umræða fer fram um málið en ekkert meira verður gert við það.

Heimildir Fréttablaðsins herma að stuðningur við þá málsmeðferð hafi aukist. Svo virðist sem fjölmargir þingmenn hafi talið að frávísun málsins hefði það í för með sér að ekki færi fram umræða um málið, heldur yrði því vísað frá áður en til hennar kæmi. Það hugnaðist mörgum lítt, en meiri stuðningur er við það að fara þá leið sem rökstudd dagskrártillaga felur í sér.

**Í hlutverk Landsdóms**

Verði dagskrártillagan felld og málið fái þinglega meðferð verður því vísað í nefnd á mili umræðna. Þá þurfa þeir þingmenn sem í nefndinni sitja að taka efnislega afstöðu til ákærunnar á hendur Geir; það er hvort ástæða sé til að draga hana til baka.

Guðmundur Steingrímsson, þingmaður utan flokka, segir það umhugsunarefni og veigamikil rök fyrir frávísun. Sjálfur sé hann þó ekki endanlega búinn að gera upp hug sinn.

„Ég sé ekki betur en að nefnd væri að ganga í störf landsdóms ef hún færi að taka efnislega afstöðu til þess hvort Geir sé sekur eða saklaus. Ef þingmannanefnd færi að fjalla um málið væri hún í raun og veru einnig að fjalla um spurninguna um sekt eða sakleysi. Þannig gengur hún í störf Landsdóms og það er eitthvað sem við eigum ekki að gera.“

Guðmundur bendir einnig á að málið sé komið á allt annan stað nú en þegar afstaða var tekin til ákærunnar í september. Guðmundur kaus þá gegn ákæru á hendur öllum fjórum ráðherrunum fyrrverandi.

**„…engin skipti af málinu…“**

Mikil umræða hefur farið fram um hvort málið sé löglegt. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, lét fara fram mat á tillögunni og niðurstaða þess var að hún væri þingtæk. Það hafa þó fjölmargir gagnrýnt og Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, hefur gengið svo langt að segja að hafi forseti ekki döngun í sér til að vísa málinu frá eigi einfaldlega að skipta um forseta.

Lögin um Landsdóm eru frá árinu 1963 og eru samin af Ólafi Jóhannessyni, einum helsta lagaspekingi landsins, sérstaklega hvað varðar stjórnsýslurétt. Bjarni Benediktsson, þá formaður Sjálfstæðisflokksins, mælti fyrir málinu.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir frá því að Alþingi skipi fimm manna saksóknarnefnd, til að gefa Alþingi, sem fer með ákæruvaldið, kost á að fylgjast með saksókninni. Þá kemur setning sem virðist býsna afgerandi um hug löggjafans:

„En eins og nú er, hefur Alþingi engin skipti af málinu, eftir að það hefur kjörið sóknara.“

Lögfræðingar sem Fréttablaðið ræddi við töldu því einboðið að tillaga Bjarna bryti í bága við vilja löggjafans. Seinni tíma skýringar, sem til að mynda Róbert Spanó hefur talað fyrir, hafi ekki tekið á því máli. Þess ber þó að geta að enginn þeirra vildi koma fram undir nafni.

## Fordæmi fyrir málsmeðferðinni

Rökstudd dagskrártillaga felur einfaldlega í sér að næsta mál verður tekið á dagskrá, en ekkert gert með það mál sem til umræðu er. Hún felur því í raun í sér að málinu er vísað frá, að umræðu lokinni. Hjá skrifstofu Alþingis fengust þær upplýsingar að slík málsmeðferð þekktist.

Í nefndaráliti 2. minnihluta utanríkismálanefndar vegna ábyrgðar á Icesave-reikningum, sem lagt var fram í desember 2008, var með rökstuddri dagskrártillögu lagt til að málinu yrði vísað frá. Steingrímur J. Sigfússon stóð að álitinu. Jón Magnússon, þá þingmaður Frjálslynda flokksins, lagði einnig til í áliti í sama máli að málinu yrði vísað frá.

**Málið gert pólitískt**

Afstaða Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra, sem ætlar að styðja tillögu Bjarna, hefur farið illa í margan stjórnarliðann. Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, segir hins vegar fráleitt að láta eins og málið snúist um heilsu og lífvænleika ríkisstjórnarinnar. Að minnsta kosti tveir af níu ráðherrum, Ögmundur og Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra, hyggist styðja málið og því sé slíkur málatilbúnaður út í hött.

„Það er líka stóralvarlegt mál að gera umræðu um sakamál gegn einstaklingi að flokkspólitísku máli og það stórskaðar málatilbúnað þeirra sem stóðu að ákærunni á sínum tíma. Það skapar þá augljósu hættu að menn telji að um pólitísk réttarhöld sé að ræða.

Yfirlýsingar flokksfélaga gera heldur ekkert annað en að styðja varnir sakborningsins og fjölga áfrýjunarmöguleikum hans og veikja þannig málatilbúnaðinn af hálfu ríkisins,“ segir Árni Páll, en nokkur flokksfélög Vinstri grænna hafa ályktað um að halda ætti ákærunni til streitu.

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is



# Gögnin um Geir gætu endað í skjalageymslu

**Allt bendir til þess að málsgögn saksóknara Alþingis komi ekki fyrir sjónir almennings í langan tíma, fari svo að landsdómsmálið verði fellt niður. Alþingi hefur því í hendi sér hvort uppgjör stjórnmálanna við hrunið fer fram eður ei.**

Á það hefur verið bent að með því að draga ákæruna til baka væri Alþingi að bregðast fyrirheitum um rannsókn og uppgjör eftir hrun. Með efnislegri meðferð Landsdóms muni fást svör við fjölmörgum spurningum sem brenna á þjóðinni; því gefist aðeins þetta eina tækifæri til að greina mikið magn gagna um aðkomu stjórnmálamanna í aðdraganda hrunsins, og þá í samhengi við vitnisburð Geirs H. Haarde og annarra lykilmanna í þeirri atburðarás.

Því er knýjandi spurning hvað verður gert við málsgögnin ef Alþingi fellur frá málsókninni, þar sem það virðist ekki augljóst.

Sigríður Friðjónsdóttir, saksóknari Alþingis, segist ekki hafa íhugað það hvernig farið verði með gögnin. Að stofni til séu þau sömu gögn og rannsóknarnefnd Alþingis hafði undir höndum, enda málið grundvallað á niðurstöðu hennar.

„Þetta yrði þá sakamál sem fellt væri niður og það þyrfti að skoða það hvort í gildi séu reglur um hvort aðgangur að þeim gögnum sé heimill eða hvort þau yrðu þá komin úr augsýn í ákveðinn tíma á grundvelli upplýsingalaga,“ segir Sigríður. „Ef þetta væri venjulegt mál fyrir Hæstarétti yrðu málsgögn hjá réttinum í ákveðinn tíma og svo færu þau á Þjóðskjalasafnið.“

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra telur, samkvæmt upplýsingum sem hann aflaði sér vegna fyrirspurnar Fréttablaðsins, að „þau gögn sem fengist hafa til vinnslu við meðferð málsins [séu] þegar orðin opinber gögn“.

Opinber gögn í hvaða skilningi? Þeirri spurningu hefur Ögmundur ekki haft svigrúm til að svara, þegar þetta er skrifað.

**Um 3.700 síður af gögnum**

Það má teljast öruggt að öll málsgögn sem saksóknari Alþingis hefur safnað saman vegna málareksturs ins fyrir Landsdómi verði lokuð almenningi í áratugi, fari svo að sakamál á hendur Geir H. Haarde verði fellt niður. Í lögum um landsdóm nr. 8/1963 segir ekkert um meðferð málsgagna sem falla til við málareksturinn. Hins vegar segir í 51. grein að lög um meðferð sakamála skuli gilda um þau atriði sem ekki eru sérstaklega skýrð í Landsdómslögunum.

Um er að ræða tíu hefti með málsgögnum sem nema 3.683 blaðsíðum. Skjalaskrá gagnanna er 122 blaðsíður að lengd, eins og kemur fram á heimasíðu saksóknara Alþingis.

Meðal þeirra gagna sem saksóknari aflaði, og er þá stiklað á stóru, áður en ákæra var gefin út 10. maí 2011 er tölvupóstur Geirs á tímabilinu 15. júní 2006 til 1. febrúar 2009 ásamt fundargerðum og minnisgreinum frá ráðherrafundum ríkisstjórna Geirs á sama tímabili. Eins önnur gögn úr forsætisráðuneytinu; frá rannsóknarnefnd Alþingis og þingmannanefndinni sem fjallaði um störf hennar.

Upplýsingalögin gilda bara um starfsemi stjórnvalda, ekki dómstóla eða Alþingis. Gögn í landsdómsmálinu eru væntanlega gögn í samspili á milli Alþingis og dómstóla og erfitt að ímynda sér að þau teljist gögn frá stjórnvöldum.

Gögn sem saksóknari Alþingis hefur fengið frá Þjóðskjalasafninu, sem eru stærsti hluti málsgagnanna, verða væntanlega hluti málsskjalasafns hans í málinu; yrðu hluti rannsóknargagna. Þau eru svo hluti af skjalasafni saksóknara Alþingis. Hvenær þau koma til Þjóðskjalasafns er óvíst; gögnum er jafnan ekki skilað strax til Þjóðskjalasafns. Þau munu hins vegar verða vistuð þar í fyllingu tímans.

**Aðgangur takmarkaður**

Um aðgang að skjölum og öðrum gögnum sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni Íslands er fjallað í 9. grein laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands. Þar segir að um aðgang að gögnum í safninu gildi ákvæði upplýsingalaga.

Um aðgang að öðrum gögnum og skjölum, sem upplýsingalög og lög um upplýsingarétt um umhverfismál taka ekki til, skal mælt fyrir í reglugerð gefinni út af ráðherra mennta- og menningarmála að fengnum tillögum þjóðskjalavarðar. Það á meðal annars við um gögn frá dómstólum. Það flækir málið hins vegar að slík reglugerð hefur ekki verið sett.

Þar sem slík reglugerð er ekki fyrir hendi fer líklega um aðgang að þessum gögnum samkvæmt ákvæðum laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, eins og áður segir, en í 16. grein er fjallað um aðgang að gögnum í sakamálum. Af því ákvæði verður ráðið að aðgangur að þeim gögnum sem eru í vörslu safnsins er takmarkaður við aðila máls.

Rétt er að geta þess að gögn sem rannsóknarnefndin safnaði heyra undir lög um Þjóðskjalasafn, en allt sem saksóknari Alþingis aflar sjálfur fellur undir lög um meðferð sakamála. Því ber þetta allt að sama brunni. Án efnislegrar meðferðar málsins fyrir Landsdómi er þess langt að bíða að frekari upplýsingar um aðkomu stjórnmálanna að hruninu rati fyrir sjónir fólksins í landinu.

Í reglum um notkun og aðgengi að opinberum skjalasöfnum kemur fram að gögn sem undanþegin eru upplýsingarétti séu meðal annars fundargerðir ríkisstjórna, bréfaskipti stjórnvalda og vinnuskjöl. Almennt eru þau lokuð í 30 ár, jafnvel lengur.



**TVÍHENT Á MÁLSGÖGNIN** Starfsmenn Hæstaréttar bera inn hluta málsgagna þegar málið var þingfest fyrir Landsdómi 7. júní í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is



# ÚTSALA
## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

## 32" SJÓNVÖRP FRÁ 69.990
## MYNDAVÉLAR FRÁ 9.990

22" LED SJÓNVARP
FULLT VERÐ 64.990
TILBOÐ 49.990
PHILIPS AFSL. 15.000

42" FULL HD LCD
FULLT VERÐ 119.990
TILBOÐ 99.990
FINLUX AFSL. 20.000

50" 3D SJÓNVARP
FULLT VERÐ 349.990
TILBOÐ 229.990
Panasonic AFSL. 120.000

1000w 3D BLU-RAY HEIMABÍÓ
FULLT VERÐ 99.990
TILBOÐ 69.990
Panasonic AFSL. 30.000

FULL HD TÖKUVÉL
FULLT VERÐ 59.990
TILBOÐ 44.990
JVC AFSL. 15.000

MYNDAVÉL MEÐ LEICA LINSU
FULLT VERÐ 19.990
TILBOÐ 15.990
Panasonic AFSL. 4.000

Myndarammar með allt að
35% afslætti
INTENSO PHILIPS

Heimabíókerfi
frá 29.990
PHILIPS harman/kardon Panasonic

Sjónaukar með allt
að 36% afslætti
Nikon OLYMPUS tasco

JBL hátalarar með allt
að 30% afslætti
JBL

Vöggur fyrir iPad/
iPhone/iPod/Android
með miklum afslætti

KENWOOD PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED
INTENSO JBL harman/kardon OLYMPUS tasco Nikon SanDisk enox.

OPIÐ LAUGARDAG 11 -16 SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Af hverju var alfræðivefnum Wikipediu lokað í sólarhring í mótmælaskyni?*
2. *Hvað heitir nýjasta mynd George Lucas?*
3. *Hvað heitir forsprakki hljómsveitarinnar The Cure?*

**SVÖR**

*1. Vegna áforma Bandaríkjaþings um að tryggja hugverkarétt á netinu. 2. Red Tails. 3. Robert Smith.*

Pakinstönsk stjórnvöld krefjast svara af Noregi um ummæli Kristiansen:

# Segist nú hafa mismælt sig

**NOREGUR** Janne Kristiansen, fyrrverandi yfirmaður norsku leyniþjónustunnar, segist hafa mismælt sig þegar hún fullyrti á miðvikudag að norskir njósnarar væru að störfum í Pakistan. Hún hafi eingöngu átt við tengilið lögreglunnar.

Hún sagði af sér í gær vegna málsins, en nú krefjast pakistönsk stjórnvöld svara og vilja fá nánari útskýringar á njósnum Norðmanna þar í landi.

Í norskum fjölmiðlum er haft eftir Vegard Valther Hansen, sérfræðingi um njósnir, að ummæli hennar geti stefnt öryggi hugsanlegra norskra njósnara í Pakistan í voða. Ummælin geti einnig stefnt tengiliðum norskra njósnara í Pakistan í hættu, og þá geti ummælin einnig reynst öðrum Norðmönnum í Pakistan hættuleg, því á þá geti fallið grunur um að þeir séu að stunda njósnir.

Norska leyniþjónustan hefur aldrei sagt neitt af eða á um það, hvort erindrekar á hennar vegum séu að störfum í Pakistan. Um slíkt tjáir stofnunin sig ekki. **- gb**



**JANNE KRISTIANSEN** Sagði af sér sem yfirmaður norsku leyniþjónustunnar eftir að hafa mismælt sig – eða talað af sér. NORDICPHOTOS/AFP

Danskir vélhjólamenn í bobba:

# Rokkarar teknir fyrir byssueign

**DANMÖRK Tveir meðlimir í vélhjólagengi, svokallaðir rokkarar, voru í gær úrskurðaðir í gæsluvarðhald í bæjarréttinum í Kaupmannahöfn vegna ólöglegrar byssueignar.**

**Mennirnir, sem eru 26 og 36 ára, eru meðlimir í vélhjólaklíkunni Bandidos. Þeir eru sakaðir um að hafa hríðskotariffla og skotfæri undir höndum, en vopnin hafa ekki fundist. Þeir verða í haldi til 6. febrúar. Málið hefur verið í rannsókn lengi og tengist öðrum svipuðum málum. - þj**

Jóhanna vill klára samning:

# Biður Vigdísi að treysta þjóðinni

**ALÞINGI** „Treystu nú þjóðinni til að meta það hvort hún telji það rétt eða rangt að Ísland gangi í ESB.“ Svo mælti Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra við Vigdísi Hauksdóttur, þingkonu Framsóknarflokksins, á Alþingi í gær.



**VIGDÍS HAUKSDÓTTIR**

Vigdís hafði beint fyrirspurn til Jóhönnu um það hvort henni hugnaðist að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald aðildarviðræðnanna við Evrópusambandið, ýmist samhliða forsetakosningum í sumar eða þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur að nýrri stjórnarskrá.

Jóhanna kvaðst treysta þjóðinni til að taka afstöðu til samnings þegar hann lægi fyrir. **- sh**

**DÓMSTÓLAR**

### Tveir lögreglubítar ákærðir

Tvær ákærur voru þingfestar í Héraðsdómi Reykjaness í vikunni á hendur mönnum sem sakaðir eru um árásir á lögreglumenn við skyldustörf. Annars vegar er tvítugur maður ákærður fyrir að bíta lögreglumann í höndina í gegnum þykkan leðurhanska, og hins vegar er maður á fertugsaldri ákærður fyrir að bíta lögreglumann í hnéð.

# Kínverjar vilja leggja allt að 7 milljarða í heilsuþorp

**Kínverska fyrirtækið CSST International á í viðræðum um aðkomu að uppbyggingu heilsuþorps á Flúðum. Enn of snemmt að segja til um hvort af verði en viðræður halda áfram segir stjórnarformaður Heilsuþorps.**

**VIÐSKIPTI** Kínverskir fjárfestar hafa hug á að leggja fram allt að sjö milljarða króna vegna uppbyggingar heilsuþorps á Flúðum. Gerð heilsuþorpsins hefur verið í undirbúningi allt frá því síðla árs 2008 þegar skrifað var undir viljayfirlýsingu Heilsuþorpa ehf. og Hrunamannahrepps um uppbyggingu á 200 íbúða heilsuþorpi með hvíldar- og endurhæfingaraðstöðu í Laxárhlíð við Flúðir.



**ÁRNI GUNNARSSON**

Greint var frá viðræðum aðstandenda heilsuþorpsins við kínverska fyrirtækið CSST International um fjárfestinguna í Sunnlenska fréttablaðinu sem út kom í gær.

Árni Gunnarsson, fyrrverandi alþingismaður og stjórnarformaður Heilsuþorps á Flúðum, segir enn of snemmt að segja til um hvort af fjárfestingunni verði. „Við höfum átt við þá tvo símafundi og eigum bókaðan fund í næstu viku,“ segir hann og kveður nú unnið að því að endurreikna kostnaðartölur fyrir fjárfestana. Miðað við upprunalega áætlun segir hann kostnað við verkefnið hins vegar geta numið 6,5 til 7,0 milljörðum króna. Gert er ráð fyrir að fjárfestarnir leggi fram megnið af þeirri upphæð, en einnig er leitað innlendra fjárfesta að verkefninu.

> Við erum afskaplega bjartsýnir á þessari stundu, því áhugi þeirra virðist vera mikill.
>
> **ÁRNI GUNNARSSON**
> STJÓRNARFORMAÐUR HEILSUÞORPS

Árni segir arðsemiskröfuna sem CSST International gerir vegna verkefnisins vera nokkuð háa, en mögulega megi fá dregið úr henni með því að auka hlutfall efniskaupa frá Kína vegna verkefnisins. „Það á eftir að fara betur yfir hvaða kröfur þeir gera varðandi verkstjórn og notkun fjármunanna. En við erum afskaplega bjartsýnir á þessari stundu, því áhugi þeirra virðist vera mikill.“



**FRÁ FLÚÐUM** Íslandsstofa hafði milligöngu um að leiða saman kínverska fjárfesta og forsvarsmenn Heilsuþorpsins á Flúðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Árni segir málum þannig fyrir komið í Kína um þessar mundir að þeir sem þar fái framkvæmdalán úr bönkum þurfi að tryggja að tiltekið magn af kínverskum vörum sé keypt til framkvæmdanna. „Enda fara þeir fram á að um 30 prósent að minnsta kosti af byggingarkostnaði verði vegna vörukaupa frá Kína. Það hlutfall gæti orðið meira gegn því að arðsemiskrafa þeirra lækki.“

Í umfjöllun Fréttablaðsins um heilsuþorpið í nóvember 2009 kom fram að á byggingartíma þess væri áætlað að til yrðu 140 störf, en á annað hundrað beinna starfa þegar starfsemin yrði komin í gang, auk um 400 afleiddra starfa.

**olikr@frettabladid.is**







# NÝR BÆKLINGUR – FRÁBÆR TILBOÐ!

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir

**Tilboðin gilda 19. - 22. janúar**
eða meðan birgðir endast



**SIGNIR SIG Í KÖLDU VATNI** Rússar skelltu sér margir í ískalt bað í gær, eins og venja er til á þrettándanum, sem Rétttrúnaðarkirkjan hélt hátíðlegan í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Forsætisráðherra segist opinn fyrir kaflaskiptri þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur að nýrri stjórnarskrá:

# Tæpt að kjósa í einu um forseta og stjórnarskrá

**STJÓRNMÁL** Mögulega er orðið of seint að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um drög að nýrri stjórnarskrá samhliða forsetakosningum í júní, að mati Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra. Þetta sagði hún á Alþingi í gær.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, innti Jóhönnu eftir því hvenær hún sæi fyrir sér að slík þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram, hvernig að henni ætti að standa og um hvað skyldi greiða atkvæði. Hann kvaðst telja algjörlega óraunhæft að frumvarp að nýrri stjórnarskrá yrði samið upp úr tillögum stjórnlagaráðs á næstu vikum, þannig að unnt yrði að leggja það fyrir þjóðina.

Jóhanna svaraði því til að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins væri nú með tillögur stjórnlagaráðs til meðferðar og væri að fara yfir umsagnir. Hún vonaðist til að sú vinna gengi hratt og vel og málinu yrði lokið í sátt á næstu vikum. Breyttar tillögur yrðu sendar stjórnlagaráði til lokaumsagnar.

„Og síðan – ef ég mætti ráða ferðinni – yrði útbúin þingsályktunartillaga um að málið færi í þjóðaratkvæðagreiðslu,“ sagði Jóhanna. Hún sæi jafnvel fyrir sér að fólk gæti greitt atkvæði um tillögurnar kaflaskipt og að því loknu kæmu þær í frumvarpsformi inn í þingið. Vonandi tækist að afgreiða það fyrir lok kjörtímabils. - sh



**EF ÉG MÆTTI RÁÐA** Jóhanna Sigurðardóttir segir að ef hún mætti ráða ferlinu yrði ný stjórnarskrá tilbúin fyrir lok kjörtímabils. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**SELFOSSKIRKJA** Pólskar messur hafa fengið inni í Selfosskirkju einu sinni í mánuði, að því er segir í Sunnlenska fréttablaðinu.

Messað í kapellu á Selfossi:

## Kaþólskir vilja lóð fyrir kirkju

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Bæjaryfirvöld í Árborg hafa tekið vel í umsókn kaþólsku kirkjunnar um lóð fyrir kirkju og safnaðarheimili á Selfossi. Þetta hefur Sunnlenska fréttablaðið eftir Gunnari Erni Ólafssyni, starfsmanni á skrifstofu kaþólska biskupsins á Íslandi.

„Best væri að við gætum farið í þetta sem fyrst,“ hefur blaðið eftir Gunnari, sem kveður aðstöðu orðið skorta á Suðurlandi. Messur safnaðarins hafa til þessa farið fram í kapellu við Riftún á Selfossi, en að auki munu pólskar messur hafa verið haldnar einu sinni í mánuði í Selfosskirkju. - óká

# Skipstjóri segist hafa bjargað þúsundum eftir strandið

**Framferði skipstjóra skemmtiferðaskipsins Costa Concordia á strandstað síðastliðinn föstudag harðlega gagnrýnt. „Fyrirlitlegur heigulsháttur“ segir kennari við skóla strandgæslunnar. Alls 21 enn saknað eftir strandið.**

**ÍTALÍA** Francesco Schettino, skipstjóri skemmtiferðaskipsins Costa Concordia, hefur verið harðlega gagnrýndur fyrir framferði sitt á strandstað fyrir viku.

Hann er enn í stofufangelsi á heimili sínu, en segist hafa bjargað þúsundum manna.

Nokkur hundruð manns voru enn um borð í skipinu þegar hann fór frá borði. Hann sinnti engu ítrekuðum og hvössum skipunum björgunarmanns um að koma sér aftur um borð til að taka þátt í björgunarstörfum. Þess í stað sagðist hann ætla að stjórna björgunaraðgerðum frá landi.

„Þetta var fyrirlitlegur heigulsháttur,“ segir Craig Allen, kennari við skóla strandgæslunnar í London, sem fordæmir framferði skipstjórans. „Björgunarfólk í landi getur sinnt öllu samhæfingarstarfi sem á þarf að halda,“ segir Allen í viðtali við AP fréttastofuna. „Það

> Skipið hallaðist skyndilega og við köstuðumst út í sjóinn.
>
> FRANCESCO SCHETTINO
> SKIPSTJÓRI COSTA CONCORDIA

þarf einhvern um borð til að tala við, til að gefa fyrirmæli til fólks sem er um borð og aðstoða farþegana við að fara frá borði og leiðbeina björgunarfólkinu.“

Schettino, sem er rúmlega fimmtugur og hefur starfað fyrir skemmtiferðaútgerðina Costa í rúman áratug, segist hafa verið að aðstoða fólk við að komast um borð í björgunarbát þegar hann datt ofan í bátinn og komst ekki aftur um borð í skipið.

„Ég yfirgaf ekki skipið með hundrað manns um borð. Skipið hallaðist skyndilega og við köstuðumst út í sjóinn,“ heyrist á upptökum, sem ítalskir fjölmiðlar hafa birt.

Fleiri yfirmenn voru um borð í sama björgunarbátnum og nokkrir farþegar hafa fullyrt að áhöfnin hafi meinað öðrum að fara um borð í þennan bát en yfirmönnum skipsins.

Grunur vaknaði um að hann hafi verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna þegar skipið strandaði. Hann féllst þó fúslega á að gangast undir blóðprufu til að afsanna það.

Hann hefur áður siglt þessu skipi mjög nálægt eyjunni Giglio og segir að leiðin hafi verið fyrirfram ákveðin. Í ágúst síðastliðnum sigldi hann skipinu enn nær en í þessari síðustu ferð.

Yfirvöld á Ítalíu nafngreindu í gær átta þeirra sem fórust, en þrjú lík í viðbót höfðu ekki verið nafngreind. Alls er 21 manns enn saknað. gudsteinn@frettabladid.is



**FRANCESCO SCHETTINO** Skipstjórinn umdeildi í lögreglufylgd á laugardaginn var. Hann var látinn laus úr varðhaldi á þriðjudag en er enn í stofufangelsi á heimili sínu. NORDICPHOTOS/AFP

ORKUSJÓÐUR

Auglýsir rannsóknarstyrki 2012

Í 2. grein reglugerðar um Orkusjóð nr. 514/2003 eru tilgreindar eftirtaldar heimildir til styrkveitinga úr Orkusjóði:

- að veita styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerðar tækja og búnaðar til rannsóknar og nýtingar orkulinda
- að veita styrki til sérstakra verkefna á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þ.m.t. til fræðslu og upplýsingastarfsemi
- að veita styrki til verkefna sem stuðla að nýtingu á innlendri orku í stað jarðefnaeldsneytis og styrkja alþjóðasamvinnu um slík verkefni

Við úthlutun styrkja 2012 verður sérstök áhersla lögð á:

- hagkvæma orkunýtingu og orkusparnað
- innlenda orkugjafa
- vistvænt eldsneyti og sparnað jarðefnaeldsneytis
- öflun þekkingar á þessum sviðum og miðlun hennar
- rannsóknir, þróun og samstarf sem að þessu miðar
- atvinnusköpun

Umsóknarfrestur er til 1. mars 2012

Umsóknum skal skila til Orkusjóðs, Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu sjóðsins og á www.os.is.

Frekari upplýsingar eru veittar í símum 569 6083 og 894 4280. Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið jbj@os.is.

ORKURÁÐ



**ÞÁ ERU EFTIR FJÓRIR** Þeir Rick Santorum, Mitt Romney, Newt Gingrich og Ron Paul í sjónvarpskappræðum á mánudagskvöld. NORDICPHOTOS/AFP

Ný talning sýnir að Romney og Santorum voru jafnir:

## Rick Perry hættir og styður Newt Gingrich

**BANDARÍKIN** Rick Perry, ríkisstjóri í Texas, sækist ekki lengur eftir því að verða forsetaefni Repúblikanaflokksins í kosningunum í haust. Hann skýrði frá ákvörðun sinni í gær.

Jafnframt lýsti hann yfir stuðningi sínum við framboð Newts Gingrich, fyrrverandi forseta fulltrúadeildar Bandaríkjaþings. Gingrich hefur verið að sækja í sig veðrið síðustu daga, og fékk meðal annars stuðningsyfirlýsingu frá Söruh Palin, fyrrverandi varaforsetaefni flokksins.

Mitt Romney, fyrrverandi ríkisstjóri í Massachusettes, sem hefur tekið forystu í forkosningum flokksins, reyndist hins vegar, þegar endurtalningu var lokið, hafa heldur færri atkvæði en Rick Santorum, fyrrverandi öldungadeildarþingmaður, í forkosningunum í Iowa, sem haldnar voru 3. janúar. Hvorugur þeirra var þó formlega lýstur sigurvegari, því nokkur atkvæði eru enn týnd og því óljóst um endanlegar tölur.

Fjórði frambjóðandinn, fulltrúadeildarþingmaðurinn Ron Paul, gerði hlé á kosningabaráttu sinni á miðvikudag til að greiða atkvæði á þingi í Washington gegn því að skuldaþak Bandaríkjanna verði hækkað.

Á morgun verða svo forkosningar í Suður-Karólínu, þær þriðju í röð forkosninga Repúblikanaflokksins þetta árið. - gb

# ÚTSALA




NÚNA ER LESTRARVEÐUR...

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

föstudagur **Föstudagsviðtalið** Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar

# Við kunnum ekki að tala saman

Skýra þarf reglur markaðarins og færa ábyrgðina frá ríkisvaldinu að mati **Árna Páls Árnasonar**. Hann telur mikið skorta á samræðuhefð í stjórnmálum og þar sé Samfylkingin ekki undanskilin. Hann vill breyta því en segir ráðherrametnaði sínum fullsvalað. Árni segir ***Kolbeini Óttarssyni Proppé*** frá því að hann telji ekki unnið úr hruninu og vill skoða stofnun sannleiksnefndar.

Um áramótin hætti Árni Páll Árnason sem efnahags- og viðskiptaráðherra. Brotthvarf hans var ekki óumdeilt, síður en svo, en um það var tilkynnt á átakasömum flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar. Árni Páll segir formann flokksins hafa umboð til þess að skipa í ráðherraliðið og hann hafi engan ágreining gert um það.

„Ég á enga kröfu til að vera ráðherra umfram aðra. Ég gerði athugasemdir við að efnahagsráðuneytið færi úr höndum Samfylkingarinnar, vegna þeirra verkefna sem þar voru í vinnslu og voru flokknum afar mikilvæg. Auðvitað er núverandi ráðherra einnig með aðrar áherslur, til dæmis gagnvart aðild að Evrópusambandinu, skjóta upptöku evru og erlendar fjárfestingar, heldur en voru í minni tíð. Þetta er spurning um þau pólitísku áhrif sem þessi tilfærsla hefur út frá hagsmunum flokksins en kemur minni persónu í sjálfu sér ekkert við.“



**ÓBREYTTUR ÞINGMAÐUR** Árni Páll Árnason vill beina kröftum sínum að því að tengja stjórnmál samfélaginu á nýjan leik. Hann telur að tryggja verði að Samfylkingin verði áfram flokkur fólks með ólíka hagsmuni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Málefni frekar en persónur

Ríkisstjórnin hefur haft ærin verkefni varðandi landsstjórnina, en einnig við það að halda stuðningsliðinu saman. Árni segir vont þegar kvarnist úr stjórnarliðinu.

„Vissulega er það áhyggjuefni. Ég hef hins vegar alltaf varað við því að menn ætli sér að búa til einsleita hjörð í stjórnarsamstarfinu. Ég hef varað sterklega við því að menn persónugeri togstreitu um Evrópumál eða fiskveiðistjórn í Jóni Bjarnasyni, svo dæmi sé tekið, og ætli sér síðan að leysa efnislegan ágreining með því að hann fari úr ríkisstjórn.

Ég hef aldrei orðið var við annað en að Jón tali fyrir ákveðinn hóp í Vinstri grænum og þeim hópi verður auðvitað að sýna virðingu. Það er einfaldlega þannig að annaðhvort þurfum við að semja við þann hóp eða vinna með einhverjum öðrum. Það er ekki hægt að halda að sá hópur hverfi við það eitt að fulltrúi hans hverfi úr ríkisstjórn, því þá þurfa bara einhverjir aðrir að tala fyrir hópinn. Það leiðir af lýðræðinu,“ segir Árni og bendir á að Steingrímur J. Sigfússon sé nú farinn að tala fyrir þennan hóp, til dæmis í viðtali í Bændablaðinu.

„Það er ágreiningur á milli flokkanna um Evrópu og ýmis önnur mál og það þarf þá bara að horfa á hann, en ekki fólkið, og finna honum farveg.

Kannski höfum við gert of lítið af því að finna þennan farveg gegnum opna umræðu og verið með of mikið af fyrirfram gefnum niðurstöðum.“

### Meira meirihlutaræði

Árni telur að stjórnmálamenn hafi ekki lært nægilega af hruninu og breyta þurfi starfsháttum í stjórnmálum.

„Við bjuggum áður við mjög harkalegt meirihlutaræði á Íslandi, öfugt við hin Norðurlöndin. Menn lögðu mikið upp úr því að keyra ákvarðanir í gegn með stuðningi meirihluta og í stríði við minnihluta. Við höfum ekki snúið baki við þeim vinnubrögðum. Þvert á móti gætir þess að það sé meiri hugmyndafræðileg réttlæting fyrir meirihlutaræði, vegna þess að þeir sem eru í minnihluta séu með einhverjum hætti vont fólk eða eitthvað slíkt. Það er búið að búa til hugmyndafræðilega flokkun.“

En er Árni ekki með því að gagnrýna stjórnarmeirihlutann?

„Okkur hefur ekki tekist að innleiða ný vinnubrögð. Við vinnum algjörlega eftir hinni gömlu formúlu að meirihlutinn upplifir sig sem meirihluta og ekki sé lagt upp með þverpólitíska samvinnu, líkt og á Norðurlöndunum. Við tölum um norræna velferðarstjórn, og mér hefur þótt vænt um þá hugsun, en í norrænni velferðarstjórn verður auðvitað að felast samræðuhefð og norræn verðmætasköpun til að standa undir velferðinni. Það gleymist oft.“

### Ekki í tengslum við fólkið

Á hinum Norðurlöndunum er sjálfstætt markmið að taka ekki ákvarðanir með naumum meirihluta, að sögn Árna. Vantrú fólks á stjórnmálum megi að verulegu leyti skýra með því að ekki hafi tekist að breyta vinnubrögðum.

„Ég held að fólk upplifi að verulegu leyti stjórnmál sem baráttu úr tengslum við veruleika fólks í landinu. Auðvitað hafa orðið mikil hugmyndafræðileg átök í kjölfar hrunsins, en við verðum með einhverjum hætti að ljúka þeim.

Það er til viðskiptaráð á öllum Norðurlöndunum og verkalýðshreyfing, en ríkisstjórnir undir forystu jafnaðarmanna eru ekki að kallast á við þessa aðila í fjölmiðlum. Menn vinna sig saman til niðurstöðu. Ef við viljum halda í höndina á viðskiptalífinu þá verðum við líka að eiga einlægt samtal við það. Ef við kjósum að skattyrðast við það fer það einfaldlega fram með sínum hætti, án tillits til þess sem við viljum.

Stóra framlag jafnaðarmanna á Norðurlöndunum til samfélagsþróunarinnar er samtalið. Þar eigum við Íslendingar langt í land. Að skapa traustan og málefnalegan grundvöll undir ákvarðanir og taka þær á efnislegum og lýðræðislegum grunni.“

### Tengja stjórnmál samfélagi

Árni Páll telur umhugsunarefni að allt að 70 prósent aðspurðra í könnunum telji sig ekki eiga samleið með neinum stjórnmálaflokkum. Það sé verkefni stjórnmálamanna að tengja stjórnmálin og samfélagið aftur saman.

„Ég held að þar skipti máli að ná tengingu við raunveruleg áhyggjuefni fólks. Ég nálgast þetta auðvitað út frá mínum flokki. Samfylkingin var sett á fót til að vera heimili fyrir fólk með fjölbreyttar skoðanir, þar sem við næðum niðurstöðu með samræðum.

Kvennalistinn gagnrýndi vinstri flokkana á sínum tíma fyrir það sem nefnt var skilgreiningardauði – allt var skilgreint til dauðs og flokkað í æskilegar og óæskilegar skoðanir. Sú aðferðafræði á ekki heima í Samfylkingunni og er einungis til þess fallin að auka enn á tilfinningu fólks um að við séum að tala um eitthvað allt annað en það hafi áhuga á og skiptir það máli í sínu daglega lífi.“

Árni Páll bendir á að helmingur þjóðarinnar sé undir 34 ára aldri. Þeir hugmyndafræðilegu merkimiðar sem japlað sé á daginn út og inn hafi litla tengingu við daglegan veruleika þess fólks. Hann kallar eftir því að málflutningur Samfylkingarinnar endurspegli þá staðreynd. Hefur flokksforystan þá ekki staðið sig sem skyldi?

„Ég er bara að tala um stöðu flokksins eins og hún er. Við þurfum að tileinka okkur ný vinnubrögð. Við höfum í of miklum mæli tileinkað okkur átakasókn, svo sem í Icesave,“ segir Árni og vísar þar sérstaklega í Icesavemálið. „Við þurfum að læra af þessu. Jafnaðarmannaflokkur getur ekki nálgast landsstjórnina á sömu forsendum og valdagírugur hagsmunagæsluflokkur. Hann verður að nálgast hana öðruvísi.“

Sem þér finnst hafa skort?

„Já. Ég held að við höfum ekki tileinkað okkur nægilega vel samtal, en það verðum við að gera.“

### Skýrar markaðsreglur

Gylfi Þ. Gíslason sagði eitt sinn að markaðurinn væri þarfur þjónn en afleitur herra. Þetta segir Árni Páll eiga vel við í dag. Íslendingar séu þó skammt á veg komnir hvað það varðar. Setja þurfi markaðnum skýrar og gagnsæjar reglur. Ábyrgðin eigi síðan að vera hans, en ekki alltaf ríkisins.

„Hér erum við bundin af því, sama hvort það eru brjóstapúðar eða iðnaðarsalt, að umræðan snýst í örskamman tíma um ábyrgð markaðsaðila en flyst svo strax á ríkið. Við ríkisvæðum ábyrgðina strax í huga okkar.“

Árni vill ýta undir ábyrga markaðshegðun. Hann veltir því upp hvort hægt væri, svo dæmi sé tekið, að taka upp ábyrgðartryggingu vegna vangoldinna launa, frekar en Ábyrgðasjóð launa sem öll fyrirtæki greiða jafnt í. Fyrirtæki sem hefðu verið lengi í rekstri greiddu þannig lægra iðgjald en ný fyrirtæki sem rekin eru undir forystu manna sem hefðu keypt þau úr öðrum rekstri sem hefði verið látinn fara í þrot. Þannig yrðu hömlur settar á kennitöluflakk.

„Regluverkið þarf að vera skýrt og það verða að vera innbyggð viðurlög við rangri hegðun sem eru sjálfvirk. Þetta má ekki vera þannig að það þurfi að koma réttþenkjandi ráðherra með reglustiku og lemja menn í hausinn. Óábyrg hegðun þarf að vera dýrari en ábyrg hegðun og allir hvatar rétt hugsaðir hvað það varðar.“

### Opin sannleiksnefnd

Árni Páll telur þjóðina stadda á tímamótum og næsta verkefni sé úrvinnsla hrunsins. Það eigi við um stjórnmálin sem samfélagið í heild sinni. Þjóðin skuldi sjálfri sér að gera málið betur upp.

„Ég hef frá því í október 2008 talað fyrir opnum nefndarfundum til að rannsaka málið og ég var þeirrar skoðunar að það hafi verið mikil mistök að loka vitnaleiðslur um málið inni í nefnd. Það hefði verið mun æskilegra ef við hefðum sem þjóð fengið að sjá vitnisburð lykilaðila og mynda okkur sjálfstæða skoðun á honum.

Ég held að við ættum að hugsa það af alvöru núna að setja á fót sannleiksnefnd. Ég held að við hefðum gott af slíkri umræðu og það er ekki slæmt að smá tími hafi liðið. Umræðan verður þá kannski minna í formi hugmyndafræðilegs uppgjörs, sem svona umræða má aldrei vera, og meira í formi efnislegrar umfjöllunar um málið, þar sem líka er tekið mið af alþjóðlegu samhengi.“

## Ráðherrametnaði mínum svalað

Árni Páll er gagnrýninn á stjórnmálin, bæði almennt og í eigin flokki. En er hann að bjóðast til að leiða Samfylkinguna í átt til nýrra vinnubragða?

„Það er svo skrýtið með þessa hugsun um að leiða. Þessi lífsreynsla að verða ráðherra á þessum tíma er ansi sérstök. Að bera ábyrgð á velferðarmálum, atvinnuleysi og niðurskurði á þessu viðkvæma sviði var auðvitað mikil reynsla fyrir jafnaðarmann. Næsta verkefnið, uppbygging hagstjórnar og endurreisn fjármálamarkaðarins reyndi líka á, en með öðrum hætti. Þetta var mikil ábyrgð og maður horfir öðruvísi á hlutina á eftir. Metnaði mínum til að verða ráðherra er til að mynda fullsvalað í bili og ég er alveg rór yfir þeim málum.“

Árni Páll vill setja alla sína orku í að vinna að því að stjórnmálin tali aftur við fólk. „Samfylkingin má ekki verða lítill flokkur sem talar fyrir þröngan hóp og einsleita hagsmuni. Hún á áfram að vera það torg hugmynda og breiðfylking félagslegs réttlætis, sem henni var ætlað að vera. Íslendingar eru upp til hópa jafnaðarmenn – vilja félagslegt réttlæti, öryggi, jöfn tækifæri og frelsi til athafna. Markmiðið með Samfylkingunni var að fylkja öllu þessu fólki saman og hámarka áhrif þessarar hugmyndafræði. Þetta finnst mér merkilegasta verkefnið og það freistar mín að eyða orku minni í það.“

Upledger á Íslandi

Hlíðarási 5, 270 Mofellsbær
s. 8630610 erla@upledger.is
www.upledger.is

**Nám í höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð hjá Upledger á Íslandi hefst 14. apríl 2012**

**Námið er kennt í önnum og eru fimm annir til að klára námið og geta orðið skráður græðari. Kennt er um helgar.**

Á fyrstu önn, sem er 1.áfangi í Upledger höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferðar náminu, eru kennd grunnatriði meðferðarinnar. Þau eru sett upp í 10 þrepa kerfi, sem sérstaklega er hannað og hugsað til að þjálfa færni og næmni meðferðaraðilans en hefur einnig þann kost að meðferðarþiggjandi er að fá frábæra meðhöndlun á öllum líkama.

Kennt á íslensku og er kennari Erla Ólafsdóttir sjúkraþjálfari, CST.
Önnin kostar 120.000 krónur.- Ítarleg vinnubók er innifalin í þátttökugjaldinu.

Nánari upplýsingar um námið og skráning í síma **8630610** eða erla@upledger.is. www.upledger.is

Erla Ólafsdóttir CST sjúkraþjálfari

LÍV Landssamband íslenzkra verzlunarmanna

# Yfirlýsing

## *Orð skulu standa*

- Stjórn Landssambands íslenzkra verzlunarmanna lýsir sárum vonbrigðum með að ríkisstjórn Íslands hafi ekki staðið við þau fyrirheit, sem gefin voru með yfirlýsingu hennar við gerð kjarasamninga hinn 5. maí 2011. Vill stjórnin benda sérstaklega á að sú aðför sem gerð er að almennu lífeyrissjóðunum gengur þvert á gefin fyrirheit um jöfnun lífeyrisréttinda á íslenskum vinnumarkaði, sem ríkisstjórnin lofaði að hafist yrði handa um. Þá mun það lengi í minnum haft að ríkisstjórn, sem kennir sig við norræna velferð, skuli svíkja gefin loforð um þá hækkun atvinnuleysisbóta og aðrar hækkanir almannatrygginga, sem um var samið.

- Þrátt fyrir svikin loforð ríkisstjórnarinnar telur stjórn Landssambands íslenzkra verzlunarmanna ekki tímabært að segja upp núgildandi kjarasamningi. Byggir sú afstaða stjórnarinnar á því að í honum felast verðmæti fyrir verslunar- og skrifstofufólk sem m.a. munu koma til framkvæmda 1. febrúar næstkomandi.

- Stjórn LÍV krefst þess af stjórnvöldum og atvinnurekendum að ráðist verði í fjárfestingar sem skili fólkinu í landinu fleiri störfum til framtíðar. Að nýta ekki þau tækifæri sem nú þegar eru til staðar til atvinnuuppbyggingar gerir ekkert annað en að viðhalda þeirri óvissu sem nú ríkir. Fólkið í landinu mun ekki láta sitt eftir liggja, standi ríkisvaldið og atvinnurekendur við sitt!

***Reykjavík 19. janúar 2012***




**Finndu ljósmynd frá uppáhaldsborginni þinni**
Finndu eina mynd úr myndasafninu þínu, farðu inn á www.icelandair.is/ferdaminning og sendu mynd með sögu. Þú gætir verið á leið til uppáhaldsborgarinnar þinnar í boði Icelandair.




ICELANDAIR

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Alþingi greiðir atkvæði um landsdómsákæru:

## Réttlætismál

Alþingi greiðir væntanlega atkvæði í dag um tillögu Bjarna Benediktssonar um að þingið afturkalli málshöfðun á hendur Geir H. Haarde fyrrverandi forsætisráðherra fyrir Landsdómi.

Málsmetandi lögfræðingar hafa fært fyrir því sannfærandi rök að það sé í valdi þingsins að afturkalla ákæruna, enda fari það með ákæruvaldið í málinu.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Það hefur orðið ljósara eftir því sem liðið hefur á málareksturinn fyrir Landsdómi hversu ógæfulegur hann er. Málið ber allt keim af pólitískum réttarhöldum og réttinda sakborningsins hefur ekki verið gætt sem skyldi, enda eru lögin um Landsdóm gömul og hafa ekki tekið breytingum til samræmis við réttarþróun í meðferð sakamála.

Hér kemur ýmislegt til; í fyrsta lagi hvernig að ákærunni var staðið, þegar lítill hópur þingmanna Samfylkingarinnar réði því að fyrrverandi forystumaður annars flokks var ákærður en þeirra eigin flokksmönnum hlíft. Í öðru lagi gerði þingnefndin sem gerði tillögu um ákæruna aldrei neina sjálfstæða rannsókn á málinu og ræddi aldrei við hugsanlegan sakborning eins og telst þó sjálfsögð regla í réttarríki. Í þriðja lagi fer saksóknarinn fram með öðrum hætti en í öðrum sakamálum, meðal annars með almannatengslastarfsemi á vefnum, sem engin fordæmi eru fyrir. Í fjórða lagi breytti Alþingi lögunum um Landsdóm eftir að ákveðið var að ákæra og framlengdi skipunartíma dómaranna.

Þessi atriði voru rakin í pistli hér á þessum stað síðastliðið sumar og bent á að þingmenn VG, sem hefðu verið talsmenn þess að réttarkerfinu væri ekki misbeitt í pólitískum tilgangi, stæðu nú að því að „þverbrjóta ýmsar reglur réttarríkisins til að koma höggi á einn mann, sem draga á til ábyrgðar fyrir heilt stjórnkerfi sem ekki réði við hlutverk sitt“. Því var hnýtt aftan við að hætt væri við að dómur sögunnar um þessa þingmenn yrði annar en þeir hefðu kosið.

Einn þingmannanna, Ögmundur Jónasson, svaraði um hæl með nokkrum þjósti í grein í Fréttablaðinu og taldi ritstjóra blaðsins þurfa að rökstyðja betur þessar „grafalvarlegu ásakanir“. Á síðustu dögum hefur Ögmundur hins vegar snúið við blaðinu og telur sig og aðra sem greiddu atkvæði með að ákæra Geir hafa gert mistök. Atkvæðagreiðslan um ákærurnar hafi tekið á sig „afskræmda flokkspólitíska mynd“ og réttarhöldin verði „sýndaruppgjör“. „Réttarríki rís aldrei undir nafni, nema lög og réttlæti fari saman,“ sagði Ögmundur í grein í Morgunblaðinu og hafði þar rétt fyrir sér. Fleiri þingmenn hljóta að hafa skipt um skoðun á þessu máli – og hafa áhyggjur af dómi sögunnar eins og Ögmundur.

Þetta mál snýst nefnilega um réttlæti og þannig á að nálgast það. Það er algjörlega fráleitt að halda því fram að það snúist um ríkisstjórnarsamstarfið eða að þessi flokkurinn eða hinn hafi sitt fram á kostnað annarra. Það snýst um að ekki verði brotin mannréttindi með gallaðri málsmeðferð og að einn maður verði ekki látinn svara til saka fyrir kerfi sem brást.

Leiðin til uppgjörs við þátt stjórnmálamanna í hruninu liggur í því að fylgja fast eftir þeirri áætlun um umbætur á lögum, stjórnsýslu og siðferði sem þingmannanefndin margumrædda lagði fram og þingið samþykkti. Ef Landsdómsmálið er úr sögunni beinist athyglin með réttu aftur að framgangi þeirra mála.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Issn 1670-3871

www.optima.is

Sjóðsvélar



Optima kynnir

SAM4S sjóðsvélar

Afar vandaðar sjóðsvélar, einfaldar í notkun.

Kynningarverð kr. 43.990.-

STOFNAÐ 1953

OPTIMA

Optíma er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gangsetjum hjólin

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra lá einu sinni sem oftar undir ámæli á Alþingi í gær. Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, ásakaði ríkisstjórnina um að standa sig slælega í atvinnumálum og spurði hvenær ætti nú að koma fram með alvöru atvinnustefnu og glæða efnahag þjóðarinnar. Jóhanna taldi sig vera að vinna að því á fullu, hún væri vakin og sofin yfir því, ásamt ríkisstjórninni, að koma hjólum atvinnulífsins í gang. Þetta er áhugaverð líking. Nú er spurning hvernig hjól það eru sem ríkisstjórnin reynir að gangsetja, eru hágæða Harley Davidson eða kannski vespur atvinnulífsins?



### Sjö ráðherranefndir

Í svari forsætisráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar, þingmanns Framsóknarflokksins, má sjá að starfandi eru sjö ráðherranefndir um eftirfarandi efni: Evrópumál, jafnréttismál, efnahagsmál, ríkisfjármál, atvinnumál, endurskoðun laga um stjórn fiskveiða og stjórnkerfisbætur. Þetta er athyglisverður listi og ber að þakka fyrir fyrirspurnina.



### Valdataka á Alþingi

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, er ósáttur við hvernig haldið er á málefnum um stjórnarskrá. Hann hefur nokkuð til síns máls þar sem málið hefur ekki verið rætt efnislega á þingi, en rætt er um að kjósa um það í sumar. Bjarni átaldi meirihlutann fyrir að hafa breytt stjórnlagaþingi í stjórnlagaráð og ætla síðan að halda þjóðaratkvæðagreiðslu og sagði hann meirihlutann hafa tekið völdin. Það er nú einmitt það sem meirihlutar gera oft, nýta sér það að vera meirihlutar.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Tækifæri til að breyta rétt

Landsdómur

Hanna Birna Kristjánsdóttir

oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn



Eins rangt og það var að hefja málsókn gegn Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, er í dag tækifæri til að gera það sem er rétt. Því miður hefur umræðan undanfarið minnst snúist um það hvað rétt og sanngjarnt sé að gera en mest um það hvort hugsanleg niðurstaða sé góð eða slæm fyrir ríkisstjórnina, tiltekna stjórnmálaflokka eða tilteknar stjórnmálaskoðanir.

### Um hvað snýst málið?

Eins og öllum er ljóst er málsóknin gegn Geir H. Haarde algjört einsdæmi. Hún er pólitísks eðlis, er í andstöðu við okkar réttarfar og felur í sér ósanngjarna aðför gegn einstaklingi, sem ekki getur einn og sér borið ábyrgð á afleiðingum efnahagshrunsins. Þess vegna var ákvörðun Alþingis á sínum tíma röng og þess vegna er svo mikilvægt að hún verði dregin til baka og skapi ekki fordæmi í íslensku samfélagi.

Líkt og svo oft áður hefur hinn pólitíski leikur þessa vikuna fengið meiri athygli en málið sjálft. Þannig höfum við fylgst með hörðum átökum milli stjórnmálaflokka, innan stjórnmálaflokka og flóknum kenningum um það hvað atkvæðagreiðslan um frávísunina feli raunverulega í sér. Þetta hefur flækt málið, sem í grunninn snýst ekki um ríkisstjórnina, einstaka stjórnmálaflokka eða stjórnmálaskoðanir, heldur um það eitt að gera rétt gagnvart einstaklingi sem hefur verið órétti beittur.

### Kosningar eru pólitískt uppgjör

Traust almennings til stjórnmála er í sögulegu lágmarki. Stjórnmálamenn verða að horfast í augu við þá staðreynd, endurskoða áherslur, breyta vinnubrögðum og færa valdið nær fólkinu.

Aðeins þannig endurvinnum við traust, nýtum lærdóminn af hruninu og eflum lýðræðið. Enginn stjórnmálaflokkur, ekki heldur sá sem ég tilheyri, getur vikið sér undan slíkri skoðun. Hún er óumflýjanleg og mun hafa mikil áhrif á val fólks og niðurstöður kosninga, þar sem uppgjör almennings við stjórnmálin fer fram.

Stjórnmálin geta ekki og mega ekki víkja sér undan þeim dómi eða færa það vald annað. Hið pólitíska uppgjör er hjá þjóðinni allri á kjördag. Hvorki Alþingi né einstakir stjórnmálamenn geta krafist þess að uppgjörið fari fram annars staðar, síst af öllu í lokuðum dómsölum með málsókn gegn einum manni. Það er einfaldlega rangt og því hvet ég þingmenn allra flokka til að nýta daginn til að breyta rétt.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Frelsi til að vera til

Í DAG



Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Það berast ekki allt of margar fréttir af þinginu þessa dagana þar sem aukið er á svigrúm fólks til leita hamingjunnar og ráða sér sjálft. En það er sjálfsagt að hrósa þingmönnum þegar það gerist. Nýsamþykkt þingsályktunartillaga um að heimila staðgöngumæðrgöngu í velgjörðarskyni er skref í rétta átt.

Ef við gefum okkur það að allir séu fæddir frjálsir og ekki eigi að banna fólki að gera það sem ekki skaðar aðra, er erfitt að finna góð rök fyrir því að meina konum að ganga með börn fyrir aðra. Raunar sama hvort greitt sé fyrir „greiðann" eða ekki. Mótrökin í þessu máli ganga meira og minna út á það að vernda fólk fyrir sjálfu sér, af umhyggju fyrir því, auðvitað. Margir líta á staðgöngumæður sem fórnarlömb. En sé litið til þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið, t.d. dæmis rannsókna Elly Teman á staðgöngumæðrum í Ísrael og í Bandaríkjunum, virðist sú ímynd ekki vel studd.

**„En börnin?"**
En afgreiðum þetta fyrst út frá sjónarhorni barnsins. Gefum okkur það að það sé gott að vera til. Af því leiðir að öll mótrök sem byggja á vísun í réttindi barnsins eru fremur léttvæg, ef beiting þeirra á að leiða til að barnið verði aldrei til. Samfélagið hefur líka farið yfir þessa umræðu áður. Jú, það getur kannski þótt einhverjum fúlt að hafa aldrei kynnst erfðafræðilegum föður sínum, en rétturinn á að vita uppruna sinn getur varla trompað réttinn til að vera til.

**„Ósvaraðar spurningar"**
Stundum má heyra þann frasa, bæði hér, sem annars staðar þar sem reynir á endurskilgreiningu fjölskyldunnar, að „mörgum siðferðislegum spurningum sé enn ósvarað". Það má vera að einhverjir hafi ekki svarað þeim eða þori ekki að segja hvert þeirra svar sé en tæknifrjóvganir, ættleiðingar einstaklinga eða samkynhneigðra, allt þetta kallaði fram einhverjar spurningar og öllum þeim var svarað, þótt það hafi ekki endilega allir sammælst um svarið frá fyrsta degi.

Auðvitað má huga að ýmsu: „Hver er mamman? Hvað ef foreldrum snýst hugur? Hvað ef konan vill halda barninu? Á barnið rétt á að vita hver staðgöngumóðirin er?" Það er sjálfsagt að lögin taki á þessum spurningum til að spara þeim sem hafa hagsmuna að gæta óþarfa ferðir upp í Héraðsdóm. En hafi menn það til dæmis á tilfinningunni snýst hugur, þá virðist sú algengt að staðgöngumóðurinni snúist hugur, þá virðist sú tölfræði helst byggð á bandarískum sjónvarpsþáttum. Þau tilfelli virðast mjög sjaldgæf í raunveruleikanum (minna en 1/10.000 skv. Dr. Elly Teman, svo eitthvað sé nefnt).

**Ekki í illgjörðarskyni?**
Gert er ráð fyrir að staðgöngumeðganga verði einungis leyfð í velgjörðarskyni, en ekki gegn greiðslu. Það mætti raunar alveg sjá hina hliðina á þessu máli. Í Ísrael, þar sem staðgöngumeðganga hefur verið leyfð í á annan áratug, má staðgöngumóðirin hvorki vera skyld fjölskyldunni sem á að fá barnið né leggja til eggfrumuna sjálf. Þetta er kannski til umhugsunar hér, í þjóðfélagi sem virðist gjarnt á að telja að sumar athafnir séu ásættanlegar sem greiði við vin eða fjölskyldumeðlim en orðnar hæpnar ef farið er út fyrir þann hóp og peningar bætast í spilið. Væri t.d. betra að gjafasæði kæmi alltaf frá vinum eða ættingjum?

Af sama meiði eru áhyggjur manna af því að einhverjir kynnu að sérhæfa sig í öllu því sem staðgöngumeðgöngu fylgir og jafnvel „hagnast á því". Ekki er ástæða til að amast við slíku fremur en það er ástæða til að amast við tilvist ættleiðingarstofa. Væri betra að hvert einasta par sem vildi ættleiða barn þyrfti sjálft að finna upp hjólið og hringja í munaðarleysingjahæli um heim allan? Milliliðir eru einmitt til að afla sér reynslu, létta sporin og verja fólk fyrir svikahröppum.

**Jákvætt fyrsta skref**
Þrátt fyrir að ef til vill hefðu skrefin mátt vera hugrakkari og koma fyrr, þá er engu að síður gleðilegt að þingið hafi ákveðið að leyfa staðgöngumeðgöngu á Íslandi. Þau álitamál sem upp kunna að koma yfirskyggja ekki það góða sem felst í því að nýjum einstaklingum er gert kleift að verða til.

# Nýr Landspítali: Fyrir þjóðina eða læknana?

Nýr Landspítali



Lýður Árnason
læknir

Tveir forsvarsmenn Landspítalans, Björn Zoëga og Jóhannes Gunnarsson, segja í nýbirtri grein að bygging háskólasjúkrahúss sé sparnaður á erfiðum tímum. Ennfremur að verkið þoli enga bið, að því hnígi fjárhagsleg, samfélagsleg og fagleg rök.

Augljóslega er hagræðing að hýsa stofnunina á einum stað. Sömuleiðis borðliggjandi að betra sé fyrir innlagða sjúklinga að dvelja í einmenningi. Einnig að tími starfsfólks nýtist betur á minna svæði. En að málið þoli enga bið tel ég alrangt. Bygging nýs Landspítala er risavaxið inngrip, ekki bara fjárhagslegt heldur líka samfélagslegt. Húsið útheimtir breyttar áherzlur í heilbrigðisþjónustu til framtíðar sem og gjörbreytta ímynd borgarinnar.

Hvað byggingaráform snertir hafa forvígismenn Landspítala gengið í fararbroddi ásamt stjórnmálamönnum. Á of mörgum sviðum þjóðlífsins höfum við séð svona skrúðgöngur og almenningi ætlað að húrrahrópa samsíða lúðrablæstrinum. Misvitrar ákvarðanir síðustu ára sitja í okkur flestum og því sjálfsagt að spyrja hvort þörf in á nýju háskólasjúkrahúsi sé yfir höfuð svona aðkallandi? Hvað á að gera við gömlu Landspítalabyggingarnar og Borgarspítalann? Á allt þetta húsnæði að grotna niður eða á að ráðast í viðhald og breytingar samhliða nýbyggingunum? Dugir það til að uppfæra húsin svo þau mæti þörfum núsins? Væri skynsamlegra að byggja í Fossvoginum þar sem svæðið er meira miðsvæðis auk þess sem deiliskipulag leyfir okkur að byggja upp í loftið? Er kostnaðaráætlunin raunhæf eða enn ein brellan til að koma hugðarefnum í óafturkræfan farveg? Annað eins hefur nú gerst og nægir að minna á Hörpuna sem varð næstum fimmfalt dýrari en upphaflega stóð til.

Samkvæmt ofantöldu er þetta því ekki bara spurning um staðsetningu og stærð heldur líka um raunverulega þörf. Öll þjóðin hefur fylgst með geigvænlegum niðurskurði í heilbrigðismálum og röng ákvörðun nú mun breyta samfélagsgerðinni til framtíðar. Vill fólk háskólasjúkrahús og vísindasamfélag í skiptum fyrir smærri einingar sem þjónað hafa í heimabyggð? Telur fólk stóra einingu veita betri þjónustu en þá minni? Er stór eining endilega hagkvæmari rekstrarlega en minni? Telur heilbrigðisstarfsfólk hag sínum betur borgið í stærri einingu en minni? Um þetta snýst málið í raun, forgangsröðun fjármuna og eðli heilbrigðisþjónustunnar. Við getum ekki fengið allt og verðum að velja. Það er því ótækt að forsvarsmenn Landspítala leiði umræðuna til lykta, þeirra draumur gæti reynst þjóðinni martröð og miklu betra fyrir alla, ekki sízt áðurnefnda heiðursmenn, að fara þess á leit við Alþingi að þjóðin verði spurð: Vill hún nýtt sjúkrahús eða ekki?

AF NETINU

## Sjálfbærni lífeyrissjóða

Undanfarið hefur verið mikið rætt um sjálfbærni lífeyrissjóða og þær mismunandi kröfur sem þingmenn og stjórnvöld setja lífeyrissjóðum. Þeir hafa sett lög um að allir aðrir lífeyrissjóðir en þeirra eigin verði að vera sjálfbærir, það er að iðgjöld og ávöxtun standa undir útborgun lífeyris. Ef iðgjöld og ávöxtun standi ekki undir skuldbindingum verði að skerða lífeyri. Ef iðgjöld og ávöxtun er umfram útborgun lífeyris verði að hækka lífeyri.

Benedikt Jóhannsson stærðfræðingur hefur farið nokkrum sinnum ítarlega yfir þetta í vikuriti sínu Vísbendingu í vetur og bent á hversu alvarleg staða sé að skapast í lífeyriskerfi þingmanna og ráðherra og nokkurs hóps opinberra starfsmanna. Lífeyriskerfi þessa hóps sé allnokkuð fjarri því að vera sjálfbært og hefur Benedikt sýnt fram á að skuldir þessa kerfis skipti hundruðum milljarða og fari hratt vaxandi.

http://gudmundur.eyjan.is
**Guðmundur Gunnarsson**

## Kemur þér ekki við

Yfirmenn eftirlitsstofnana á borð við Matvælastofnun og Umhverfisstofnun eru innilega sannfærðir um, að eftirlitið komi almenningi ekki við. Eftirlitið sé bara einkamál embættismanna og viðkomandi framleiðenda og innflytjenda.

Neytendur eru aðeins pupull í augum embættismanna, hvar sem er í kerfinu.

Þessu þarf að breyta. Í fyrsta lagi þarf að reka verstu dólgana úr öllum þessum stofnunum. Ekki bara segja jamm og humm á Alþingi eins og Steingrímur J. Sigfússon. Í öðru lagi þarf að taka afganginn af staffinu og hrista hann rækilega á námskeiðum í neytendavernd og upplýsingaskyldu stjórnvalda.

http://jonas.is/
**Jónas Kristjánsson**




# Lokun öldrunardeildar á Akranesi

Heilbrigðismál
Ásmundur Einar Daðason
alþingismaður



Þrátt fyrir glímuna við ríkisfjármálin lengir marga eftir forgangsröðun í þágu velferðar líkt og lofað var í aðdraganda síðustu Alþingiskosninga. Á sama tíma og fjárveitingar til margra málaflokka aukast þá eru minnkandi framlög til heilbrigðisþjónustu mikið áhyggjuefni. Síðastliðinn fimmtudag stóð Sjúkraliðafélags Íslands fyrir fundi á Akranesi vegna fyrirhugaðrar lokunar E-deildar sjúkrahússins á Akranesi. Þegar þessar tillögur voru fyrst kynntar þá óskaði ég eftir fundi með forstöðumönnum Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE) og í framhaldinu átti ég góðan fund með starfsfólki og trúnaðarmanni starfsfólks á E-deildinni. Að loknum þessum fundum setti ég mig í samband við heilsugæslulækna á starfssvæði HVE, einstaklinga og aðstandendur margra sem hafa notið góðrar þjónustu á E-deildinni.

**Mikilvægi deildarinnar og framtíðarsýn HVE**

Þeir eru ófáir sem hafa nýtt sér þjónustu E-deildar sjúkrahússins á Akranesi en á síðasta ári þjónustaði deildin 105 einstaklinga. Þarna er um að ræða aldraða einstaklinga víðs vegar af Vesturlandi sem komið hafa í endurhæfingu, hvíldarinnlagnir og skamm- og langtímainnlagnir. Endurhæfing og hvíldarinnlagnir gera einstaklingum mögulegt að búa lengur heima með lægri tilkostnaði fyrir samfélagið. Skamm- og langtímainnlagnir eru yfirleitt vegna þess að einstaklingar hafa ekki fengið vistunarmat eða bíða þess að hjúkrunarrými losni.

Í framtíðarsýn HVE fyrir árin 2011-2013, sem gefin var út 1. júní 2011, kemur fram að eitt af hlutverkum stofnunarinnar sé að sinna öldrunarþjónustu þar sem slík þjónusta sé ekki veitt af sveitarfélögum eða öðrum. Undir þessa framtíðarsýn ritar núverandi velferðarráðherra og því spyrja margir sig hvað hafi breyst á sex mánuðum. Þeir sem til þekkja segja ógerlegt að veita þessa þjónustu á öðrum deildum og þjónustuskerðing og aukinn kostnaður verði óumflýjanlegur.

**Er ekki ástæða til að endurskoða ákvörðunina?**

Hvernig má það vera að hægt sé að loka heilli deild og segja upp 30 manns án þess að það bitni á þjónustu? Ef málum er þannig háttað, af hverju var ekki löngu búið að loka þessari deild? Af hverju hafa læknar á starfssvæði stofnunarinnar miklar áhyggjur af stöðu mála? Af hverju segir starfsfólk sjúkrahússins ómögulegt að bæta þessum verkefnum á aðrar deildir? Hvað verður um einstaklinga sem bíða eftir því að komast að? Í framhaldi af fundinum á Akranesi þá hef ég óskað eftir sérstakri utandagskrárumræðu um þetta mál á Alþingi enda mikilvægt, ætli menn ekki að draga þessar tillögur til baka, að áhrifin liggi fyrir áður en lengra er haldið.

> Hvernig má það vera að hægt sé að loka heilli deild og segja upp 30 manns án þess að það bitni á þjónustu?

Flestum sem hafa kynnt sér þetta mál er ljóst að þrátt fyrir fögur orð þá mun ekkert koma í stað öldrunardeildar sjúkrahússins á Akranesi. Áhrifanna mun gæta á öllu Vesturlandi og til lengri tíma mun þetta líklega hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Ef einhvern tíma er mikilvægt að snúa bökum saman þá er það þegar vegið er að heilbrigðisþjónustu. Einn þingmaður eins og ég stöðvar ekki þessar breytingar og því verða allir að standa saman og sýna velferðarráðherra stuðning í því að endurskoða ákvörðun um lokun öldrunardeildar á Akranesi.




# Um ærleika og samstöðu

Landsdómur
Alp Mehmet
sendiherra Bretlands á Íslandi 2004-2008



Þann 7. júlí árið 2005 áttu sér stað í London verstu hryðjuverkaárásir sem gerðar hafa verið á Bretlandseyjum. Fjórar samstilltar sprengingar urðu 52 saklausum borgurum að bana og skildu meira en 700 eftir sára. Árásarmennirnir fjórir fórust um leið. Þeir fórust í eldhafinu sem þeir tendruðu sjálfir af ráðnum hug. Umfang árásarinnar vakti ugg með okkur öllum. Mér virtist á þessum tíma sem Íslendingum væri ekki síður brugðið en samlöndum mínum og var ég eindregið hvattur til þess að opna minningabók svo þeir gætu vottað samúð sína og samstöðu. Fjöldi þeirra sem kom til þess að rita nafn sitt í bókina kom mér í opna skjöldu og snart mig. Mér mun aldrei líða úr minni sú mikla umhyggja og stuðningur sem íslenska þjóðin sýndi á þessum dimmu dögum í sögu Bretlands.

Ástæða þess að ég rita þessi orð nú er sú að þau sem urðu fyrst til að skrá nöfn sín í minningarbókina voru Geir Haarde, þáverandi fjármálaráðherra, og Inga Jóna Þórðardóttir, eiginkona hans. Ég sá í gegnum gluggann minn hvar þau komu að og ég fór út til þess að taka á móti þeim og þakka þeim fyrir að gefa sér tíma til þess að votta samúð sína. „Í dag erum við öll Lundúnabúar. Við deilum harmi ykkar og áfalli yfir því sem hefur gerst," sagði Geir.

Ég kynntist þeim Geir og Ingu Jónu vel á þeim tíma sem ég var sendiherra Bretlands á Íslandi. Fyrst þegar hann var fjármálaráðherra, síðar utanríkisráðherra og loks forsætisráðherra. Ég og eiginkona mín vinguðumst við Ingu Jónu í gegnum fjáröflunarstarf fyrir Barnaheill. Geir og Inga Jóna buðu af sér góðan þokka sem umhyggjusamir og ástríðufullir Íslendingar.

Geir lagði sig í framkróka við að þjóna hagsmunum Íslands. Þetta sannreyndi ég á fundum sem ég átti með honum, þar sem hann hitti fyrir breska embættismenn sem sóttu Ísland heim og eins á fundum sem ég kom í kring í London, þar á meðal fundi í utanríkisráðuneytinu og með forsætisráðherranum í Downingstræti 10.

Ég yfirgaf Ísland 30. júní 2008 og lét af störfum í bresku utanríkisþjónustunni tveimur mánuðum síðar. Það var því úr fjarska sem ég fylgdist með þeim atburðum sem áttu sér stað í Reykjavík í októbermánuði þetta sama ár, dapur í bragði og furðu lostinn. Ég fann til með þeim sem áttu hagsmuna að gæta í þessum hildarleik, ekki síst með þeim Íslendingum og samlöndum mínum, sem sumir hverjir horfðu fram á að ævisparnaður þeirra var í uppnámi.

Vissulega velti ég því fyrir mér hvort þeir sem voru í eldlínunni og reyndu eftir fremsta megni að hafa stjórn á atburðarásinni, væru þeir réttu til þess að hafa það verk með höndum, hvort hugsanlega væru einhverjir aðrir betur til þess fallnir. En ég komst að þeirri niðurstöðu að Íslendingar mættu hrósa happi fyrir að eiga jafn reyndan mann og greindan fyrir forsætisráðherra. Þeir hefðu ekki getað beðið um meir. Mann með tvær meistaragráður frá framúrskarandi háskólum. Mann sem hafði starfað sem hagfræðingur í Seðlabankanum. Mann með víðtæka reynslu sem ráðherra, sem stýrði efnahagsmálum þegar þau voru óumdeilanlega í góðu horfi, sem var utanríkisráðherra um skeið og bar því skynbragð á milliríkjasamskipti. Umfram allt var ég sannfærður um að lánsemi Íslendinga fælist í því að þar færi ekki aðeins maður með rétta þekkingu, heldur líka maður sem sannarlega léti einskis ófreistað til þess að tryggja að hagsmunum þjóðar sinnar yrði sem best borgið. Ég gat ekki ímyndað mér þann mann sem hefði farið öðruvísi að eða gert betur.

Það er ekki við hæfi að utanaðkomandi vefengi ákvarðanir Alþingis Íslendinga sem lúta að öðrum Íslendingum, enda vakir það ekki fyrir mér hér. Ég þekki til margra alþingismanna og ég tel þá vera heiðvirða og velviljaða Íslendinga sem unna þjóð sinni. En ég þekki Geir Haarde líka af þeirri sömu heiðursmennsku og föðurlandsást. Þess vegna fæ ég ekki skilið hvers vegna honum er nú vísað til sætis á sakamannabekk.

> Geir lagði sig í framkróka við að þjóna hagsmunum Íslands. Þetta sannreyndi ég á fundum sem ég átti með honum…

Ég hef borið gæfu til þess að kynnast Íslandi og Íslendingum nokkuð. En mig hefði aldrei órað fyrir því að sú staða sem nú blasir við gæti nokkurn tíma komið upp. Ég er þess líka fullviss að hefði ég fyrir fimm eða sex árum síðan (og það ovu, vel að merkja, líka blikur á lofti árið 2006) spurt einhvern alþingismann um það hver viðbrögðin yrðu ef svo ólíklega færi að bankakerfið legðist á hliðina í einni svipan, þá hefði enginn þeirra svarað því til að forsætisráðherrann yrði ákærður og dreginn fyrir dóm. Þvert á móti tel ég líklegra að viðkomandi hefði minnt mig á það að þegar syrti í álinn hefðu Íslendingar ævinlega grafið stríðsöxina og af samtakamætti róið að því öllum árum að komast út úr öldudalnum.

Aðdáun mín og virðing fyrir Íslendingum er djúp. Fyrir þeirra hönd vona ég sannarlega að landið muni senn skipa sinn fyrri sess samlyndis og velmegunar, að þeir megi horfa sameinaðir fram á veginn en ekki aftur til fortíðar. Og ég efast ekki um að Geir Haarde ber þá sömu von í brjósti.

# Þjóðkirkja á nýju ári

Trúmál
Sr. Þórhallur Heimisson
sóknarprestur



Um áramót er góður siður að stíga á stokk og strengja ný heit, en um leið að líta yfir farinn veg.

Árið 2012 var á margan hátt Þjóðkirkjunni erfitt. Og reyndar undanfarnir hátt í tveir áratugir sé allt talið með. Hún hefur verið eins og skip í stormi sem þarf að þola hverja ágjöfina á fætur annarri. Margir kusu að yfirgefa kirkjuna og gagnrýni á hana hefur farið vaxandi.

Harðast hefur kirkjan verið gagnrýnd fyrir hvernig hún tók á ásökunum er tengjast Ólafi Skúlasyni biskupi heitnum. Þótti Þjóðkirkjan bregðast sem stofnun er vill vera skjöldur og skjól hinna minni máttar og þeirra er þurfa að sæta ofbeldi. Margir áttu líka erfitt með að taka því þegjandi hversu treg Þjóðkirkjan var að samþykkja jafnræði hjónavígslu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra.

Enn aðrir hafa gagnrýnt Þjóðkirkjuna fyrir skort á lýðræði. Og traustið til hennar hefur minnkað ár frá ári. Þannig mætti lengi telja. Ýmislegt hefur þó verið vel gert sem ekki má gleymast.

Þjóðkirkjan tók af skarið og samþykkti ný lög sem leggja að jöfnu hjónavígslu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra. Enda hefur margt Þjóðkirkjufólk barist fyrir þeim sjálfsögðu mannréttindum um árabil.

Og Fagráð Þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota hefur brugðist rétt og vel við þeim erfiðu málum sem upp hafa komið og skapað farveg til úrlausnar og eftirvinnslu. Vinna Fagráðsins mun án efa skila sér til framtíðar í bættum starfsháttum innan Þjóðkirkjunnar í málum er tengjast kynferðisbrotum. Þjóðkirkjan vill vera öruggur staður. Alltaf. Fyrir alla.

Nú er nýtt ár að runnið upp, árið 2012. Á margan hátt getur það ár orðið ár endurnýjunar og sátta fyrir Þjóðkirkjuna. Á árinu verður kjörinn nýr vígslubiskup á Hólum og nýr biskup Íslands. Nú verður í fyrsta sinn kosið samkvæmt nýjum lögum sem samþykkt voru á síðasta Kirkjuþingi, þar sem vægi leikmanna er aukið í kosningunum og fjöldi kjörmanna aukinn. Áður fengu aðeins prestar, kennarar Guðfræðideildar og örfáir fleiri að kjósa biskup. Nú kjósa, auk þeirra, djáknar, formenn sóknarnefnda um allt land og varaformenn á höfuðborgarsvæðinu. Lýðræði fer sem sagt vaxandi innan Þjóðkirkjunnar.

> Þjóðkirkjan þarf ekki á biskupum að halda sem setja sig í stellingar embættismanna…

Það verður spennandi að sjá hvaða áhrif þetta mun hafa, bæði á sjálft kjörið, en einnig á undirbúning þess og aðdraganda. Vonandi er þetta fyrsta skrefið í þá átt að auka lýðræðið í kosningum enn frekar innan Þjóðkirkjunnar, á Kirkjuþing og til embætta innan kirkjunnar.

Því skiptir miklu máli að vel takist til. Og að til embætta biskupa veljist einstaklingar sem grípi tækifærið til þess að endurreisa traustið á Þjóðkirkjunni meðal þjóðarinnar í samvinnu og samstarfi við einstaklinga og hópa bæði innan og utan Þjóðkirkjunnar.

Við þurfum reyndar öll á því að halda að traustið sé endurreist í íslensku samfélagi, en það fór fyrir lítið í kjölfar hrunsins eins og allir vita. Þjóðkirkjan þarf ekki á biskupum að halda sem setja sig í stellingar embættismanna eða ráðuneytisstjóra. Þjóðkirkjan þarf andlega leiðtoga. Og þjóðin þarf sömuleiðis andlega leiðtoga. Leiðtoga sem geta borið smyrsl á sárin. Leiðtoga sem geta sameinað.

Leiðtoga sem geta vakið bæði kirkju og þjóð von í brjósti, von og kjark og samstöðu.

Kannski verður það stærsta hlutverk nýrra biskupa Þjóðkirkjunnar árið 2012.

Að efla samstöðuna og samheldnina og endurvekja traustið. Þvert á trúarskoðanir og kirkjudeildir. Og að finna sáttarlausnir varðandi spurningar sem lengi hefur verið deilt um. Eins og samband ríkis og kirkju.

Og samvinnu Þjóðkirkju og annarra kirkjudeilda, safnaða og lífsskoðunarfélaga. Þetta gera auðvitað engir þrír einstaklingar, það er að segja, þrír biskupar. Við öll sem lifum og hrærumst innan Þjóðkirkjunnar verðum að leggja okkar af mörkum til að af slíkri endurreisn geti orðið.

En umfram allt biðjum við Guð að efla Þjóðkirkjuna á komandi árum til að verða farvegur friðar, einingar, trausts og samstöðu meðal þjóðarinnar.

Því „Ef Drottinn byggir ekki húsið erfiða smiðirnir til ónýtis". (Sálmur 127.1).

Guð gefi okkur öllum gleðilegt nýtt ár.



**IKEA 365+** matardiskur
B22×L42cm. Gegnheilt birki **1.990,-**



**FORSLA** skálar. Blátt. Steinleir
Ø13, H8cm **695,-** Ø20, H7cm **795,-**



**1.490,-**

**KLACK** bakki
L38×B58cm. Gúmmíviður

# Saman í gegnum súrt og sætt



**395,-**

**POKAL** snafsaglös
5cl, H5cm. Glært gler



**295,-/stk.**

**MJÖD** bjórkrúsir 60cl H14cm. Glært gler



**VÄNLIG** kanna
1L. Gler **495,-**



**FANTASTISK** servíettur
L24×B24cm. Ýmsir litir
**295,-/50 í pk.**



**SNITTA** steikarhnífar
L22cm. Ryðfrítt stál
**895,-/6 í pk.**



**BLANDA MATT** skál
Ø12cm. Gegnheilt birki **895,-**



**SNUDDA** snúningsdiskur
Ø39cm. Gegnheilt birki **1.290,-**



**FÄRGRIK** matarstell. Steinleir
Inniheldur: matardiska, djúpa diska og hliðardiska 6 af hverjum
**5.490,-/18 í setti**



**KNYCK** servíettustandur
B22×L22, H5cm. Svart **795,-**



**995,-/2 í setti**

**GRATINERA** ofn-/framreiðsluföt. Steinleir
1 stk. B36×L26cm og 1 stk. Ø20cm. Hvítt



**SEKIN** skál Ø28, H13cm.
Gegnheilt birki **1.190,-**

## Þorrabakki

með súrmeti eða nýmeti

**Einnig hægt að taka með heim!**



**995,-**

## Í tilefni bóndadagsins

bjóðum við öllum karlmönnum upp á eplaköku og kaffi í dag!



© Inter IKEA Systems B.V. 2011

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



65 **ÞÓRHALLUR SIGURÐSSON, LADDI,** skemmtikraftur er 65 ára í dag.

*„Jæja Hemmi minn, alltaf í boltanum?“*

## Merkisatburðir

1885 L.A. Thompson fær einkaleyfi á rússíbananum.
1937 Franklin D. Roosevelt tekur við embætti í annað sinn.
1942 Wannsee-ráðstefnan um „endanlega lausn gyðingavandamálsins“ fer fram í Berlín.
1961 John F. Kennedy er settur í embætti 35. forseta Bandaríkjanna.
1969 Fyrsta tifstjarnan er uppgötvuð, sú er í Krabba-stjörnuþokunni.
1981 Ronald W. Reagan tekur við embætti sem forseti Bandaríkjanna.
1986 Bretar og Frakkar tilkynna áætlanir um jarðgöng undir Ermarsund.
1989 George H. W. Bush tekur við embætti sem 41. forseti Bandaríkjanna.
1991 Skíðaskálinn í Hveradölum brennur og er endurreistur ári síðar.
1993 Bill Clinton tekur við embætti sem 42. forseti Bandaríkjanna.
1996 Jasser Arafat er kosinn forseti Palestínu.
2001 George W. Bush tekur við embætti sem 43. forseti Bandaríkjanna.
2008 Francis Joyon setur núverandi heimsmet í því að sigla einsamall á seglbát umhverfis jörðina eftir 57 daga siglingu og bætir fyrra met um fjórtán daga.
2009 Barack Obama tekur við embætti sem 44. forseti Bandaríkjanna.
2009 Hörð mótmæli eiga sér stað við Alþingishúsið við upphaf fyrsta þingfundar ársins. Um kvöldið er hlaðinn bálköstur á Austurvelli og Óslóartréð brennt meðal annars. Fyrsti dagur búsáhaldabyltingarinnar.

**ÞETTA GERÐIST:** 20. JANÚAR 1956

## *Vilhjálmur kosinn í fyrsta sinn af sex*



Vilhjálmur Einarsson var kosinn íþróttamaður ársins á Íslandi af íþróttafréttamönnum þennan dag árið 1956. Þetta var í fyrsta sinn sem kosið var og hlaut Vilhjálmur titilinn sex sinnum í röð.

Þetta ár hafði Vilhjálmur unnið eitt mesta íþróttaafrek Íslendings þegar hann hlaut silfurverðlaun í þrístökki á Ólympíuleikunum í Melbourne í Ástralíu.

Árangurinn var betri en nokkur þorði að vona.

Fyrir Ólympíuleikana hafði hann stokkuð lengst 15,82 metra. Hann tók fljótlega forystuna í þrístökkskeppninni með því að stökkva 16,26 metra, 43 sentimetrum lengra en hann hafði nokkurn tíma stokkið áður og var það nýtt Ólympíumet. Lengi vel leit út fyrir að hann myndi ná efsta sæti en í síðustu umferð náði Brasilíumaðurinn Da Silva að stökkva níu sentimetrum lengra, 16,35 metra.

**SVANIR:** ERU Í AÐALHLUTVERKI Á SÝNINGU LISTMÁLARANS ÖBBU

# VARÐ FYRIR OPINBERUN

Abba Þórðardóttir opnar sína fimmtu einkasýningu í Reykjavík Art Gallerý í dag. Abba starfaði lengi sem grafískur hönnuður en fyrir nokkrum árum breytti hún um kúrs.

„Ég lærði myndlist fyrir margt löngu en lauk raunar námi í grafískri hönnun úr MHÍ. Að því loknu vann ég sem grafískur hönnuður lengi. Ég ætlaði mér hins vegar alltaf að verða málari, það er bara brauðstritið sem togar svo mikið í mann. Og ég hafði mjög gaman af grafískri hönnum og þótti aldeilis ekki leiðinlegt að vinna við það starf. Fyrir nokkrum árum ákvað ég hins vegar að minnka við mig vinnu og fara að mála,“ segir Abba sem óvænt fann viðfangsefni sem hún hafði ekki leitt hugann að sérstaklega áður en hún varð fyrir hálfgerðri opinberun við strigann.

„Ég var að reyna að mála foss og gekk ekki vel. Allt einu varð fossinn að eins konar svanaveru, hálfgerðri svanameyju með útbreidda vængi. Það var svo mikil upplifun að mála þetta málverk og nánast eins og opinberun. Í kjölfarið fór ég að skoða svani og lesa mér til um svani. Ég heillaðist svo mikið af svönum að ég hef málað ótal svani síðan og er enn að.“

Abba segir afar áhugavert að lesa um svani, þeir leiki stórt hlutverk í goðsögum víða um heim. „Svanurinn er mikill örlagafugl sem getur flakkað á milli heima, hann er nánast eins og hlekkurinn á milli lifenda og dauðra. Það er mikil mystík í kringum svani en hún er öll fögur. Svanir eru tákn fyrir ljós, það eru líka fjölmargar sagnir um hamskipti tengdar svönum, til að mynda brugðu valkyrjur sér í svanslíki til þess að sækja fallna hermenn svo dæmi séu tekin.“

Abba segir það andlega upplifun að fást við að mála svani. „Þeir eru hlekkur milli hins andlega og veraldlega og í gegnum þá er hægt að eiga samtal við sinn innri mann – eða við allífið ef út í það er farið.“

Svanamálverk Öbbu skipta nú hundruðum og segist hún hvergi nærri hætt að fást við þá. „Ég hef verið að mála börn og er að safna í barnasýningu, en svanirnir eru enn í aðalhlutverki.“

Sýning Öbbu opnar klukkan átta og er sem fyrr segir í Reykjavík Art Gallerý Skúlagötu 30. sigridur@frettabladid.is



**ABBA ÞÓRÐARDÓTTIR** Heillaðist af svönum og hefur málað hundruð málverka þar sem þeir eru í aðalhlutverki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




†

*Ástkær eiginmaður, faðir, sonur og bróðir okkar,*

**Helgi Yngvason**
flugmaður,

lést 16. janúar sl. á heimili sínu í Seattle, Bandaríkjunum.

**Rósa Yngvason**
**Þór Elfar Helgason**
**Helgi Jr. Yngvason**
**Shanine Yngvason**
**Jaquy Yngvason**
**Jóhanna Helgadóttir frá Prestbakka**
**Árni Yngvason**
**Ragnheiður Yngvadóttir**
**Eysteinn Þ. Yngvason**
**Hulda Yngvadóttir**
**Guðmundur B. Yngvason**
**Magnús Þ. Yngvason**
**Þórdís H. Yngvadóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir minn, sonur okkar, tengdasonur, bróðir, barnabarn, mágur og vinur,*

**Óskar Páll Daníelsson**
Berjavöllum 4, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn mánudaginn 23. janúar kl. 13.00 í Hafnarfjarðarkirkju. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki björgunarsveitanna og starfsfólki á gjörgæsludeild Landspítalans. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á reikning til styrktar eiginkonu hans og dóttur: Reikn.nr. 1101-05-423036, kt. 190888-3479.

**Elísabet Anna Kolbeinsdóttir**
**Eva Viktoría**
**Herdís Hjörleifsdóttir**
**Dieter (Daníel) Meyer** — **Ingunn Ólafsdóttir**
**Guðrún Erla Gunnarsdóttir** — **Kolbeinn Sigurðsson**
**Friðrik Daníelsson** — **Matthildur Ragnarsdóttir**
**Bergsteinn Daníelsson**
**Hafdís Maggý Magnúsdóttir** — **Hjörleifur Guðbjörn Bergsteinsson**
**og aðrir aðstandendur.**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.
Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.




†

*Ástkær sonur okkar og bróðir,*

**Guðmundur Emil Oddgeirsson**

lést á Barnaspítala Hringsins þriðjudaginn 17. janúar. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 23. janúar kl. 13.00.
Sérstakar þakkir eru til starfsfólks Barnaspítala Hringsins fyrir hlýja umönnun.

**Oddgeir Guðmundsson, Sigrún Halla Ásgeirsdóttir og Emma Þórunn Oddgeirsdóttir**



†

*Yndisleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Dóra Sigmundsdóttir**
Espilundi 8, Garðabæ,

lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 19. janúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Gunnar Kristján Gunnarsson**
**Salvör Gunnarsdóttir** — **Hilmar Æ. Þórarinsson**
**Hugrún Gunnarsdóttir** — **Þráinn V. Hreggviðsson**
**Ólöf H. Gunnarsdóttir** — **Snorri Guðmundsson**
**Geir Þ. Gunnarsson** — **Ingibjörg Ágústsdóttir**
**Ragnheiður Gunnarsdóttir** — **Ólafur H. Sigurþórsson**
**og barnabörn.**



# Túlipanavöndur 15 stk

Komdu og náðu þér í fallegan túlipanavönd á

**1.699** kr.

Allur ágóði rennur óskertur til Barnaheilla.






**Kaupauki:**
Prufa af rakspíra frá Porsche eða Boss fylgir öllum 15 stk túlipanavöndum!




# BÓNDADAGUR

## er í dag







**Kaupauki:**
2 fyrir 1 í bíó fylgir öllum blómvöndum og 15 stk túlipanavöndum á nýjustu stórmynd Clint Eastwood J. Edgar.
Sambíóin Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík

**Líkamsrækt:**
Vikupassi í líkamsrækt hjá Heilsuborg fylgir öllum blómvöndum og 15 stk túlipanavöndum!
Gildir fyrir höfuðborgarsvæðið

HEILSUBORG

*Góðar gjafir fyrir bóndann í Húsasmiðjunni!*



bóndadagstilboð
**1.995**
~~3.995~~

**Verkfærasett Toolux**
43 stk.
5052772



bóndadagstilboð
**4.990**
~~6.990~~

**Kokteilhristari**
Hristir kokkteila og heilsudrykki
Gengur fyrir rafhlöðum 4xAA
Frábær á barinn eða bara heima.
1850628



bóndadagstilboð
**2.995**
~~4.995~~

**Verkfærasett Toolux**
75 stk.
5010139

**blómaval**

Skútuvogur - Grafarholt - Hafnarfjörður - Akureyri
Egilsstaðir - Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær



*Systir mín,*

**Þórhildur Benediktsdóttir**

Grænavatni í Mývatnssveit,

er dáin. Jarðarförin fer fram frá Skútustaðakirkju laugardaginn 21. janúar klukkan 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigrún Benediktsdóttir**



*Elskuleg móðir og tengdamóðir okkar,*

**Borghildur Gísladóttir**

Hraunbæ 103, Reykjavík,

andaðist mánudaginn 16. janúar síðastliðinn á Hrafnistu í Hafnarfirði. Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju mánudaginn 23. janúar kl. 13.00.

**Arnbjörn Jónsson** **Helga Karlsdóttir**
**Grétar Jónsson** **Þórdís Guðjónsdóttir**
**Sóley Jónsdóttir** **Árni Guðbjartsson**
**Þórður Jónsson** **Guðbjörg Ingólfsdóttir**
**og fjölskyldur.**



*Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru*

**Huldu Þórðardóttur**

fyrrv. bankastarfsmanns.

**Hólmsteinn Þórarinsson**
**Svana I. Þórðardóttir**
**Charlotta O. Þórðardóttir** **Úlfar Gunnar Jónsson**
**Hulda Hrönn Úlfarsdóttir** **Aðalsteinn Finsen**
**Edda Sólveig Úlfarsdóttir**
**börn og tengdafjölskyldur.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir, frænka og amma,*

**Kristín Sigríður Klemenzdóttir**

Brekku, Svarfaðardal,

lést á heimili sínu hinn 16. janúar. Útför hennar fer fram frá Dalvíkurkirkju mánudaginn 23. janúar kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heimahlynningu á Akureyri eða Krabbameinsfélagið á Akureyri.

**Gunnar Jónsson**
**Guðrún Þóra Gunnarsdóttir**
**Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir**
**Steinunn Elva Gunnarsdóttir**
**Klemenz Bjarki Gunnarsson** **Margrét Víkingsdóttir**
**Guðrún Elín Klemenzdóttir**
**Sigurður Marinósson**
**Halldór Ingi Ásgeirsson**
**Elín Inga Halldórsdóttir**
**Kristín Kolka, Þorsteinn Jakob, Úlfhildur Embla,**
**Þuríður Oddný, Gunnar Logi og Valgerður Freyja**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



**FRAMSÆKNAR LISTAKONUR** Þær Katrín Inga Jónsdóttir Hjördísardóttir og Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir hlutu í gær styrk úr Dungal listasjóði, sem hjónin Gunnar Dungal og og Þórdís Alda Sigurðardóttir hafa rekið frá árinu 1992. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Ungar listakonur hljóta styrk

Tveimur ungum listakonum, þeim Katrínu Ingu Jónsdóttur Hjördísardóttur og Jóhönnu Kristbjörgu Sigurðardóttur, var í gær veittur styrkur úr Dungal listasjóði. Sjóðurinn, sem hét áður Listasjóður Pennans, var stofnaður árið 1992 af hjónunum Gunnari B. Dungal og Þórdísi Öldu Sigurðardóttur, þáverandi eigendum Pennans hf., til minningar um foreldra Gunnars, Margréti og Baldvin P. Dungal. Sjóðnum er einkum ætlað að styrkja unga myndlistarmenn sem eru að feta sín fyrstu skref á myndlistarbrautinni.

Í fréttatilkynningu frá sjóðnum segir að þær Katrín Inga og Jóhanna Kristbjörg hafi vakið athygli fyrir framsækin verk og það sé von dómnefndar að styrkurinn verði þeim frekari hvatning. Auk peningastyrks kaupir sjóðurinn verk eftir listamennina.

Myndlist Katrínar einkennist af athöfnum, gjörningum og innsetningum þar sem hún veltir upp áleitum spurningum um listina, eðli hennar og tilgang í samfélaginu. Á nýliðnu ári hélt hún sýningar í Gallerí Klósetti, Gallerí Crymo og Gallerí Töflu. Hún hefur einnig tekið þátt í fjölda samsýninga og margs konar listviðburðum hér á landi og erlendis frá árinu 2008. Hún stofnaði ásamt nokkrum listfræðinemendum Artíma Gallerí. Hún situr í stjórn Sequences, er einn þátttakenda í Northern Video Art Network og er formaður Félags listfræðinema við HÍ. Hún vinnur nú að stórri einkasýningu í Nýlistasafninu ásamt ýmsum öðrum verkefnum.

Verk Jóhönnu Kristbjargar eru iðulega málverkainnsetningar, þar sem hún raðar saman málverkum á veggi í bland við aðra miðla, á borð við vídeó, skúlptúra og gjörninga. Hún hefur haldið tvær einkasýningar, í Crymo Galleríi og Listasal Mosfellsbæjar, auk samsýninga og þátttöku í listtengdum viðburðum. Þá var hún meðlimur í Crymo Galleríi og á myndefni og texta í bókinni „Treystið okkur við erum myndlistarmenn" sem gefin var út um starfsemi gallerísins í samstarfi við bókaútgáfuna Crymogeu. Auk þess er Jóhanna meðstofnandi og stjórnandi Gallerí Klósetts ásamt því að vera stofnandi og einn af sjö listamönnum hópsins Conclusion of Solution. Fram undan er sýning Jóhönnu í Nýlistasafninu með listakonunni Myriam Bat Yosef. holmfridur@frettabladid.is



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Grétu Þorbjargar Steinþórsdóttur**

Freyjugötu 30, Reykjavík.

**Ragnar Bragason**
**Þorsteinn Bragason** **Ólöf Örnólfsdóttir**
**Kristín Bragadóttir** **Karl Einarsson**
**Steinþór Bragason** **Hildur Þorbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur T. Guðmundsson**

áður til heimilis að Álfhólsvegi 72, Kópavogi,

andaðist þriðjudaginn 17. janúar á Hjúkrunarheimili Hrafnistu í Boðaþingi, Kópavogi.

**Sveinn G. Guðmundsson** **Gerður K. Karlsdóttir**
**Bjarni Guðmundsson** **Ida M. Semey**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær bróðir okkar,*

**Sævar Þór Þórisson**

andaðist þriðjudaginn 17. janúar á Sjálfsbjargarheimilinu, Hátúni 12, Reykjavík.

**Ævar Rafn Þórisson**
**Viðar Örn Þórisson**
**Edda Una Þórisdóttir**
**Snorri Sturluson**
**Sóley Björk Sturludóttir**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,*

**Eyrún Eyjólfsdóttir Rúna**

andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði 14. janúar. Hún verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju 24. janúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Parkinsonssamtökin og Kraft.

**Alfons Jónsson** **Ágústa Guðmundsdóttir**
**Aldís Jónsdóttir**
**Eyjólfur Kristinn Jónsson**
**Kristrún Jenný Alfonsdóttir**
**Inga María Eyjólfsdóttir**



**Í tengslum við útgáfu á Íslenskri listasögu** efnir Listasafn Íslands til sýningarinnar Þá og nú, þar sem reynt verður að draga fram vendipunktana í framvindu íslenskrar listar frá ofanverðri 19. öld til okkar daga. Sýningin stendur til 19. febrúar.


;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457



GEYSIR BISTRO & BAR FERSKT & FREISTANDI FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

SPENNANDI

SJÁVARRÉTTA TILBOÐ



BLÁSKEL & HVÍTVÍN 2.950 kr.

Hvítvínssoðin bláskel úr Breiðafirði ásamt hvítvínsglasi.



HUMARSALAT & HVÍTVÍN 2.250 kr.

Humarsalat með hægelduðum smátómötum, mangó, sultuðum rauðlauk og ristuðum cashew-hnetum ásamt hvítvínsglasi.

BORÐAPANTANIR Í SÍMA 517-4300

GEYSIR Bistro

Aðalstræti 2 / 101 Reykjavík / Sími: 517 4300 / www.geysirbistro.is


**Birna Sigurjónsdóttir hannaði kjól á Karen Hækkerup ráðherra fyrir krýningarafmæli Danadrottningar.**

# *Klæddi danskan ráðherra*



MYND/HILDUR MARÍA VALGARÐSDÓTTIR HILDURPHOTO.COM

Ég var nú ekkert að æsa mig sérstaklega yfir þessu enda frekar rólynd að eðlisfari. Áttaði mig eiginlega ekki á því hversu mikið mál þetta er fyrr en ég sá athöfnina í sjónvarpinu,“ segir Birna Sigurjónsdóttir fatahönnuður, sem fékk það hlutskipti að hanna samkvæmiskjól á danska félagsmálaráðherrann Karen Hækkerup, í tilefni af fjörutíu ára krýningarafmæli Margrétar Þórhildar Danadrottningar á sunnudaginn var.

Birna hefur verið búsett í Kaupmannahöfn síðan 2007 og rekur fataverslun á Norðurbrú ásamt fleirum. Hún varð málkunnug Hækkerup fyrir nokkrum árum þegar hún saumaði brúðarkjól á systur hennar. Ráðherranum fannst mikið til saumaskaparins koma og í kjölfarið bað hún Birnu á síðasta ári um að hanna á sig tvo kjóla, annan fyrir nýársfögnuð drottningar og hinn fyrir krýningarafmælið fyrrnefnda.

„Ég hugsaði mig ekki tvisvar um, sló bara til,“ minnist Birna, sem hefur sérhæft sig í hversdagsklæðum á karla og konur og segir því viss viðbrigði að hanna


;FRAMHALD | 2



Heilsuréttir Nings



Freyja Sigurðardóttir hugsar vel um strákana sína, enda vel að sér um næringu og heilsu. Freyja er margfaldur Fitnessmeistari og einkaþjálfari, hún velur heilsurétti Nings.

Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs. Þeir innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni. Heilsuréttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.

NINGS

Suðurlandsbraut 6
Stórhöfða 17
Hlíðasmára 12
Sími 588 9899
www.nings.is

TRANS FITA

MSG





**UppskriftaWWWefurinn** hefur að geyma fjölda uppskrifta að girnilegum forréttum, aðalréttum, eftirréttum og fleiru. Síðan er gagnvirk og gerir notendum fært að bæta við uppskriftum ásamt því að koma ábendingum á framfæri. Slóðin er www.eldhus.is






Framhald af forsíðu

samkvæmisklæðnað fyrir konunglegar veislur. „Þetta var tímafrekt en skemmtilegt verk þar sem við köstuðum hugmyndum á milli þangað til við komumst að endanlegri niðurstöðu, sem varð blár kjóll fyrir nýársfögnuðinn og silfurgrár fyrir krýningarafmælið. Ég get því ekki annað sagt en að samstarfið hafi gengið mjög vel og fékk skilaboð um að hún hefði verið rosalega ánægð.“

Birna útilokar ekki að verkefnin frá danska félagsmálaráðuneytinu eigi eftir að verða fleiri. „Ég er nokkuð viss um það. Við erum orðnar ágætis félagar og hún sagðist ætla að vera áfram í bandi.“

*roald@frettabladid.is*





Þessum kóngabláa kjól klæddist Karen Hækkerup félagsmálaráðherra í nýársfögnuði drottningar. Sá silfurgrái er í svipuðum anda.



Anna og Kristján Þorsteinsbörn eru ánægð á nýjum stað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kvöddu pylsuvagninn

**Ósushi hefur opnað í nýjum húsakynnum í Pósthússtræti.**

Veitingastaðurinn Ósushi flutti á dögunum í nýtt húsnæði við Pósthússtræti 13. Eigendurnir Anna og Kristján Þorsteinsbörn segja ýmsar breytingar fyrirhugaðar á starfseminni þótt áherslan verði eftir sem áður á ferskt og vandað sushi.

„Við ætlum að bæta við núðluréttum og öðru í austurlenskum anda og fjölga eftirréttum,“ upplýsir Anna og tekur fram að breytingarnar komi smám saman í ljós. „Svo ætlum við að prófa nýja hluti enda er einn helsti kostur þess að reka færibandastað sá að maður getur sett nýjan rétt á bandið og fengið viðbrögðin strax. Hvort sem manni líkar betur eða verr,“ segir hún og hlær.

Þannig að færibandið víðfræga verður áfram á sínum stað? „Já, og meira að segja í stækkaðri mynd því við létum sérsmíða 25 metra band sem er með því lengra sem hefur sést. Kosturinn er sá að nú geta helmingi fleiri eða kringum fimmtíu manns raðað sér í kringum það,“ bendir Anna á og bætir við að ein ástæða flutninganna sé sú að starfsemin hafi sprengt utan af sér húsnæðið við Lækjargötuna. „Satt að segja leið okkur orðið eins og í pylsuvagni. Nú er eldhúsið mun stærra og miklu betur fer um viðskiptavinina.“

Guðrún Atladóttir arkitekt hannaði staðinn sem Anna segir stílhreinan í anda matseldarinnar. Áherslan sé á notalegt andrúmsloft þar sem gestir í tímaþröng komi að öllu tilbúnu og hinum gefist kostur á að prófa spennandi rétti í rólegheitunum. „Svo hentar þetta fyrirkomulag, færibandastaður, líka þeim sem koma einir því þarna gefst færi á að eiga í samræðum við sessunautana og kynnast nýju fólki.“

Þá getur Anna þess að staðurinn haldi úti öflugri heimsendingarþjónustu. „Við munum bæta úrvalið og opnum brátt heimasíðu þar sem hægt verður að panta réttina beint, sem er snilld,“ segir hún og nefnir að á staðnum verði flottir bakkar til að taka með. *- rve*








Kristian Blak er þekktur djassgeggjari.

# Geggjuð djasstónlist

**Djasstónleikar í Norræna húsinu annað kvöld.**

Danski djasstónlistarmaðurinn Kristian Blak, sem býr í Færeyjum, heldur tónleika í Norræna húsinu ásamt hljómsveitinni Yggdrasil annað kvöld klukkan 20.30.

Boðið verður upp á vestnorrænan djass ásamt grímu- og trommudansi. Grænlenski leikarinn og dansarinn Miké Thomson og Eyjólfur Þorleifsson saxófónleikari leika með og því viðbúið að útkoman verði nýstárleg.

Yggdrasill var stofnuð fyrir um 30 árum og hefur Kristian Blak ástríðu fyrir vestnorrænni djasssamvinnu. Auk hans skipa hljómsveitina: Miké Thomsen, trommur og dans, Eyjólfur Þorleifsson, saxófónn, Kristian Blak, píanó, Angelika Nilesne, fiðla og Mikael Blak, bassi.

Tónleikarnir eru hluti af tónleikaferð um Grænland, Ísland og Færeyjar. Þeir hafa vakið alþjóðlega athygli og mun hljómsveitin ferðast um Evrópu og Bandaríkin næstu mánuði og leika.

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

20. janúar 2012




Ingibjörg Stefánsdóttir

## Lærði að standa með sjálfri sér á Indlandi

- Hönnun og list í 20Bé
- Á rúmstokknum
- Tíska


FRÁBÆRT TÖLVUTILBOÐ

Intel tölva 4

- CoolerMaster Elite 430 leikjaturn
- Intel Core i5 SandyBridge 2500 Quad
- 8GB DUAL DDR3 1600MHz minni
- 750GB SATA 3 WD diskur
- Geforce N560GTX 1GB DDR5 skjákort
- DVD og CD skrifari
- 7.1 hljóðkort - 10/100/1000 netkort
- Windows 7 Home Premium 64bita

COOLER MASTER

TILBOÐ

Kr. 169.950

intel inside CORE i5

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 850 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

# núna
✻ Gleðjið bóndann




**HANDA BÓNDANUM** Energy nefnist nýji ilmurinn frá Davidoff og er hann tilvalin gjöf handa ástinni í tilefni bóndadagsins.

## meðmælin

### Til heiðurs Janis

Söngkonan Bryndís Ásmundsdóttir flytur lög eftir Janis Joplin ásamt hljómsveit sinni á Gauk á Stöng 19. janúar næstkomandi. Bryndís söng lög Janis Joplin í rokksöngleiknum Janis 27 sem var settur upp í Íslensku óperunni árið 2009. Hún var tilnefnd til Grímunnar sem besta söngkona ársins sama ár. Tónleikarnir fara fram á 69. afmælisdegi söngkonunnar sem lést aðeins 27 ára að aldri. Tónleikarnir hefjast klukkan 22.00 og kostar 1.500 krónur inn.



### Íslensk Hollywood-mynd

Contraband, fyrsta Hollywood-kvikmynd leikstjórans Baltasars Kormáks, var frumsýnd á miðvikudaginn. Myndin er byggð á hinni íslensku Reykjavík Rotterdam og skartar sjálfum Mark Wahlberg í aðalhlutverki. Með önnur stór hlutverk fara Kate Beckinsale, Giovanni Ribisi og Lukas Haas. Myndin er spennumynd af bestu gerð og heldur áhorfandanum í heljargreipum frá upphafi til enda og ekki skemmir fyrir að sjá leikaranum Ólafi Darra bregða fyrir í myndinni í hlutverki sjóara.



Verslunin 20Bé selur íslenska fatahönnun og myndlist:

# HÖNNUN OG LIST UNDIR SAMA ÞAKI

Helga Lilja Árnadóttir, Berglind Hrönn Árnadóttir og Rakel Sævarsdóttir opnuðu verslunina og galleríið 20Bé í desember. Þar fæst íslensk fatahönnun í bland við íslenska grasrótarlist.

Fatahönnuðirnir Helga Lilja og Berglind Hrönn ráku saman popup-verslunina Work Shop síðastliðið sumar. Það tókst svo vel að þær ákváðu að endurtaka leikinn og opnuðu verslun við Laugaveg 20b. Rakel Sævarsdóttir og Þórdís Árnadóttir sem reka vefgalleríið Muses.is bættust svo í hópinn og fæst því bæði íslensk fatahönnun og íslensk myndlist í versluninni.

„Við seljum föt á konur og myndlist fyrir alla. Samstarfið hefur gengið mjög vel fram að þessu og búðin er mjög heimilisleg vegna listaverkanna sem hanga á veggjunum," segir Helga Lilja. „Hingað hefur fólk komið til að skoða föt til að kaupa og gengið út með listaverk, sem er mjög skemmtilegt."

Helga Lilja hannar kvenfatnað undir nafninu Helicopter en Berglind Hrönn hannar undir heitinu Begga Design. Að sögn Helgu Lilju hanna þær helst kjóla og boli auk fylgihluta. „Berglind er með fallega siffonkjóla og kögurhálsmen en ég er mest með kjóla og boli. Svo seljum við einnig fylgihluti eins og belti, kraga og veski frá Áróru."



**Fjölbreytt verslun** Helga Lilja Magnúsdóttir, til hægri, og Rakel Sævarsdóttir reka saman verslunina 20Bé ásamt tveimur öðrum. Þar fæst íslensk hönnun í bland við íslenska myndlist. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aðspurð segir Helga Lilja þær allar skiptast á að standa vaktina í versluninni samhliða því að sinna hönnunarstarfinu. „Það er auðvelt að sameina búðarkonustarfið og hönnunina því ég get nýtt tímann í búðinni í tölvuvinnu og ýmis bréfasamskipti," segir Helga glaðlega.

20Bé er opin alla virka daga frá 11 til 18 og á laugardögum frá 11 til 16. **- sm**







Dóttir Cindy Crawford andlit Versace:

# Fetar í fótspor móður sinnar

Kaia Gerber, tíu ára gömul dóttir ofurfyrirsætunnar Cindy Crawford, er nýtt andlit barnafatalínu tískuhússins Versace. Dóttirin fetar þar með í fótspor móður sinnar sem var í miklu uppáhaldi hjá hönnuðinum Gianni Versace.

„Kaia er mjög fótógenísk líkt og móðir hennar og það var yndislegt að hafa Cindy með okkur í stúdíóinu á meðan tökur fóru fram. Það var skemmtilegt að sjá Kaiu feta í fótspor móður sinnar," var haft eftir Donatellu Versace, yfirhönnuði tískuhússins.

Gerber er ekki eina stjörnuafkvæmið sem leggur fyrir sig fyrirsætustörf á barnsaldri því Anais Gallagher, dóttir tónlistarmannsins Noels Gallagher, sat nýverið fyrir hjá ljósmyndaranum Mario Testino. **- sm**



**Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni** Kaia Gerber fetar ung í fótspor móður sinnar, fyrirsætunnar Cindy Crawford. NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Valgarður Gíslason **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** *Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


útsala útsala útsala útsala
útsala útsala útsala
útsala útsala útsala
40%
Svefnsófi 4 litir
Verð var 129.900.-
útsöluverð
79.900.-
Þú sparar
50.000.-
Vasar nú
500-2000.-
30-80%
afsláttur
Allar bastkörfur
50%
Verð frá 495.-
40%
Náttborð
Var 14.900.-
nú
8.940.-
verðhrun!
Kommóða
Verð var 34.900.-
útsöluverð
14.900.-
Þú sparar
20.000.-
Kommóða hvít
Var 11.900.-
nú 7140.-
Bastsófi Var 99.900.-
nú 40.000.-
Baststóll Var 69.900.-
nú 30.000.-
Borð Var 39.900.-
nú 15.000.-
60%
Keyptu 4 gardínulengjur og fáðu gardínustöng frítt með!
Mikið úrval á
40-50%
Pullur
Verð var frá 11.900.-
útsöluverð
frá 7140.-
Bastkörfur
Voru 1790-3490.-
nú
895-1745.-
the PIER
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



**Hamingjusamt líf** Ingibjörg Stefánsdóttir ætlaði að verða leikkona en eftir að hafa kynnst jóga ákvað hún heldur að gerast jógakennari. Hún segir marga kosti fylgja jógaiðkun.

# SJÚK Í AÐ LÁTA FÓLKI LÍÐA BETUR

**Ingibjörg Stefánsdóttir kynntist jóga fyrst þegar hún var í dans- og leiklistarnámi í New York og heillaðist strax. Hún ætlaði sér að verða leikari á Broadway en gerðist þess í stað jógakennari og opnaði Yoga Shala setrið árið 2005.**




*Viðtal:* Sara McMahon
*Mynd:* Valgarður Gíslason

Blaðamaður hittir Ingibjörgu í hlýlegu húsnæði Yoga Shala setursins sem er skreytt litríkum, indverskum húsgögnum, teppum og púðum sem Ingibjörg hefur keypt á Indlandi. Í setrinu er einn æfingasalur og viðurkennir Ingibjörg að uppi eru áform um að stækka við sig enda hafa vinsældir jóga aukist til muna undanfarin ár. Sjálf kynntist hún jóga í gegnum danskennara sinn í skólanum í New York.

„Kennari minn í nútímadansi notaði ashtanga vinyasa jóga í byrjun kennslu til að hita okkur upp fyrir tímann. Ég man hvað okkur fannst æfingarnar frábærar og ég varð alveg heilluð og ákvað að sækja tíma á jógasetri skammt frá heimili mínu. Eftir námið flutti ég til Los Angeles og lærði power jóga í sjö mánuði hjá jógastöðinni Earths Power. Ég stundaði jóga sex daga vikunnar og missti ekki úr einn einasta tíma alla þessa sjö mánuði,“ segir hún.

Í dag er jóga kennt bæði í líkamsræktarstöðvum sem og sérhæfðum jógasetrum líkt og Yoga Shala og að sögn Ingibjargar eru kostir jógaiðkunar margir og nefnir hún sem dæmi betri svefn, liðleika, aukinn styrk og meiri vellíðan.

„Það eru margir sem halda að jóga byggist bara á hugleiðslu og öndun en jóga snertir á miklu fleiri þáttum eins og til dæmis að hlúa að líkamanum og halda honum heilbrigðum með frábærum líkamsæfingum. Það eru til margar ólíkar tegundir af jóga og hver og einn verður að finna hjá sjálfum sér hvernig jóga hentar honum. Ég man að þegar ég kenndi í Kramhúsinu kom ég einn daginn inn í sal og hann var troðfullur af fólki sem virtist þá hafa fundið sig svona vel í ashtanga vinyasa jóga,“ upplýsir Ingibjörg og viðurkennir að jógaiðkun hafi haft góð áhrif á hennar eigin svefnvenjur.

„Ég hef alltaf átt erfitt með að sofna því að um leið og ég leggst á koddann fer hausinn á fullt við hugmyndavinnu og aðra sköpun. Jóga hjálpar mikið og gefur mér til dæmis aukna orku yfir daginn.“

## DAUÐLANGAÐI AÐ VERA MEÐ Í SÖNGLEIKJUM

Hún stundaði leiklistarnám í New York, flutti til borgarinnar sem aldrei sefur árið 1995 og bjó þar í tæp fjögur ár. „Mig langaði bara til New York í leiklistarnám og sótti því eingöngu um í skóla þar. Ég man að fyrsta daginn minn í borginni þorði ég varla út úr húsi. Um hádegisbil var ég samt orðin svo svöng að ég ákvað að hætta mér út á meðal fólks. Ég bjó í East Village og fann McDonalds-veitingastað sem ég borðaði á og hljóp svo aftur heim. Ég held reyndar að þetta hafi líka verið í síðasta sinn sem ég borðaði á þeim veitingastað. Maður var þó enga stund að venjast stórborgarlífinu og leið mjög vel í New York.“

Ingibjörg flutti aftur heim að námi loknu og fyrsta daginn eftir heimkomu bauðst henni staða hjá Leikfélagi Akureyrar.

„Ég vann mikið í sjálfstæðum leikhúsum en dauðlangaði að vera með í öllum söngleikjum sem settir voru upp, og fékk reyndar hlutverk bæði í Hárinu og Annie, því ég hef bæði dansinn og sönginn. Úti var ég komin með annan fótinn inn á Off Broadway en þar sem ég fékk ekki atvinnuleyfi gekk það ekki upp. Í New York er allt morandi í ungum og efnilegum leikkonum og samkeppnin mikil þannig þú verður bara að gjöra svo vel að vera með atvinnuleyfi ef þú ætlar að vinna. Ég var líka frekar feimin innst inni og ekki týpan til að trana mér fram og þess vegna hefði ég líklega aldrei meikað það,“ segir hún og hlær.

Í jafnréttisumræðunni sem hefur átt sér stað undanfarið eru margir sem gagnrýna rýr hlutverk kvenna í Hollywood-kvikmyndum. Þegar Ingibjörg er innt eftir því hvort þessi gagnrýni eigi einnig rétt á sér hér á landi verður hún hugsi.

„Ætli það sé ekki svipað hér og úti, ég er ekki viss. Hér heima er mikið af öflugum konum sem taka völdin í eigin hendur og gera hlutina sjálfar líkt og stelpurnar í Kvenfélaginu Garpi sem settu upp sýninguna Uppnám í Leikhúskjallaranum. Ætli munurinn liggi ekki meðal annars í því?“

## FÆDDI ÓVÆNT HEIMA

Ingibjörg er að mestu uppalin í Reykjavík ef frá eru talin nokkur ár þar sem fjölskyldan bjó í Hallormsstaðaskógi vegna vinnu

föður hennar og ber hún sterkar taugar til Austurlandsins enn í dag.

„Mér fannst æðislegt að vera fyrir austan og hreinlega elska þennan stað. Ég heimsæki Hallormsstaðaskóg reglulega enda er fjölskylda þarna í skóginum sem á mikið í mér.“

Hún er í sambúð með Víði Finnbogasyni lögfræðingi og saman eiga þau dæturnar Elínu, þriggja ára, og Ástu Lilju, fimm mánaða. Yngra barnið átti Ingibjörg óvænt heima í stofu og segir upplifunina hafa verið meiri háttar.

„Mér fannst hríðarnar vera þéttar en óreglulegar og andaði mig í gegnum það í baði. Ég settist svo í sófann og þá hófst rembingur þannig að ég bað Víði um að hringja á sjúkrabíl og sú litla fæddist rétt eftir að hann kom. Mig hafði langað að eiga heima en fannst plássið eitthvað lítið og hætti við en undirmeðvitundin hefur líklega bara tekið yfir á endanum og stýrt þessu. Mér fannst mjög gott að hafa átt heima og geta kúrt uppi í eigin rúmi að fæðingunni lokinni,“ segir hún brosandi.

Elín hefur tekið litlu systur sinni vel þrátt fyrir að hafa þurft svolítinn tíma til að aðlagast nýju hlutverki sem „stóra systir“.

„Henni fannst þetta erfitt fyrst en núna er eins og hún hafi alltaf verið „stóra systir“ og ég held að þær eigi eftir að verða mjög góðar saman.“

### Á Í FLÓKNU SAMBANDI VIÐ INDLAND

Ingibjörg hefur heimsótt Indland fimm sinnum og stundaði þar meðal annars nám hjá Ashtangameistaranum Sri K. Pattabhi Jois. Hún kveðst eiga í eldheitu ástar- og haturssambandi við landið sem er að hennar sögn fullt af andstæðum.

„Þeir reyna dálítið að svindla á manni og mér er mjög illa við svindl. Ég átti til dæmis í mjög stormasömu sambandi við bílstjóra nokkurn, sem var nýkominn með ökuréttindi og kunni varla að keyra, sem reyndi að svindla á okkur dag eftir dag þrátt fyrir að við höfðum greitt honum mjög vel. Það gerði mig mjög pirraða og reiða. En Indland hefur kennt mér að standa með sjálfri mér og það hefur gert mér gott. Þar lærir maður að vera sterkur, ákveðinn og harðari af sér.“

Hún segir indverska menningu framandi en tekur fram að íslensk menning og fjölskyldumunstur sé Indverjum jafn framandi. „Þeim finnst til dæmis mjög merkilegt að við Víðir séum ekki gift þó að við eigum tvö börn saman. Þeim finnst líka mjög skrítið að ég eigi tvo bræður, annan sammæðra mér og hinn samfeðra.“

Þegar Ingibjörg er að lokum spurð út í framtíðaráform sín er hún fljót til svars. „Framtíð mín liggur í Yoga Shala og mig langar að halda áfram að stækka og dafna. Þar erum við alveg sjúk í að láta fólki líða betur,“ segir hún og bætir við að hún gæti einnig hugsað sér að vinna svolítið í tónlist og söng.

„Ég syng stundum möntrur og spila undir í tímum og það virðist leggjast ágætlega í fólk. Ég geri þetta ekki í hverjum tíma svo fólk fái ekki nóg af mér, en svona einstaka sinnum syng ég.“

## myndaalbúmið


Ég ásamt jógakennaranum mínum heitnum, Sri K. Pattabhi Jois, í Mysore á Indlandi.


Elín dóttir mín að halda á systur sinni í fyrsta skipti.


Ég og Víðir fyrir framan Mysore-höllina sem er lýst upp á hverju kvöldi með 97.000 perum.


Golden Temple. Einn af uppáhaldsstöðunum mínum á Indlandi, Bylakuppe, þar sem búa um 10.000 flóttamenn frá Tíbet.



**POETEN**
Hönnun: Finn Juhl

Fáðu þér sæti og slakaðu á

onecollection

SKANDINAVÍSK HÖNNUN OG FRAMLEIÐSLA

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal


**DENNIE**
Hönnun: Nanna og Jørgen Ditzel

Tískan á nýju ári:

# SVEITASÆLA OG FJÓLURAUÐAR VARIR

Nýju ári fylgir oft nýtt upphaf og fyrirheit um nýja tíma. Það er þó ýmislegt sem má taka með sér yfir í nýtt ár, eins og tískustrauma haustsins 2011. Þessa fyrstu mánuði ársins heldur tískan áfram að vera klassísk og full af jarðlitum. Haldið fast í þykku peysurnar og ökklastígvélin en bætið við aðsniðnum jökkum sem minna á enska sveitasælu og varalit í fjólurauðum lit.




Daphne Guinness-línan frá MAC.

Daphne Guinness-línan frá MAC.



Jakki úr Zöru.

Trefill úr Mýrinni.

Rosebud-varasalvi fyrir þurrar varir.







## Á RÚMSTOKKNUM

*Sigga Dögg kynfræðingur*

### Sameiginleg sjálfsfróun skapar nánd

? Mig langaði að spyrja, hvað hefur að segja ef aldursmunur er mikill, til dæmis menn sem ná sér í yngri konur. Hjá mér voru til dæmis 12 ár á milli. Hann var þá 40 ára og við áttum tvö börn. Kunnum lítið að breyta til með kynlíf. Er ekki oft þannig að um þennan aldur vex fólk í sundur?

**Svar:** Aldursmunurinn er flókinn að því leyti að þroski einstaklinga er misjafn. Því er erfitt að alhæfa um hvaða aldursmunur sé hentugur þó auðvitað beri mönnum að styðjast við lagarammann í því tilliti. Árafjöldi getur haft áhrif ef kynslóðabil er á milli aðilanna og ef skoðanir og gildi eru mjög ólík og veldur titringi innan sambands. Það getur svo haft áhrif á samlíf. Aldursmunur getur vísað til ákveðins valdaójafnvægis innan sambands og það er annar þáttur sem getur haft neikvæð áhrif á samlíf og gæði sambandsins. Mikilvægt er að fólk geti tjáð sig og komist að samkomulagi um hvað sé best fyrir þau og þeirra samband. Gangi ykkur vel.



? Nú langar mig að taka þínum ráðum og byggja upp „kynferðislegt heilbrigði" og byrja að stunda reglulegt kynlíf. Hvernig væri best að brjóta ísinn og koma bæði sér og makanum af stað í „ræktina" nú þegar maður hefur verið fastur í sama farinu í nokkurn tíma og með tvö ung börn sem þarfnast umönnunar nótt sem nýtan dag?

**Svar:** Það er gott að byrja smátt. Fyrsta skrefið er sjálfsfróun og fullnæging. Þið passið bæði upp á að gefa hvort öðru það næði sem þarf til þess að geta fullnægt ykkur sjálfum. Það er mikilvægur liður í að koma sér af stað og koma sér í stuð! Þegar sú kynferðislega athöfn er orðin að reglu þá ættuð þið að ræða saman um hvað hentar ykkur best. Ef tíminn er af skornum skammti þá ber að hafa það í huga svo væntingarnar verði raunhæfar. Þá minni ég á að kynlíf er meira en bara samfarir, munnmök og sameiginleg sjálfsfróun geta verið afskaplega fullnægjandi og skapað nánd. Ekki má gleyma að kyssa hvort annað, kjassa og knúsa. Mér finnst það ágætis regla að heilsast og kveðja með faðmlagi og kossi. Þessi litla líkamlega snerting getur skipt sköpum þegar stendur til að endurvekja kynlífið. Þegar kynlífið er komið í þann farveg sem þið eruð ánægð með þá verður þessi daglega snerting sjálfsögð og ekki eitthvað sem þið þurfið að leggja sérstaklega á ykkur. Þá er einnig mikilvægt að skapa kynferðislega jákvætt umhverfi.

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. Netfangið er kynlif@frettabladid.is*

Ekki missa af...

# 45-80%

## AFSLÁTTUR

Lokadagar útsölunnar

FILIPPA K - SPORTMAX - RÜTZOU - BEST BEHAVIOR
WON HUNDRED - SUIT - JEFFREY CAMBPELL
SHOE THE BEAR.

NÝJAR VÖRUR FRÁ:

DESIGNERS REMIX, BEST BEHAVIOR & FILIPPA K

GK
REYKJAVIK

LAUGAVEGI 66 / 565 2820



# YFIRHEYRSLAN

**Helga Guðrún Friðriksdóttir**

verkefna- og markaðsstjóri verslunarinnar Aurum.

**Ertu A- eða B-manneskja?** Ég er náttúrulega þessi gríðarlega eftirsóknarverða blanda af A & B, en ekki hvað!? Heppin.

**Hvaða bók ertu að lesa um þessar mundir?** Jarðnæði eftir Oddnýju Eiri Ævarsdóttur og svo glugga ég í dýralífsbækurnar hans Davids Attenborough og ljóðabækurnar hans Pablo Neruda reglulega.



**Ef ég byggi ekki í Reykjavík, byggi ég í:** Twin Peaks og alveg orðin gaga, dreymandi dverga og borðandi kleinuhringi.

**Hver eru nýjustu kaupin?** Dásamlega falleg myndavélataska úr leðri utan um Leicuna mína nýju sem ég elska af öllu hjarta, næstum eins mikið og fólkið sem gaf mér hana.



**Hvað dreymir þig um að eignast?** Fullkomið safn af uppstoppuðum fuglum ásamt safni af sjaldgæfum orkídeum sem gæfust aldrei upp á mér þótt ég kynni ekki alveg að sjá um þær.

**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** Tónlist er ómissandi og lögin eru of mörg til að hægt sé að velja á milli… Loud Pipes með Ratatat bætir, Fjólublátt ljós við barinn með Klíkunni hressir og Feel Like Making Love með Bad Company kætir. Svo er She's Gone með Steelheart ódauðleg rokkballaða sem kæmi hvaða fýlupúka sem er í gott skap.

**Einn hlutur sem þú vissir ekki um mig:** Ég er ekki ég, ég er þú…



**Uppáhaldsdrykkurinn:** Vodka í sódavatni með lime í fallegu glasi með glöðu fólki á góðri stundu.

Fréttatilkynning

# KONJAK

MEZINA

## Glæný grenningarvara, viðurkennd af sérfræðingum EFSA*, nú fáanleg á Íslandi

**KONJAK náttúruleg hjálp við ofþyngd**

Það er auðvelt að taka ákvörðun um að losa sig við umfram þyngd en það er öllu erfiðara að koma sér af stað. Kannski hefur baráttan við aukakílóin varað í áraraðir án þess að gerðar hafi verið þær breytingar á mataræði og hreyfivenjum sem við vitum að eru nauðsynlegar.

Það er mikil vinna að ná af sér umframþyngd en ávinningurinn er svo sannarlega fyrirhafnarinnar virði.

Þegar KONJAK er notað samhliða léttu mataræði má auka þyngdartap um allt að 60%. Það þýðir að fyrir hvert kíló sem þú missir af eigin rammleik getur þú með hjálp KONJAK misst allt að 1,6 kg. Þannig getur KONJAK hjálpað til við að viðhalda hvatningunni sem nauðsynleg er til að ná árangri.

**Hvað er KONJAK**

KONJAK er ný grenningarvara fyrir fullorðna í ofþyngd. KONJAK inniheldur náttúrulegar trefjar, þær fyrstu sem sérfræðingar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu hafa viðurkennt sem fæðubótarefni sem raunverulega flýtir þyngdartapi.

Trefjarnar heita glucomannan og eru unnar úr konjak plöntunni sem vex í Asíu. Glucomannan eru vatnsuppleysanlegar trefjar sem eru þeim eiginleikum búnar að þær geta dregið til sín 2-300 falda þyngd sína af vatni. Þegar töflurnar leysast upp í maga myndast því massi sem fyllir upp í magann og flýtir fyrir seddu tilfinningu.

**Hvernig þú nærð hámarks árangri með KONJAK**

Það er mikilvægt að borða reglulega og muna eftir millimáltíðunum – einkum þegar tekin eru inn grennandi fæðubótarefni. Frekar 6 smáar máltíðir yfir daginn en 3 stórar. Ef ekki er borðað reglulega er hætta á að blóðsykurinn lækki sem leiðir til þess að sætuþörfin tekur völdin. KONJAK inniheldur einnig krómíum pikkólínat sem hjálpar til við að slá á sætuþörfina.

**Hvernig KONJAK er notað**

KONJAK töflurnar eru teknar 30 mínútum fyrir hverja af þremur aðalmáltíðum dagsins ásamt 1-2 glösum af vatni. Dagsskammturinn er 2 töflur þrisvar á dag.

Þegar töflurnar leysast upp í vatni fylla þær upp í magann sem gerir það að verkum að við verðum fyrr södd og getum því ekki borðað sama magn og áður. Það er staðreynd sem studd er af rannsóknum! Auk áhrifa á matarlyst og blóðsykur hefur KONJAK einnig jákvæð áhrif á meltinguna.

KONJAK er selt í mánaðarpakkningum sem innihalda 180 töflur. Í pakkanum er einnig lítið ílát undir töflur sem þú notar þegar þú ert á ferðinni, ásamt bæklingi með góðum ráðum sem gefa þyngdartapinu byr undir báða vængi.







** EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu)*

Nánari upplýsingar á **www.gengurvel.is**

Umboðsaðili KONJAK á Íslandi er Gengur vel ehf. KONJAK fæst í apótekum, heilsuhillum stórmarkaða, helstu heilsubúðum og á www.femin.is. KONJAK er grenningarvara fyrir fullorðna í ofþyngd sem nota á samhliða léttu mataræði.

POPP
Nýtt fylgirit Fréttablaðsins
Auglýsingasími 512 5050

**Hljómsveitin Melchior** heldur þorratónleika sína á Café Rosenberg að Klapparstíg annað kvöld klukkan 21. Á tónleikunum verða lög af væntanlegri plötu hljómsveitarinnar leikin til jafns við eldri tónlist í notalegri blöndu.





Kristjana hefur stýrt þorrablótunum af myndarbrag síðustu sjö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Þorrablót í sundi

**Sundhópurinn Gullmolarnir borðar saman hákarl, hangikjöt og blóðmör, hlustar á bragi og syngur saman í tilefni þorrans.**

Kristjana Hávarðardóttir er hluti af sundhópnum Gullmolarnir, sem hittist í sundlauginni í Efra-Breiðholti tvisvar sinnum í viku. Hópurinn hefur hist reglulega undir stjórn Brynjólfs Björnssonar í næstum níu ár og er Kristjana búin að vera hluti af honum nánast frá upphafi. Sami kjarni hefur skipað hópinn undanfarin ár og yfirleitt hafa í kringum 20 manns mætt á æfingar. Hópurinn gerir þó meira en að synda saman, því Kristjana hefur komið af stað hefð þar sem haldið er upp á merka atburði, jól, páska og fleira ofan í lauginni. Þorrablót verður haldið í næstu viku.

„Við stillum hlaðborðinu upp á bakka laugarinnar og fólk gæðir sér á veitingum beint úr lauginni. Þetta hefur vakið mikla lukku og fólk er ávallt fullt eftirvæntingar þegar líður að þessu," segir Kristjana, en þetta er í sjöunda skipti sem hún stendur fyrir þorrablótinu.

Hún segist sjálf vera hætt að fara ofan í laugina þegar þorrablótin eru haldin þar sem hún eyði hvort sem er mestum hluta tímans á bakkanum og það sé svo kalt ef hún er á sundfötum. Skemmtunin er þó ekki aðeins fólgin í því að gæða sér á þorramatnum heldur eru líka alltaf einhver atriði í boði.

„Fólk úr hópnum skiptist á að vera með atriði. Oft er til dæmis skemmtilegur bragur lesinn og svo syngjum við að sjálfsögðu saman þessi klassísku þorralög," segir hún og tekur sem dæmi lagið Frost á Fróni. Viðburðina í lauginni segir hún vera áfengislausa, þó að fólk fái að skjóta í sig litlu brennivínsskoti með hákarlinum.

Kristjana, sem hefur verið gerð að heiðursfélaga í hópnum fyrir framtak sitt, segist hafa mjög gaman af því að undirbúa þessar skemmtanir þó að vissulega fylgi þeim mikil vinna.

„Þetta byrjaði nú bara á því að mér fannst þörf á að hrista hópinn betur saman, svo ég ákvað að standa fyrir hittingi utan laugarinnar. Þetta vatt svo bara upp á sig þegar vinskapurinn varð meiri," segir hún og brosir og lætur í kveðjuskyni fylgja með óvenjulegar leiðbeiningar um eldun á hangikjöti.

tinnaros@frettabladid.is

*Kristjana kennir okkur sérstaka leið til að elda hangikjöt. Hún segir ókost hennar vera þann að lyktin í íbúðinni sitji föst tvo til þrjá daga, en kjötið sé svo gott að það sé alveg þess virði.*

„Lærið er lagt í bleyti í sólarhring. Þetta er gert til að ná úr því saltinu. Það gæti verið gott að skipta um vatn einu sinni til tvisvar á þessum sólarhring og gott að strá smá sykri út í vatnið. Eftir það er kjötið sett á grindina í ofninum og ofnskúffan sett undir. Þar er það eldað á 100°C í hálfan sólarhring. Þetta er það besta sem ég hef smakkað."

## Fullur bakki af kræsingum

ÞORRAMATUR FYLLIR NÚ TROG OG KIRNUR ÍSLENDINGA ENDA FYRSTI DAGUR ÞORRANS RUNNINN UPP.

Mismunandi er hvað fólki þykir nauðsynlegt að sé til staðar á þorrahlaðborðum. Bakkinn á meðfylgjandi mynd sýnir ágætlega fjölbreytnina sem býðst. Á honum er meðal annars að finna svínasultu sem er tiltölulega nýtilkomin á þorrabakkann, enda var svínakjöt ekki á hverjum bæ hér á öldum áður. - trs




Bóndadagurinn er í dag!



Blóm gera kraftaverk

íslensk blóm

Nú er tíminn fyrir **harðfisk** og **bitafisk**!




Þegar litið er til innihalds og næringargildis kemur í ljós að Gullfiskur harðfiskur og bitafiskur er einhver besti prótíngjafi sem völ er á. Það fara 5 kíló af nýrri roðlausri ýsu í að búa til 1 kíló af harðfiski / bitafiski. Vatnið er dregið út með kældri þurrkaðferð, en næringarefnin halda sér. Örlítið salt til bragðbætis.

Gullfiskur harðfiskur og bitafiskur inniheldur rúmlega **80% prótín** og önnur næringarefni, sem eru líkamanum nauðsynleg.

Fæst í Bónus

BÓNUS

GULLFISKUR
Hollusta í hverjum bita



# Gott partí hefur vantað til að peppa fólk upp

**Þorrablót eru heiðin hátíð sem fylgdi landnámsmönnum hingað. Tilgangurinn var frá öndverðu sá að lyfta fólki upp úr skammdegisdrunga, að mati Hilmars Arnar allsherjargoða sem blótar þorra í kvöld.**

„Við ásatrúarmenn höldum ávallt þorrablót á bóndadag og leggjum áherslu á að hafa þau skemmtilegustu samkomur ársins,“ segir Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði. Hann telur þorrablót hafa tíðkast hér á landi í upphafi Íslandsbyggðar en koðnað niður eftir að þjóðin varð kristin og ekki verið endurvakin aftur fyrr en á 19. öld. „Þegar Íslendingar fengu trúfrelsi með stjórnarskránni 1874 þá byrjaði Stúdentafélag Íslendinga í Kaupmannahöfn á því að halda þorrablót,“ segir hann. „Þó grunar mig að séra Matthías Jochumsson og fleiri menn á Akureyri hafi tekið forskot á sæluna árið áður.“

Að áliti Hilmars Arnar hafa þorrablótin haft það gildi frá upphafi að lyfta fólki upp úr skammdegisdrunganum hér á norðurslóðum, gleðja og kæta. „Kannanir hafa sýnt að seinni partur janúarmánaðar er mörgum erfiðasti tími ársins sálfræðilega. Þannig hefur það ugglaust alltaf verið. Því hefur vantað gott partí til að peppa fólk upp og þannig koma þorrablótin til sögunnar.“

Hilmar Örn segir þorrablótum ásatrúarmanna nútímans svipa til annarra sem haldin séu vítt um byggðir landsins. Þau snúist ekki bara um að kýla vömbina og þamba mjöð, heldur líka styrkja andann og gleðina með uppbyggilegri dagskrá. Í þetta sinn flytur Þór Tulinius leikari brot úr einleiknum Blótgoðanum, fjöldasöngur sé fastur liður svo og minni karla og kvenna og síðan mæta Björn Thoroddsen, Jón Rafnsson og Andrea Gylfadóttir með létta tóna. „Einhverjir úr félaginu stíga líka gjarnan á svið og láta í sér heyra,“ segir hann. „Þetta er alltaf fjölbreytt og skemmtilegt.“

Skyldu ásatrúarblótsgestir klæðast fornum búningum í anda landnámsmanna? „Ekki almennt,“ svarar allsherjargoðinn. „En ákveðinn hópur hefur verið að læra fatagerð upp á gamla mátann og mætir gjarnan í þannig klæðnaði.“

*gun@frettabladid.is*



Hilmar Örn og Jóhanna Harðardóttir Kjalnesingagoði lyfta hornum á þorrablóti ásatrúarmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Þór Tulinius flytur brot úr einleiknum Blótgoðanum.

# Prótínríkur og sérlega bragðgóður

**Halldór Halldórsson, hjá Gullfiski harðfiskverkun, segir harðfisk einstakt ljúfmeti og prótínríkan að auki.**

Harðfiskur er eitt af því fjölmarga sem má finna á borðum nú þegar þorrinn gengur í garð. Halldór Halldórsson, eigandi Gullfisks harðfiskverkunar, er sérfróður um hann.

Halldór segir harðfisksölu vera orðna frekar jafna yfir allt árið og þar af leiðandi sé þorrinn ekkert sérstakur álagstími hjá þeim. „Sumartíminn er orðinn okkar helsti álagstími, en harðfiskur virðist vera orðinn vinsæll í útilegurnar og ferðalögin,“ segir Halldór. Hann getur þess að starfsmenn leggi þó meiri áherslu á stærri pakkningar á þorranum.

Að ljúffengu bragði undanskildu segir Halldór harðfisk vera einn besta prótíngjafa sem fyrirfinnist og þar af leiðandi sé mikil næring í honum. „Yfirleitt mælist harðfiskur með frá 75 prósent prótín en við höfum verið að dreifa harðfiski úr ýsu undir vörumerkjunum Gullfiskur og Gæðafiskur og hann hefur verið að mælast með 82-85 prósent prótín,“ bendir Halldór á. *- trs*







Átta vikna námskeið í núvitundarhugleiðslu byrjar mánudaginn 23. janúar.

Nánari upplýsingar á www.dao.is
Gunnar sími 822-0727
Helena sími 822-0927

DAO
www.dao.is

Bóndadagsgjöf ársins - Razorpit rakblaðabrýni

Byltingarkennd græja sem sparar mikið fé og verndar umhverfið



Með rakblaðabrýninu Razorpit skerpir þú rakblaðið og getur notað sama blaðið allt að 150 sinnum. Notkunin er einföld, það þarf einungis að setja smá raksápu á brýnið og renna rakblaðinu yfir það nokkrum sinnum. Einfalt og fljótlegt!

„Snyrtigræja ársins 2011 fyrir karlmenn“ samkvæmt breska herratímaritinu FHM.

Fæst í eftirtöldum verslunum: Fjarðarkaup, Hagkaup, Kosti , Lyfju, Melabúðinni, Lyfjaver, Reykjavíkur Apótek

OKKAR BAKARÍ

GOTT Á BÓNDADAGINN

Mikið úrval af fallegum tertum




Kynntu þér úrvalið á www.okkarbakari.is og á facebook.com/okkarbakari

Okkar bakarí | Iðnbúð 2 | 210 Garðabær | Sími: 565 8070

Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS
Snælandsskóla við Furugrund

Tungumálanámskeið
Kennt er í byrjenda – framhalds – og talæfingaflokkum

ENSKA
Enska II - III
Enska IV
Enska tal og les

SPÆNSKA
Spænska I
Spænska II
Spænska tal og les

DANSKA
Danska I - II

NORSKA
Norska I – II
Norska framhald

SÆNSKA
Sænska

FRANSKA
Franska I
Franska framhald

ÍTALSKA
Ítalska I
Ítalska II

Fjöldi annarra námskeiða eru í boði

Skráning: http:// kvoldskoli.kopavogur.is og í síma 564 1507

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

**Bílamarkaðurinn**



FORD Escape xls 4x4 4dr. Árgerð 2006, ekinn 168 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 999.000. Rnr.102958.



DODGE Ram 2500 larime (46"). Árgerð 2007, ekinn 10 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.990.000. TILBOÐ 7.400.000 kr Rnr.221402. Hrikalega flotturbíll !!!

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

**TOYOTA**
**Notaðir bílar Klettháls**
Sími: 570 5220
www.toyotakopavogi.is



NISSAN X-trail. Árgerð 2006, ekinn 47 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.131106. Uppl. í síma 570-5220 Toyota Klettháls.

**Notaðir bílar Klettháls**
**Sími: 570 5220**
**www.toyotakopavogi.is**

**bilfang.is**
**S. 567 2000**



BMW X5 (NEW) 4.8 I Sport árg 2007 ek 90 þ.km Stórglæsilegur sportjeppi 351 Hö hlaðinn aukabúnaði ma 20" felgur á nýl dekkjum sportsætum ofl verð 7.8 mil möguleg skipti ód eða dyrari

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

**STÓRA BÍLASALAN**



Isuzu D Max DÍSEL Árgerð 2007, ekinn 115þ.km, bsk. Flottur bíll á frábæru verði aðeins 2.250.000kr. Er á staðnum. Raðnúmer 152134. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**BÍLALIND.IS**



NISSAN PRIMERA ACENTA 02/2004, ekinn 76 Þ.km, sjálfskiptur. Verð 1.250.000. #321861 - Bíllinn er á staðnum!

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

**HÖFÐABÍLAR**
... þar sem bílar seljast



VW Golf . Árg 2006 12-2005, ek. 94 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Ný 15" negld vetrardekk á álfelgum, gott lakk Verð 1.490þ áhvl. 1100þ. Rnr.154569. „Virkilega flottur Golf"

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn**
**www.hofdabilar.is**

**567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN**



TOYOTA Avensis wagon sol. Árgerð 2011, ekinn 15 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.790.. Rnr.112098.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

**100bilar.is**



VW Touareg 2 V6 3.6, árg. 2/2008, ek. 52þ.km, 281hö, leður, lúga omfl, nýleg heilsársdekk, Eyðslugrannur og litur út sem nýr, Ásett verð 5960þús. kr, Rnr 116258, er á staðnum.

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Suzuki Grand Vitara XL7, 7 manna, árg. '03 ek. 105þús. Vél 2,7 sjálfssk. topplúga, leður og overdr. Góður og fallegur bíll. Verð 1400þús. Uppl. s. 898 3206.

**RÝMINGARSALA!**
**HÖFÐAHÖLLIN**
Tangabryggja 14-16, 110 Rvk. S. 567 4840 www.hofdahollin.is



HYUNDAI SANTA FE'03 ek:157þús. 5Gíra. 4X4 Eyðir litlu Ný kúpling.Bíll Í topp lagi.VERÐ 720þús uppls í 663-4994



Toyota Corolla Verso Árg.'07 1,8 Ssk. 7 manna. Verð 1.600þús. Uppl. í s. 693 2991.



Cadillac Escalade árg. 04 ek. 61Þús Verðhugmynd 3,5mil. Upp. s. 773 5252



Til sölu Toyota Avensis 1.8 Sol árg. '07/.2005 ekinn 92.000 km Mjög góður bíll, álfelgur, verð 1.690.000- Toyota Reykjanesbæ 420-6600.




50% ódýrara eldsneyti og 80% lægri bifreiðagjöld með metan breytingu. Engin útborgun. Breytingin greiðist að fullu með sparnaði og þú færð hundruð þúsunda beint í vasann! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. Islandus.is - S.5522000.

## 0-250 þús.

Óska eftir gömlum Combi Camp. Þarf að vera vel með farinn. Upplýsingar í síma 898-6577.

Renault Kangoo 99. eh 150þ.Nýsk,Í góðu lagi.verð 230þ .uppl í s.8979252

## 250-499 þús.



Subaru Legacy. 2002, ek.176þús. smá skemmd að aftan, endurn., þarf bremsudiska. verð 490þús. s: 846 0196.

## 1-2 milljónir

Grár Toyota Yaris DIESEL til sölu 1.600.000 kr. ekinn 140.000 km Eyðir 5 - 7 l á 100 km. Engin skipti upplýsingar í síma 770 1013.

## Bílar óskast

**Bíll óskast**
**á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

## Sendibílar

**568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN**

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vélsleðar

**L.Í.V.**

Laugardaginn 21. Janúar verður félagsferð LÍV. Þægileg eins tanks ferð fyrir alla sleða og sleðamenn. Farið verður frá Litlu kaffistofunni kl. 12.00 Umboðin verða á staðnum og munu bjóða uppá prufuakstur á nýju sleðunum.

## Bátar

**BÁTAR OG BÚNAÐUR SKIPASALAN**

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www. batarogbunadur.is



Smíðum álhurðar í báta stórar sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.




## Varahlutir




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www. netpartar.is




Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98 Legacy '98. S. 896 8568.

**GS Varahlutir**
**Sími 567-6744**
Bremsu- og stýrishlutir í flestar gerðir bíla. Pöntum á fimmtudögum, varan komin á mánudegi. Gott úrval af Gabríel dempurum á lager. Bíldshöfða 14, 110 Rvk.








**GISTING - AKUREYRI**
orlofshus.is S. 897 5300.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði



Viltu vinna lítið og hafa lítil laun eða vinna mikið og hafa mikil laun? Frjáls vinnutími. Uppl. 568 8977 & 773 6099

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ
BAKARÍ

**Starfsfólk óskast!**
**vantar í hálfsdagsstörf í bakaríin okkar, á virkum dögum. Framtíðarstarf. Umsóknir sendist með nafni og síma og heimilisfangi á netfangið umsokn@kornid.is**

Starfskraft vantar í nýja verslun með meðgöngu- og brjóstagjafafatnað. Reynsla af verslunarstörfum og þekking á vöruflokknum skilyrði. Sendið umsókn og ferilskrá á anna.axels@gmail.com

**Gefðu vatn**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Frá Lífspekifélaginu**
**Í kvöld, föstudaginn 20. janúar kl. 20:30** heldur **Þórhildur Þorleifsdóttir, leikstjóri,** erindi sem hún nefnir **Um feminisma** í húsi félagsins Ingólfsstræti 22. **Laugardaginn 21. janúar Kl.15:00 er opið hús og kl. 15:30** heldur **Deepa Iyengar** erindi um **hugþjálfunarleiki. Á fimmtudögum** kl. 16.30 - 18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
**www.lifspekifelagid.is**

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Spjalldömur 908 5500**
Opið þegar þér hentar. Engin bið nema þegar talað er.

**33 ára kona**
vill kynnast karlmanni, fyrst með hressilegan símaleik í huga og sjá hvort það leiði til nánari kynna. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl. nr. 8266.

**25 ára KK**
vill kynnast eldri manni. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8815.

**Konur að leik**
a.m.k. tvær nýjar uppt, e.t.v. fleiri, hjá Kynl.sögum Rauða Torgsins, s. 905-2000 og 535-9930.






Lesendur okkar eru á öllum aldri



með ólíka sýn á lífið







– og við þjónum þeim öllum

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA
Allt sem þú þarft


## Atvinna

# Viðskiptatækifæri

Er verið að ganga það hart fram gagnvart fyrirtæki þínu að þú sjáir ekki útgönguleið.
Vantar þig leið til að bjarga þekkingu þinni, viðskiptasamböndum og atvinnu.
Útflutningsfyrirtæki leitar nú eftir tækifærum til að bæta við sig innflutningi.
Höfum yfir að ráða húsnæði, tækjum og búnaði sem til þarf.
Ef þú telur þig hafa eitthvað áhugavert að bjóða vinsamlega hafið samband í tölvupósti glb@internet.is og við höfum samband.

## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

# Mat á umhverfis-áhrifum

**Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.
Eldi á bleikjuseiðum og borra í Fellsmúla, Rangárþingi eystra.

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulagsstofnun.is.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur til 21. febrúar 2012.

Skipulagsstofnun




BYLGJAN 989
**Sprengisandur**
**kraftmikill þjóðmálaþáttur**
Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10–12


## Atvinna


**STERK**
ATVINNUAUGLÝSING Á RÉTTUM STAÐ

**Vertu með atvinnuauglýsinguna þína í Fréttablaðinu, mest lesna blaði landsins.***

*Atvinnuauglýsingarnar í Fréttablaðinu birtast líka á atvinnuvef Vísis.*




FRÉTTABLAÐIÐ
vísir ATVINNA

**BÓKIÐ AUGLÝSINGAR TÍMANLEGA:**
**VIÐAR INGI PÉTURSSON** vip@365.is 512 5426
**HRANNAR HELGASON** hrannar@365.is 512 5441

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** útdeildu, **6.** 999, **8.** ferð, **9.** gifti, **11.** íþróttafélag, **12.** sljóvga, **14.** yfirstéttar, **16.** kraðak, **17.** gagn, **18.** tala, **20.** frú, **21.** tuddi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** reigingslegur gangur, **3.** snæddi, **4.** flokkur sýklalyfja, **5.** dýrahljóð, **7.** land, **10.** óvild, **13.** of lítið, **15.** flóki, **16.** annríki, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gáfu, **6.** im, **8.** túr, **9.** gaf, **11.** kr, **12.** slæva, **14.** aðals, **16.** ös, **17.** nýt, **18.** níu, **20.** fr, **21.** naut.
**LÓÐRÉTT: 1.** rigs, **3.** át, **4.** fúkalyf, **5.** urr, **7.** malasía, **10.** fæð, **13.** van, **15.** strý, **16.** önn, **19.** uu.


# Helgarblað
alla laugardaga



## Gerir aðra mynd með Baltasar sem fyrst

Harðjaxlinn Mark Wahlberg í einkaviðtali við Fréttablaðið um Contraband, samstarfið við Baltasar og uppáhaldsleikarann sinn: Ólaf Darra.

**Meðal annars efnis:**

**Frá messu til sjósunds**
Jólahátíð Rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar, sem haldin er í janúar, hefst með messu og lýkur með sjósundi.

**Einn sigursælasti leikmaður íslenskrar knattspyrnu fallinn frá**
Sigursteins Gíslasonar minnst í máli og myndum.



Allt sem þú þarft


# Falskur söngur heykvíslakórsins

BAKÞANKAR
Sifjar Sigmarsdóttur



Hver stal kökunni úr krúsinni í gær? Geir stal kökunni úr krúsinni í gær. „Ha, ég? Ekki satt.“ Hver þá? „Björgólfur stal kökunni úr krúsinni í gær.“

**KYNSLÓÐUM** saman hefur leikurinn „Hver stal kökunni“ verið kenndur íslenskum börnum. Taktfast, mónótónískt sönglið flutt við undirleik lófaklapps og lærskella virðist allsendis saklaus skemmtun. Á þriggja ára afmæli búsáhaldabyltingarinnar sem fagnað er í dag læðist hins vegar að manni sá grunur að leikurinn hafi gert meira en að hafa ofan af fyrir landanum.

**Í „HVER STAL KÖKUNNI“** er æskunni innrætt að axla ekki ábyrgð heldur benda einfaldlega á næsta mann. Búsáhaldabyltingin var viðbrögð við þessum landlæga ósið í kjölfar efnahagshruns sem allir létust saklausir af. Hneykslismál undanfarinna vikna kennd við salt, sílíkon og kadmíum bera hins vegar vott um að, nú, þremur árum síðar, sé inngróinn skortur á ábyrgðarkennd langt frá því að vera á undanhaldi. Hver höndin er upp á móti annarri með vísifingur sperrtan, reiðubúinn að beina sökinni á næsta mann. Seljandi iðnaðarsalts bendir á eftirlitsstofnanir; matvælaframleiðendur látast bæði blindir og ólæsir; lýtalæknir bendir á ríkið; Vigdís Hauksdóttir bendir á krata. Fólkið sem strandaði skútunni situr enn á þingi og starfsmenn bankanna sem voru á vakt láta sem ekkert hafi í skorist. Ekki er því að undra að þau okkar sem stóðu á Austurvelli í janúarmánuði 2009 vopnuð eldhúsáhöldum séu vonsvikin.

**SVO** langeygðir virðast hins vegar sumir orðnir eftir útópíunni sem lagt var upp með, að undir formerkjunum „tilgangurinn helgar meðalið“ hefja þeir heykvíslirnar á loft. Þannig upphófst falskur söngur heykvíslakórsins þegar fjölmiðlar vöktu máls á því nýverið hvort hleranir sérstaks saksóknara væru alltaf að lögum. Þetta þótti kórnum smámunasemi. Annarlegar hvatir hlutu að liggja að baki umfjölluninni. Sama var uppi á teningnum þegar forseti lagadeildar HÍ sagðist telja að mannréttindi hefðu verið brotin í meðferð dómsmáls gegn Baldri Guðlaugssyni, fyrrverandi ráðuneytisstjóra.

**SAMSÆRISKENNINGAR** og alhæfingar sem þessar tröllríða nú öllu: „Landsdómsmálið er pólitískar ofsóknir.“ „Fari Geir ekki fyrir dóminn jafngildir það afneitun á hruninu.“ „Fari hann fyrir dóminn sekkur réttarríkið Ísland í sæ.“ Auðvitað skiptir máli hver stal iðnaðarsaltaðri, kadmíumkryddaðri kökunni. Hyggjumst við hins vegar ekki ganga af draumsýn búsáhaldabyltingarinnar dauðri gerum við það samkvæmt leikreglum samfélagsins, öfgalaust og án þess að sökkva niður á plan þeirra sem dældu í hana eitrinu.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# TOSHIBA FARTÖLVUTILBOÐ

## AÐEINS 10 STK. AF HVERJU TILBOÐI !

## 10-40.000 KRÓNA AFSLÁTTUR !




**TOSHIBA** Satellite C660-152
Fartölva með 15,6" WXGA LED skjá, 2.4 GHz Intel Core i3-370M örgjörva, Intel HD Graphics 4500M með samnýttu minni, 2GB vinnsluminni og 250GB hörðum diski. Kemur með Windows 7 Professional.

**89.990**
Fullt verð 99.990




**TOSHIBA** Satellite C660-1N8
Kraftmikil fartölva með 15,6" skjá, Intel Core i5-2410M örgjörva, Intel Graphics 3000 skjákorti sem samnýtir allt að 1720MB af minni vélarinnar og 500GB hörðum diski.

**99.990**
Fullt verð 129.990




**TOSHIBA** Satellite L755-18T
Öflug fartölva með 2.1GHz Intel Core i3 - Dual Core örgjörva með Hyper Threading , 2GB DDR3 Geforce GT 525M skjákorti, 6GB 1333MHz vinnsluminni, 15.6" skjá, 640GB hlóðlátum hörðum diski. USB 3.0 og HDMI tengi og kortalesari.

**119.990**
Fullt verð 139.990




**TOSHIBA** Satellite R850-10F
Glæsilega hönnuð fartölva með 2.9GHz Intel Core i5-2410M með Turbo boost, Intel HD Graphics 3000 skjákorti, 4GB vinnsluminni, 15.6" skjá, og 500GB hljóðlátum hörðum diski. Öflugir tengimöguleikar með USB 3.0, eSATA, HDMI tengjum og kortalesara.

**119.990**
Fullt verð 159.990

tl.is

## STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS




OPNUNARTÍMI:
Virka daga 9-18
Laugardaga 11-16

# TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FÖSTUDAGUR OPNUM KL.10 FÖSTUDAGUR OPN
KÆLIVARA
Hörfræolía
Engiferdrykkur
KÆLIVARA
Hveitikím
Kolsýrt vatn
BÓNUS
998 KR. 250 ML
HÖRFRÆOLÍA
259 KR. 330 ML
ENGIFERDRYKKUR
259 KR. 500 GR
HVEITIKÍM 500G
159 KR. 2 LTR.
BÓNUS VATN 2 LTR.
MANGÓ
RISAPOKI
MÖNDLUR MEÐ HÝÐI
Himalayasalt
coco drink pure organic coconut juice
298 KR. 90 GR
HEIMA HRÁFÆÐI
ÞURRKAÐ MANGÓ
698 KR. 500 GR
HEIMA
MÖNDLUR
259 KR. 300G
HIMALAYASALT
398 KR. 500ML
LÍFRÆNT KÓKOSVATN 500ML
EUROSHOPPER
NÚÐLUR Í POKA
85 GR /BEEF
BEST FYRIR MARS 2012
15 KR. PK
Nudler med kjøttsmak
Lihanmakuinen pikanuudeli
7 sneiðar
BÓNUS SPELT RÚGBRAUÐ
179 KR. 280 GR
BÓNUS 7 SNEIÐAR SPELT RÚGBRAUÐ
198 KR. 4 STK
BÓNUS MJÚKAR KRINGLUR
298 KR. 4 STK
BÓNUS KJALLARABOLLUR MEÐ OSTI
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## ...NUM KL.10 FÖSTUDAGUR OPNUM KL.10




**79** KR. 500 ML

**THULE** 500ML




**7500** KR. 120 STK

**HYDROXICUT HARDCORE**




**1395** KR. KG

TILBÚIÐ Í OFNINN

**FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB**

SÉRSKORIÐ BÓNUS LAMBALÆRI ÞAR SEM EFSTI HLUTI MJAÐMABEINS OG RÓFUBEINIÐ ER SKORIÐ FRÁ OG ÞVÍ ER MEIRA KJÖT OG MINNA BEIN Á LÆRINU!




**1395** KR. KG

**FERSKT SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI**

ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS




**1995** KR. KG

**KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR**




**2998** KR. KG

**SÚR HVALUR** LANGREYÐUR




**1495** KR. KG

KJARNAFÆÐI

**LONDONLAMB I. FLOKKUR**




**2598** KR. KG

SLÁTURFÉLAGIÐ

**SÚRIR HRÚTSPUNGAR**



**298** KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA

**FROSIN LAMBASVIÐ**




**498** KR. 100 GR

**HÁKARL Í BITUM** FRÁ BJARNARHÖFN



Ali

**FERSKUR GRÍSABÓGUR**

**698** KR.KG



**979** KR. 135 GR

SJÓMAÐURINN **HARÐFISKUR 135 GR.**




**2198** KR. 1.3 KG

**SS BLANDAÐUR SÚRMATUR Í FÖTU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | | 8 | 6 | 1 | | |
| 2 | | | 9 | | | 4 | | |
| | 3 | | 7 | | 2 | | | 5 |
| 5 | | | | | | 3 | | |
| 4 | | | 8 | | 7 | | | 2 |
| | | 7 | | | | | | 8 |
| 1 | | | 2 | | 8 | | 3 | |
| | | 6 | | | 5 | | | 1 |
| | | 2 | 3 | 1 | | | 5 | |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU 27 ER Á BONUS.IS 27

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

! **ÚTGÁFU BÓKARINNAR EQUIVOCAL** verður fagnað í húsakynnum Crymogeu á Barónsstíg 27 í dag klukkan 17. Bókin inniheldur ljósmyndir Katrínar Elvarsdóttur sem sýndar voru í Galleríi Ágústi á sýningum árið 2008 og 2010.

Myndlist ★★★★☆

**Í afbyggingu**

Libia Castro og Ólafur Ólafsson

**Til 19. febrúar. Listasafn Íslands er opið 11-17 alla daga nema mán.**

## Sungið í Feneyjum



Ólafur og Libia voru fulltrúar Íslands á Tvíæringnum í Feneyjum á síðasta ári. Nú stendur yfir í Listasafni Íslands sýning á Feneyjaverkunum. Þetta eru þrjú, samsett verk; Landið þitt er ekki til, Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, og Niðurkvaðning fornra drauga. Eins og önnur verk Libiu og Ólafs eru innsetningarnar lagaðar að því húsnæði þar sem þær eru sýndar.

Listamennirnir hafa á ferli sínum leitast við að vinna með ýmsa þætti menningar á ólíkum stöðum. Ýmist í beinum tengslum við staðbundna menningu eða óbeint eins og í verkinu Landið þitt er ekki til, þar sem merkingin breytist eftir aðstæðum. Þau hafa m.a. vakið athygli á kjörum verkamanna, fjölmenningu samtímans og stöðu kynjanna. Svo ég grípi til nokkurrar einföldunar leitast þau í list sinni almennt við að birta og vekja athygli á almennum, viðteknum hugmyndum og aðstæðum í samfélagi samtímans, einna helst í hinum vestræna heimi. Stundum leita þau til fortíðar, til hugmynda og skrifa liðinnar tíðar, en þá einnig til að varpa ljósi á samtímann.

Vinnuaðferðir þeirra eiga að hluta rætur sínar að rekja til vinnu listamanna á síðari hluta tuttugustu aldar, hugmyndalistamanna og þeirra sem litu á list sem mögulegt tól á pólitískum vettvangi. Hugmyndir situationista koma upp í hugann, eins t.d. samspilið og andstæðurnar í textum, myndum og hljóði í kvikmyndum franska leikstjórans Jean-Luc Godard. Í samtímanum hefur list þeirra verið tengd venslalist; list í tengslum við samfélagslegt umhverfi.

Libia og Ólafur vinna í ýmsa miðla og sækjast eftir því að ná til almennings sem kemur t.d. fram í samvinnu þeirra við RÚV. Verk þeirra eru misjafnlega opin til túlkunar, sum eru nokkuð flókin, önnur tærari og skýrari. Hljóðverkið Niðurkvaðning fornra drauga býr yfir dirfsku og húmor en inntak þess skilar sér ekki nema mátulega, erótísk áleitni verksins og samspil texta, stuna og andvarpa eru spennandi út af fyrir sig en tengslin milli inntaks verksins og útfærslu þess rofna svolítið fyrir vikið.

Samvinnan við tónskáldið Karólínu Eiríksdóttur er frjó og vel til fundin. Landið þitt er ekki til er mjög vel heppnað í útfærslu þess í Feneyjum. Söngur Ásgerðar Júníusdóttur er kraftmikill og glæsilegur þegar hann ómar um síki Feneyja, hugmyndin um söngkonu í gondól sem myndlistarverk í almenningsrými er afbragð, og myndbandið nær að sýna sérstakt götulíf Feneyja sem áhugavert mótvægi við sunginn textann. Stjórnarskráin er líka skemmtileg hugmynd, skýrt útfærð og vekur áhorfandann og hlustandann til umhugsunar um grundvallargildi samfélagsins.

Í heildina er sýningin áhugaverð og vel unnin og áhugavert fyrir almenning að sjá framlag Íslands til eins mikilvægrar sýningar og Tvíæringurinn í Feneyjum er á alþjóðavettvangi.

**Ragna Sigurðardóttir**

**Niðurstaða:** **Libia og Ólafur voru fulltrúar Íslands á Feneyjatvíæringnum á síðasta ári. Áleitin verk þeirra fjalla um menningu og málefni samtímans. Frábært framlag þeirra Karólínu Eiríksdóttur tónskálds og Ásgerðar Júníusdóttur söngkonu gera sýninguna sérstaklega skemmtilega heim að sækja.**

# LÆSI ER GRUNNUR AÐ ÞROSKA SAMFÉLAGSINS

**Rannsóknir sem sýna slakan lesskilning ungmenna urðu til þess að hópur rithöfunda tók höndum saman og skipulagði ráðstefnu sem fram fer á morgun. Vonir standa til að hún verði upphaf að eflingu lesturs á Íslandi.**



**VEL LÆS ÞJÓÐ BETUR BÚIN UNDIR FRAMTÍÐINA** Það er fullorðinsmál að börn lesi segir Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Kveikjan að ráðstefnunni voru ógnvekjandi upplýsingar sem þjóðinni bárust á haustdögum, niðurstöður Písakönnunar sem sýndu meðal annars að þriðjungur 15 ára drengja skilji varla skólabækur," segir Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur sem er meðal aðstandenda ráðstefnunnar Alvara málsins – Bókaþjóð í ólestri sem fram fer í Norræna húsinu á morgun.

„Í ofanálag hafa borist fregnir um niðurskurð á skólabókasöfnum og að fullorðnir, þar með talið kennarar, fylgist lítt með því sem er í boði til lestrar fyrir börn og unglinga. Í framhaldi af þessum fréttum hópuðum við okkur saman nokkrir rithöfundar og veltum því fyrir okkur hvað við gætum gert til þess að sporna við þessu. Læsi er grunnur að þroska samfélagsins og við erum sammála um að vel læs þjóð sé betur búin undir framtíðina en illa læs," segir Kristín Helga.

Hún bætir við að fjölskyldur gætu gert margt vitlausara en að hefja húslestur til fyrri virðingar. „Fjölskyldur gætu líka stofnað leshring innan veggja heimilisins. Það er fullorðinsmál að börn lesi og við þurfum sannarlega að gera meira en að biðja börnin bara að slökkva á tölvunni og fara að lesa. Ráðstefnan er ákall til þjóðarinnar, við viljum að hver og einn spyrji sig hvernig get ég lagt mitt af mörkum?" **sigridur@frettabladid.is**

## ALVARA MÁLSINS

Ráðstefnan í Norræna húsinu hefst á morgun klukkan tvö og stendur til fjögur. Dagskráin hefst með söng Ljótakórsins, þá flytur Jón Kalman Stefánsson rithöfundur ávarp, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, prófessor og forstöðumaður Rannsóknarstofu um þroska, mál og læsi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, flytur erindið Lestur er málið. Læsi er skilningur er erindi Daníels Andra Halldórssonar nema í 10. bekk í Giljaskóla á Akureyri. Þá heldur Brynhildur Þórarinsdóttir, rithöfundur og lektor við Háskólann á Akureyri, erindið Lestrarhestamennska – heillandi fjölskyldusport og að lokum flytur Guðmundur Engilbertsson, lektor við Háskólann á Akureyri, erindið Lestur er bæði yndislegt og uppbyggileg iðja. Svavar Knútur syngur og leikur. Dagskrárstjóri er Eva María Jónsdóttir.

Ráðstefnan er haldin í samvinnu rithöfundanna við Rithöfundasamband Íslands, Reykjavík Bókmenntaborg Unesco, Rannsóknarstofu um þroska, mál og læsi á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Norræna húsið.



**NEI!** Gjörningur Santiago Sierra hefur vakið athygli vegfarenda í Reykjavík undanfarna daga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Svarta keilan sett upp á Austurvelli

Svörtu keilunni, minnisvarða um borgaralega óhlýðni, verður komið fyrir á Austurvelli í dag klukkan 13. Verkið samanstendur af nær tveggja metra háum steindranga. Tæplega hálfs metra svört stálkeila verður rekin í bjargið og þannig framkölluð varanleg sprunga í það.

Það er spænski listamaðurinn Santiago Sierra sem stendur að baki gjörningnum, en hann er hluti af sýningu listamannsins sem nú stendur yfir í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur.

Með gjörningnum vill Sierra minna á mikilvægi borgaralegra réttinda í lýðræði og þar með talið rétt þegna til að neita því að hlýðnast óréttlátum lögum og kröfum yfirvalda.

Dagsetning gjörningsins er valin vegna sögulegra mótmæla sem haldin voru á Austurvelli fyrir þremur árum, 20. janúar 2009, þegar þúsundir einstaklinga söfnuðust þar saman í tilefni af setningu Alþingis. Tilgangur gjörningsins er að minnist þeirra mótmæla og bylgju mótmæla sem hafa átt sér stað víða um heim á síðustu árum, allt frá arabíska vorinu til umsátursins um Wall Street.

Sýning Sierra stendur til 15. apríl. **- hhs**



www.panama.is

# HEIMA ER BEZT!

ndægurs á höfuðborgarsvæðinu um helgina! Afhendum bókina samdæ

hendum bókina samdægurs á höfuðborgarsvæðinu um helgina! Afhend

amdægurs á höfuðborgarsvæðinu um helgina! Afhendum bókina samd

# LOKSINS FÁANLEG AFTUR!

3. prentun
komin á panama.is






Í bókinni er m.a. að finna uppskriftir að spennandi hollusturéttum úr smiðju Kolbrúnar Björnsdóttur grasalæknis og Sólveigar Eiríksdóttur (Sollu á Gló).

Góð melting er undirstaða góðrar heilsu og vellíðunar. Í þessari áhugaverðu og aðgengilegu bók rekur Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir á skýran og einfaldan hátt hvernig meltingarkerfið virkar og hvernig þú getur komið starfsemi þess í lag!

„Algerlega ómissandi bók“
**Jóhanna Vilhjálmsdóttir, fjölmiðlakona**

~~4.990,-~~ **4.590,-**

SPLUNKUNÝJAR BÆKUR Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI!

Panama.is
-bóksala á netinu

# Fjallabræður og gestir í Hofi

Fjallabræður koma í fyrsta skipti saman á Akureyri á tónleikum í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri á laugardagskvöldið klukkan 20. Kórfélagar, sem eru á fimmta tug, eru flestir að vestan en þó er kjarninn frá Flateyri. Í kórnum eru líka nokkrir Reykvíkingar sem allir eiga það sameiginlegt að þekkja fjöllin fyrir vestan með nafni og/eða hafa drukkið sjálfa sig undir borðið á þorrablóti á Vestfjörðum.

Í Fjallabræðrum er einungis ein kona, Unnur Birna Björnsdóttir, en hún bæði syngur og spilar á fiðlu. Hún mun meðal annars flytja hið þjóðlega og stóra lag Ísland, sem Fjallabræður frumfluttu í Fríkirkjunni í nóvember, auk þess að frumflytja lag eftir sjálfa sig. Unnur er dóttir Björns Þórarinssonar, orgelleikara og skólastjóra Tónræktarinnar á Akureyri. Þau feðgin taka oft og iðulega lagið saman og útilokar Unnur ekki að svo verði í þetta sinn líka.

Sérstakir gestir á tónleikunum í Hofi verða Sverrir Bergmann og Jónas Sig úr Ritvélum framtíðarinnar.

Fljótlega eftir tónleikana flýgur Unnur af landi brott, en hún ætlar að dvelja í Rómaborg næsta hálfa árið. „Ég ætla að æfa og semja, ef til vill að finna mér einkakennara, en fyrst og fremst að gera sem minnst,“ segir Unnur Birna, sem ætlar þó alls ekki að yfirgefa Fjallabræður fyrir fullt og allt. „Nei, ég tími því alls ekki. Ég yrði þá bara að kalla eftir þeim til mín, ef ég ílengist eitthvað þarna.“ - hhs



**FJALLABRÆÐUR** Unnur Birna Björnsdóttir, eini kvenmeðlimur Fjallabræðra, leitar andrýmis í Róm á næstu dögum. Þetta verða því síðustu tónleikar hennar með kórnum í bili.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 20. janúar 2012**



### Tónleikar

**12.15** Tveir af liðsmönnum Tríós Reykjavíkur, þau Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og **Peter Máté** píanóleikari, bjóða upp á tónleika í hádegistónleikaröð Kjarvalsstaða. Allir velkomnir og aðgangur er ókeypis.

### Sýningar

**20.00** Santiago Sierra opnar sýningu í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Aðgangur er ókeypis fyrir Menningarkortshafa og stendur sýningin til 15. apríl.

### Uppákomur

**16.00** Hóf verður haldið í Bókabúð Máls og menningar í tilefni af útgáfu á geisladiski Eysteins Péturssonar, Það er margt í mannheimi. Eysteinn mætir með gítarinn og flytur nokkur lög og boðið verður upp á léttar veitingar. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

**22.00** Prikið býður fólki að skyggnast inn í framtíðina í gegnum spákonu. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

### Málþing

**13.00** Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar og Guðfræðistofnun Háskóla Íslands efna til málþings í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. Yfirskrift málþingsins er Trú og trúarbrögð á 21. öld. Aðalfyrirlestur flytur dr. Hjalti Hugason, prófessor við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands.

### Tónlist

**12.00** Tónlist eftir Stefán Ómar Jakobsson undir yfirskriftinni Hrynskáldið og hljóðfæraleikarinn verður flutt á hádegistónleikum í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði. Flytjendur eru Andrés Þór Gunnlaugsson, Jón Rafnsson og Stefán Ómar Jakobsson. Aðgangseyrir er kr. 1.000.



**21.00** Bar 11 heldur áfram með vetrartónleikaröð sína í samstarfi við Tuborg. Hljómsveitin **Sykur** kemur fram að þessu sinni og DJ mætir í búrið strax eftir tónleika. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Kristján Pétur Sigurðsson, Skrokkabandið og fleiri halda tónleika á Ob-La-Dí Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

# Nýtt lag frá Prinspóló

Prinspóló hefur gefið út á netinu lagið Föstudagsmessa. Það er fyrsta lagið sem hann sendir frá sér síðan breiðskífan Jukk kom út haustið 2010. Árni Rúnar Hlöðversson úr FM Belfast var Prinsinum til halds og trausts í upptökum á laginu. Jafnframt er komið út myndband við lagið sem Berglind Häsler gerði ásamt Prinsinum.

Fernir tónleikar með Prinspóló verða haldnir í febrúar. Fyrst spilar hann á Faktorý 16. febrúar en verður svo á By:Larm-hátíðinni í Ósló og stígur á svið í Belgíu og Sviss.



**NÝTT LAG** Prinspóló hefur gefið út lagið Föstudagsmessa.

**Gott í bíó:** Hafsteinn Gunnar Sigurðsson

# Fyndin en sorgleg saga



Hafsteinn Gunnar Sigurðsson leikstjóri mælir með kvikmyndinni The Descendants í leikstjórn Alexanders Payne sem frumsýnd verður um helgina. Hann er sjálfur mikill aðdáandi Paynes og er hrifinn af þessari nýjustu mynd leikstjórans.

„Ég hef séð myndina og var mjög ánægður með hana. Þessi leikstjóri er í miklu uppáhaldi hjá mér og ég mæli með að allir þeir sem hafa gaman af fyndinni en sorglegri sögu skelli sér á hana."

Kvikmyndin er byggð á sögu Kaui Hart Hemmings og skartar George Clooney í aðalhlutverki.



**23.30** Hljómsveitin Góðir landsmenn mun troða upp alla helgina á skemmtistaðnum Spot í Kópavogi. Með þeim í för verður söngkonan **Lísa Einars.** Miðaverð er kr. 1.500.

## ➔ Fyrirlestrar

**12.00** Gerry Hassan heldur fyrirlestur um sjálfstæði Skotlands undir yfirskriftinni The Beginning of the Break-up of Britain: The Consequences and Potential of Scottish Independence. Fyrirlesturinn er á vegum The English-Speaking Union og verður haldinn í fundarsal Þjóðarbókhlöðunnar. Fundarstjóri verður Stefán Pálsson sagnfræðingur en fyrirlesturinn fer fram á ensku og allir eru velkomnir.

**12.00** Már Guðmundsson seðlabankastjóri verður með erindi á fundaröð Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands. Hann mun fjalla um hvernig gallar regluverks Evrópusambandsins komu berlega í ljós við fall íslensku bankana haustið 2008. Fyrirlesturinn fer fram í Lögbergi, stofu 101.

**12.00** Egill Viðarsson heldur hádegisfyrirlestur við tónlistardeild LHÍ í Sölvhóli undir yfirskriftinni Höfundarréttur, þjóðlög og eignarhald á menningu: Deilurnar um Vísur Vatnsenda-Rósu. Allir eru velkomnir og er aðgangur ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



**RANGT FEÐRUÐ** Khloe Kardashian er sögð vera dóttir O.J. Simpson í bandarísku tímariti. NORDICPHOTOS/GETTY

# Khloe sögð rangfeðruð

**Mikið hefur verið spáð í faðerni raunveruleikastjörnunnar Khloe Kardashian undanfarið en sumir virðast halda að hún sé í raun ekki dóttir Roberts Kardashian heitins.**

Tímaritið The National Enquirer heldur því fram að O.J. Simpson hafi lýst því yfir að hann væri faðir Khloe. Simpson á að hafa treyst samfanga sínum fyrir leyndarmálinu en sá lak því til The National Enquirer.

Talsmaður Kardashian-fjölskyldunnar hefur þó neitað því að nokkurt sannleikskorn sé í fréttinni heldur sé hún uppspuni frá upphafi til enda.


FUNDARÖÐ ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUNAR HÁSKÓLA ÍSLANDS

EVRÓPA

SAMRÆÐUR VIÐ FRÆÐIMENN

Hádegisfundaröð Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands heldur áfram á vormisseri en stofnunin hlaut nýverið Jean Monnet styrk til að stuðla að upplýstri umræðu um Evrópumál á Íslandi. Fundirnir fara fram í Lögbergi 101 frá kl. 12 til 13 á föstudögum. Að auki fléttast inn í dagskránna málstofur í samvinnu við ýmsa aðila.

DAGSKRÁ FUNDARAÐARINNAR JANÚAR-APRÍL 2012

**Föstudagur 20. janúar**
Bankahrunið og regluverk Evrópusambandsins
**Már Guðmundsson**, seðlabankastjóri

**Föstudagur 27. janúar**
Stjórna stóru aðildarríkin öllu? Tíu fullyrðingar um nýja Evrópustefnu Þýskalands
**Simon J. Bulmer**, prófessor í Evrópufræðum við Sheffield háskólann í Bretlandi

**Föstudagur 3. febrúar**
Áskoranir Evrópusambandsins
**Anna Jardfelt**, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Svíþjóðar

**Föstudagur 10. febrúar**
Evrópusambandið og afleiðingar arabíska vorsins
**Jordi Vaquer i Fanés**, forstöðumaður Barcelona Centre for International Affairs á Spáni

**Föstudagur 17. febrúar**
Eru Bandaríkin að hlusta á Evrópu?
**Michael T. Corgan**, prófessor í alþjóðasamskiptum við Boston háskóla í Bandaríkjunum

**Föstudagur 24. febrúar**
Loftslagsmál og Evrópa
**Navraj Singh Ghaleigh**, lektor við Edinborgarháskóla í Skotlandi

**Föstudagur 2. mars**
Ísland og sameiginleg öryggis- og varnarmálastefna Evrópusambandsins
**Alyson Bailes**, aðjúnkt við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands

**Föstudagur 9. mars**
Smáríki: Frumkvöðlar og fyrirmyndir í Evrópusambandinu
**Annika Björkdahl**, dósent við Stjórnmálafræðideild háskólans í Lundi í Svíþjóð

**Föstudagur 16. mars**
Aðlögun Eistlands og Finnlands að utanríkis- og öryggismálastefnu ESB
**Kristi Raik**, fræðimaður við Alþjóðamálastofnun Finnlands

**Föstudagur 23. mars**
G-20 og Evrópusambandið: Þróun hnattrænnar stjórnsýslu
**Juha Jokela**, deildarstjóri við Alþjóðamálastofnun Finnlands

**Föstudagur 30. mars**
Stækkunarmál ESB: Balkanskaginn
**Julie Herschend Christoffersen**, fyrrv. fræðimaður við Alþjóðamálastofnun Danmerkur

**Föstudagur 13. apríl**
Nýtt hlutverk NATO í alþjóðasamfélaginu
**Trine Flockhart**, fræðimaður við Alþjóðamálastofnun Danmerkur

**Föstudagur 20. apríl**
Umræðuvettvangur í Evrópu: Opinn eða einangraður?
**Maximilian Conrad**, lektor við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands

**Föstudagur 27. apríl**
Almenningsálitið í Evrópusambandinu
**Göran von Sydow**, fræðimaður við Evrópufræðasetur Svíþjóðar

Allir velkomnir

Nánari upplýsingar: www.hi.is/ams eða www.facebook.com/althjodamalastofnun

ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN
RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI

Education and Culture
Lifelong Learning Programme
JEAN MONNET

folk@frettabladid.is



**4 MÁNUÐIR** eru síðan leikararnir Eva Mendes og Ryan Gosling rugluðu saman reytum en vinir Goslings segja hann vera kominn með Mendes á heilann og að sambandið sé óheilbrigt vegna þessa.

# Adele jafnar metið



**VINSÆL** Nýjasta plata Adele hefur selst eins og heitar lummur.

Plata bresku söngkonunnar Adele, 21, hefur verið í sextán vikur á toppi bandaríska Billboard-listans. Þar með hefur hún jafnað met sem aðeins fjórar aðrar plötur áttu fyrir. Tvær þeirra eru með tónlist úr kvikmyndunum Bodyguard og Titanic en hinar eru með sveitasöngvurunum Garth Brooks og Billy Ray Cyrus.

Í Bretlandi hefur 21 verið í nítján vikur á toppnum sem er meira en nokkur plata hefur náð síðan 1971, eða í 41 ár.

Adele þarf samt að hafa sig alla við ætli hún að bæta metið í Bretlandi. Það eiga þeir Simon og Garfunkel með plötuna Bridge Over Troubled Water sem sat í 33 vikur í toppsætinu.

Platan 21 var vinsælasta plata síðasta árs víða um heim og seldist meðal annars mjög vel hér á landi. Í Bretlandi og Bandaríkjunum hefur hún samanlagt selst í níu milljónum eintaka.




# ÍSLENSK AMERÍSKA

Bíó ★★★★☆

**Contraband**

Leikstjórn: Baltasar Kormákur

**Leikarar:** Mark Wahlberg, Kate Beckinsale, Giovanni Ribisi, Ben Foster, Lukas Haas, Caleb Landry Jones, J.K. Simmons, Ólafur Darri Ólafsson



**GÓÐUR** Mark Wahlberg er ekki sá besti, en ræður vel við hlutverk sitt í Contraband að mati gagnrýnanda.

Það er ótrúlegt að hugsa til þess að Contraband, Mark Wahlberg-myndin sem þénaði rúmlega 24 milljónir dala í bandarískum bíóhúsum um síðustu helgi, sé upprunnin úr hatti Skara Skrípó. Sú staðhæfing er að vísu ákaflega mikil einföldun, en ef ske kynni að það hafi farið fram hjá einhverjum þá er myndin endurgerð hinnar alíslensku og eiturhressu Reykjavík-Rotterdam frá árinu 2008 sem Óskar leikstýrði. Aðalleikari íslensku myndarinnar, Baltasar Kormákur, hefur nú aðlagað söguna amerískum aðstæðum, en þó eru myndirnar tvær glettilega líkar.

Wahlberg leikur Chris Farraday, fyrrverandi smyglara, sem hefur snúið sér að löglegri iðju. Mágur hans flækist í fíkniefnamál sem endar með ósköpum, og eftir stendur há peningaskuld við ósanngjörn illmenni. Eins og illmennum er von og vísa herja þau á stórfjölskylduna, og sér fyrrnefndur Farraday ekki vænni kost í stöðunni en að fara í enn einn smygltúrinn og ræður því sig og bannsettan máginn á gámaskip á leið til Panama, en því fylgir að sjálfsögðu hasar.

Ólíkt mörgum nýlegum hasarmyndum skýlir Contraband sig ekki á bak við viðstöðulausan hávaða og yfirgengilegt sjónrænt áreiti. Það er raunverulegt spenna til staðar og myndin andar nokkuð eðlilega. Wahlberg hefur aldrei verið besti leikarinn í bransanum en hann hefur óumdeilanlegan sjarma og ræður vel við hlutverkið sitt hér. Ribisi skemmtir sér konunglega í hlutverki ógeðslegs dópsala og óbermis, J.K. Simmons er spaugilegur í hlutverki skipstjórans, og síðan fáum við Íslendingarnir óvæntan glaðning um borð, en þar er að finna stórglæsilegan Ólaf Darra. Hann segir ekki mikið en nærvera hans er sterk.

Leikstjórinn Baltasar skilar hér góðu verki þó að erfitt sé að finna höfundareinkenni, enda sjaldan sem leikstjórar hasarmynda leyfa sér slíkt. Takturinn er temmilegur framan af og stígandinn góður. Myndatakan er óstöðug en þó ekki um of og klippingin snyrtileg. Ég held ég sé ekki of litaður af íslensku monti þegar ég fullyrði að endurgerðin hafi heppnast ljómandi vel. Það er gaman að sjá íslenskan listamann reyna við formúlumyndagerð og hitta beint í mark. Contraband er síðasti naglinn í líkkistu hinnar langlífu mýtu um að Íslendingar kunni bara að búa til kvikmyndir um sjálfsmorð og nauðganir uppi í sveit.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Coco hafði rétt fyrir sér. Contraband er þrælfín.






**LEIKUR EKKJUMANN** Daniel Radcliffe ásamt meðleikurum sínum úr Harry Potter.

# Allt öðruvísi en í Potter

Daniel Radcliffe, sem er þekktur fyrir hlutverk Harry Potter í samnefndum myndum, leikur ekkjumann og föður í nýrri draugamynd. Hún nefnist The Woman in Black og er byggð á samnefndri draugasögu Susan Hill.

Hann gerir sér grein fyrir því að hlutverkið er töluvert öðruvísi en fólk á að venjast af honum úr Harry Potter-myndunum. „Ég lít allt öðruvísi út í The Woman in Black en fólk á að venjast. Ég held að fólk eigi ekki eftir að hugsa: „Af hverju er hann ekki í skólabúningi?“ þegar það horfir á myndina,“ sagði Radcliffe í viðtali við Metro. „Ég hlakka til að vita hvað fólki finnst um myndina. Hún er mjög spennandi, mjög falleg og bara ekta bresk hryllingsmynd. Ég held að fólk eigi eftir að hafa gaman af henni.“

Myndin er væntanleg á hvíta tjaldið í febrúar og er sú fyrsta sem Radcliffe leikur í síðan hann var í síðustu Harry Potter-myndinni sem kom út í fyrra.

Hinn 22 ára leikari er með fleiri járn í eldinum því hann fékk nýlega hlutverk sem ljóðskáldið Allen Ginsberg í spennumyndinni Kill Your Darlings.

# Beosound 4

Beosound 4 er geislaspilari og útvarp með tengimöguleika fyrir mp3 spilara. Beosound 4 fæst einnig með veggfestingu og gólfstandi.

# Beolab 4

Beolab 4 eru hátalarar sem færa þér kristaltæran hljóm, þeir eru hannaðir af yfirhönnuði B&O David Lewis.




# BANG & OLUFSEN

Síðumúla 21, Reykjavík

Sími 581 1100 ,  reykjavik@beostores.com

www.bang-olufsen.is

Opnunartími verslunar  10:00 - 18:00 alla virka daga • 11:00 - 14:00 laugardaga



# Bætir rósum í hnappagatið

Ryan Seacrest sló fyrst í gegn sem kynnir í hinum ótrúlega langlífu þáttum American Idol. Í dag er hann orðinn einn vinsælasti fjölmiðlamaður heims. Hann virðist ekki hafa í hyggju að glata þeirri stöðu á næstunni, því hinn 37 ára gamli fjölmiðlakóngur er nú kominn með sína eigin sjónvarpsstöð. Seacrest hefur í samstarfi við AEG og hæfileikaskrifstofuna CAA náð samningum við frumkvöðulinn Mark Cuban um breytingar á sjónvarpsstöð hans, Hdnet, sem er bandarísk gervihnattastöð. Breytt stöð mun fá nýtt nafn og heita AXS TV og mun Seacrest þar beina sjónum sínum að lífsstíl og skemmtun. **- trs**



**MÓGÚLL** Ryan Seacrest er búinn að stofna sjónvarpsstöð.






**NÝ PLATA** Tónlistarmaðurinn Þórir Georg hefur gefið út plötuna Janúar.

# Þórir gefur út Janúar

**Tónlistarmaðurinn Þórir Georg hefur gefið út nýja plötu sem nefnist Janúar. Hún kom út á netinu á nýársdag og er væntanleg í verslanir á geisladisk og kassettu.**

**Þórir starfaði lengi vel undir listamannsnafninu My Summer as a Salvation Soldier. Hann hefur einnig spilað í böndum eins og Gavin Portland, The Deathmetal Supersquad, Fighting Shit, Ofvitunum og fleirum. Á nýju plötunni leitar Þórir til síðpönks og nýbylgjusveita níunda áratugarins og gerir tilraunakennda popptónlist með skírskotun í raf- og óhljóðatónlist.**



**NÝ PLATA** Wrecking Ball nefnist nýjasta plata Bruce Springsteen.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Nafn komið á nýja plötu

**Næsta plata Bruce Springsteen nefnist Wrecking Ball og kemur hún út í byrjun mars. Fyrsta smáskífulagið er komið út og heitir það We Take Care of Our Own. Tvö ár eru liðin síðan síðasta plata Springsteens, The Promise, leit dagsins ljós.**

**Tom Morello, gítarleikari Rage Against The Machine, aðstoðar „Stjórann" á nýju plötunni og einnig Matt Chamberlain, fyrrverandi trommari Pearl Jam. Springsteen fer í tónleikaferð um Evrópu til að fylgja plötunni eftir og hefst hún á Spáni í maí.**



# sport

sport@frettabladid.is

EM í handbolta 2012

**ÍSLAND** hefur tapað öllum þremur leikjum sínum á stórmótum á móti löndum frá fyrrum Júgóslavíu þegar leikirnir hafa farið fram í fyrrum Júgóslavíu. Ísland tapaði 26-27 á móti Slóvenum á EM í Króatíu 2000, tapaði 28-34 á móti Slóvenum á EM í Slóveníu 2004 og strákarnir töpuðu síðan 29-31 á móti Krótaíu í fyrsta leik sínum á EM í Serbíu. Íslenska liðið hefur aðeins unnið þrjá af síðustu ellefu leikjum sínum á stórmótum á móti slíkum þjóðum.

## ÚRSLIT

*EM í handbolta*

**A-RIÐILL**

Pólland - Danmörk 27-26 (10-14)
Serbía - Slóvakía 21-21 (13-6)

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. Serbía** | **3** | **2** | **1** | **0** | **67-31** | **5** |
| 2. Pólland | 3 | 2 | 0 | 1 | 86-72 | 4 |
| **3. Danmörk** | **3** | **1** | **0** | **2** | **78-76** | **2** |
| 4. Slóvakía | 3 | 0 | 1 | 2 | 70-92 | 1 |

**B-RIÐILL**

Þýskaland - Svíþjóð 29-24 (20-15)
Tékkland - Makedónía 21-27 (12-12)

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. Þýskaland** | **3** | **2** | **0** | **1** | **77-74** | **4** |
| 2. Makedónía | 3 | 1 | 1 | 1 | 76-71 | 3 |
| **3. Svíþjóð** | **3** | **1** | **1** | **1** | **83-84** | **3** |
| 4. Tékkland | 3 | 1 | 0 | 2 | 77-84 | 2 |

**STIG Í MILLIRIÐLINUM:**

Serbía 4, Þýskaland 4, Pólland 2, Svíþjóð 1, Makedónía 1, Danmörk 1.

**LEIKIR DAGSINS**

| | |
|---|---|
| **D-riðill: Ísland - Slóvenía** | **kl. 17.10** |
| C-riðill: Spánn - Rússland | kl. 17.15 |
| **D-riðill: Króatía - Noregur** | **kl. 19.10** |
| D-riðill: Frakkland - Ungverjaland | kl. 19.15 |

*Iceland Express-deild karla*

**Keflavík - Grindavík 85-86 (45-48)**
**Keflavík:** Magnús Þór Gunnarsson 27/4 fráköst, Charles Michael Parker 24/8 fráköst, Valur Orri Valsson 16/6 stoðsendingar, Jarryd Cole 12/8 fráköst, Halldór Örn Halldórsson 6/4 fráköst.
**Grindavík:** J'Nathan Bullock 33/19 fráköst, Giordan Watson 15/5 fráköst, Jóhann Árni Ólafsson 15, Björn Steinar Brynjólfsson 6, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 6/7 fráköst/3 varin skot, Þorleifur Ólafsson 6, Ólafur Ólafsson 3/4 fráköst, Ryan Pettinella 2.

**Stjarnan-Tindastóll 85-88 (76-76, 40-35)**
**Stjarnan:** Marvin Valdimarsson 22/5 fráköst, Keith Cothran 17/5 fráköst, Justin Shouse 15/5 fráköst/5 stoðsendingar, Renato Lindmets 12/7 fráköst, Fannar Freyr Helgason 8/8 fráköst, Dagur Kár Jónsson 5, Guðjón Lárusson 4/4 fráköst, Sigurjón Örn Lárusson 2/5 fráköst.
**Tindastóll:** Maurice Miller 30/5 fráköst/7 stoðsendingar/5 stolnir, Curtis Allen 17/19 fráköst, Svavar Atli Birgisson 13, Þröstur Leó Jóhannsson 11, Friðrik Hreinsson 8, Helgi Freyr Margeirsson 3, Myles Luttman 2, Loftur Páll Eiríksson 2, Helgi Rafn Viggósson 2.

**Njarðvík-Valur 98-76 (51-35)**
**Njarðvík:** Travis Holmes 29/6 fráköst, Cameron Echols 22/10 fráköst, Elvar Már Friðriksson 16, Ólafur Helgi Jónsson 7, Rúnar Ingi Erlingsson 6, Óli Ragnar Alexandersson 5/5 stoðsendingar, Oddur Birnir Pétursson 4, Styrmir Gauti Fjeldsted 4, Maciej Baginski 3, Jens Valgeir Óskarsson 2.
**Valur:** Ragnar Gylfason 23/4 fráköst/5 stoðsendingar, Garrison Johnson 17, Igor Tratnik 14/16 fráköst/3 varin skot, Hamid Dicko 6, Kristinn Ólafsson 6, Birgir Björn Pétursson 5/7 fráköst, Benedikt Blöndal 5.

**Snæfell-Haukar 80-70 (34-20)**
**Snæfell:** Quincy Hankins-Cole 18/12 fráköst, Marquis Sheldon Hall 15, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 13/4 fráköst, Sveinn Arnar Davidsson 12, Jón Ólafur Jónsson 8/8 fráköst, Óskar Hjartarson 5, Ólafur Torfason 5/4 fráköst, Hafþór Ingi Gunnarsson 4.
**Haukar:** Christopher Smith 22/13 fráköst, Haukur Óskarsson 15, Hayward Fain 12/10 fráköst, Emil Barja 11/10 fráköst, Davíð Páll Hermannsson 5, Helgi Einarsson 4, Guðmundur Sævarsson 1.

**Þór Þorlákshöfn-KR 73-80 (35-37)**
**Þór Þorlákshöfn:** Matthew James Hairston 21/7 fráköst/5 varin skot, Guðmundur Jónsson 14/4 fráköst, Blagoj Janev 13, Darrin Govens 12, Darri Hilmarsson 8/5 fráköst, Baldur Þór Ragnarsson 5.
**KR:** Joshua Brown 22/7 fráköst, Hreggviður Magnússon 17, Dejan Sencanski 13/12 fráköst, Finnur Atli Magnusson 7/8 fráköst/5 stoðsendingar, Robert Lavon Ferguson 7/6 fráköst, Emil Þór Jóhannsson 7, Martin Hermannsson 4, Jón Orri Kristjánsson 3.

**ÍR-Fjölnir 107-97 (45-41)**
**ÍR:** Nemanja Sovic 28/5 fráköst, Robert Jarvis 28/5 fráköst/6 stoðsendingar, James Bartolotta 21, Hjalti Friðriksson 9, Kristinn Jónasson 8/7 fráköst, Eiríkur Önundarson 6, Þorvaldur Hauksson 3, Ellert Arnarson 2, Húni Húnfjörð 2.
**Fjölnir:** Calvin O'Neal 28/7 stoðsendingar, Nathan Walkup 24/8 fráköst, Arnþór Freyr Guðmundsson 17, Jón Sverrisson 15/9 fráköst, Daði Berg Grétarsson 6, Gunnar Ólafsson 3, Trausti Eiríksson 2, Björgvin Ríkharðsson 2.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Grindavík** | **12** | **11** | **1** | **1039-902** | **22** |
| Stjarnan | 12 | 8 | 4 | 1071-1014 | 16 |
| **Keflavík** | **12** | **8** | **4** | **1102-1029** | **16** |
| KR | 12 | 8 | 4 | 1031-1008 | 14 |
| **Þór Þ.** | **12** | **7** | **5** | **1019-981** | **14** |
| ÍR | 12 | 6 | 6 | 1055-1082 | 12 |
| **Snæfell** | **12** | **6** | **6** | **1150-1083** | **12** |
| Tindastóll | 12 | 6 | 6 | 1019-1049 | 12 |
| **Fjölnir** | **12** | **5** | **7** | **1036-1081** | **10** |
| Njarðvík | 12 | 5 | 7 | 1018-1027 | 10 |
| **Haukar** | **12** | **2** | **10** | **928-1026** | **4** |
| Valur | 12 | 0 | 12 | 913-1099 | 0 |



**MIKIL SPENNA** Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari kallar eitthvað inn á völlinn í Noregsleiknum og línumaðurinn Kári Kristjánsson er staðinn upp til þess að hvetja félaga sína í íslenska liðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# ALLT VERÐUR VITLAUST

**Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari býst við átakaleik gegn Slóvenum í kvöld. Hann er ósáttur við varnarleikinn og markvörsluna í fyrstu leikjunum og segir að það verði að laga. Jafntefli dugir til að komast áfram með tvö stig.**

**EM 2012** Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari var léttur á brún daginn eftir sigurinn góða gegn Norðmönnum. Algjör lykilsigur hjá íslenska liðinu upp á framhaldið að gera á mótinu en íslenska liðinu dugir jafntefli til að komast áfram í milliriðlakeppnina með tvö stig.

„Það var mjög gott að sofna eftir Noregsleikinn. Það var góð tilfinning að landa sigri í mjög erfiðum leik gegn Norðmönnum. Menn þurfa líka að fara að átta sig á því að það er þrautin þyngri að vinna Norðmenn. Það hafa síðustu fimm leikir gegn þeim sýnt og það er ekki hægt að tala Norðmenn niður. Öll liðin í þessu móti eru góð og allir leikir hrikalega erfiðir," sagði Guðmundur og hann veit manna best að leikurinn í kvöld verður gríðarlega erfiður.

### Slóvenar leggja allt í sölurnar

„Það verður allt vitlaust hérna í þessum leik. Það verður troðfull höll af Slóvenum og þeir munu leggja allt í sölurnar. Þetta er stórhættulegur leikur og stórhættulegur andstæðingur. Slóvenar hafa sýnt í síðustu leikjum að þeir eru sterkir. Þeir leiddu með sex mörkum gegn Pólverjum um daginn, gerðu jafntefli við Danmörk og hafa svo heldur betur gert Króötum og Norðmönnum lífið leitt hér í Vrsac."

> Það er allt of mikill æðibunugangur á okkur. Menn vaða út á vitlausum tíma, hlaupandi úr stöðum og svo framvegis.
>
> **GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON**
> ÞJÁLFARI ÍSLENSKA LANDSLIÐSINS

Landsliðsþjálfarinn segir að margt beri að varast í leik Slóvenanna sem spila eins og stríðsmenn. Þeir hætta aldrei og spila alltaf af fullum krafti.

„Þeir spila góða vörn, berjast eins og ljón og eru með virkilega góð hraðaupphlaup. Þeir eru klókir sóknarlega með sterkan miðjumann í Uros Zorman."

### Vörn og markvarsla ekki nógu góð

Guðmundur hefur ekki verið sáttur við allt í leik íslenska liðsins og segir að ýmislegt þurfi að laga fyrir átök kvöldsins.

„Varnarleikurinn og markvarslan hefur ekki verið nógu góð. Það verður að laga. Við erum búnir að fara vel yfir varnarleikinn og það þarf að fá meiri ró yfir hlutina. Það er allt of mikill æðibunugangur á okkur. Menn vaða út á vitlausum tíma, hlaupandi úr stöðum og svo framvegis. Við verðum að fá ró og yfirvegun. Ef hún kemur þá erum við með þetta," segir Guðmundur en hann hefur verið gríðarlega ánægður með sóknarleik liðsins í síðustu tveim leikjum.

### Þurfum að vera klókir

„Við verðum að vera klókir í sókninni gegn Slóvenum. Við erum með ákveðna taktík gegn þeim og prófuðum hluti gegn þeim í Danmörku á dögunum og munum halda því áfram. Sóknarleikurinn hefur verið frábær. Gegn Norðmönnum skoruðum við 18 mörk í 23 sóknum sem er ótrúleg nýting."

Guðmundur veit að leikurinn verður erfiður. „Sigurinn á Noregi var gríðarlega mikilvægur en þessi riðill er mjög jafn. Það er ekkert í hendi og þetta er hreinn úrslitaleikur."


**Henry Birgir Gunnarsson & Vilhelm Gunnarsson**




fjalla um EM karla í handbolta í Serbíu
henry@frettabladid.is - vilhelm@frettabladid.is


Sverre Andreas Jakobsson:

## Varnarleikurinn mun batna

**EM 2012** Sverre Jakobsson og félagar í íslensku vörninni hafa ekki alveg fundið taktinn og voru arfaslakir lengi vel í Noregsleiknum.



**SVERRE ANDREAS JAKOBSSON**

„Samvinnan á milli varnar og markvörslu hefur líka ekki verið alveg nógu góð og við getum betur. Þegar hlutirnir eru ekki að virka þá kemur óöryggi. Við ætlum aldeilis að bæta fyrir okkar frammistöðu gegn Noregi," segir Sverre.

„Það var samt ágætt að ná taktinum í lok Noregsleiksins. Seinni hálfleikur var allt í lagi en fyrri hálfleikur mjög slakur. Við erum duglegir að tala saman og stilla strengina. Þeir verða vonandi rétt stilltir í lokaleik riðilsins. Við eigum mikið inni og getum þetta vel. Þetta mun smella núna." - hbg



**SKRAUTLEGIR** Stuðningsmenn Slóvena á tapleiknum gegn Króatíu í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stuðningsmenn Slóvena:

## Láta öllum illum látum

**EM 2012 Stuðningsmenn slóvenska landsliðsins eru algjörlega á heimsmælikvarða. Það eru fáar þjóðir, ef nokkrar, sem fá álíka stuðning frá sínu fólki. Um 2.000 Slóvenar eru mættir til Serbíu og þeim fjölgaði í leik tvö í riðlinum.**

**Það má því segja að Slóvenar verði svo gott sem á heimavelli í leiknum í kvöld. Þeirra fólk syngur, blístrar og lætur öllum illum látum frá fyrstu mínútu. Allir standa og líklega eru lög við því að fá sér sæti.**

**Lögregluyfirvöld í Vrsac hafa talsverðar áhyggjur af þessum mannskap og til að mynda eru rútur þeirra stöðvaðar við borgarmörkin og leitað í þeim. Vopnuð óeirðalögreglu stendur svo vaktina í kílómetraradíus og sér til þess að allt fari friðsamlega fram.** - hbg

Aron Pálmarsson segir að það verði gaman að spila í stemningunni í kvöld:

# Þetta er hreinn úrslitaleikur fyrir okkur

**EM 2012** Aron Pálmarsson, skyttan unga, var þreytulegur en hress er við hittum á hann upp úr hádegi í gær. Aron átti magnaðan leik gegn Norðmönnum og lykilmaður í frábærum sigri íslenska liðsins.

„Nóttin var góð. Ég var reyndar lengi að sofna því það var erfitt að ná sér niður eftir leikinn. Ég svaf svo mjög vel þegar það kom," segir Aron sem getur ekki hugsað það til enda ef leikurinn gegn Norðmönnum hefði tapast.

„Ég persónulega hefði ekki nennt að fara í Slóvenaleikinn og athuga hvort við ættum að spila um tíunda eða fimmtánda sætið. Nú erum við í góðu færi á að gera eitthvað," sagði Aron en hann veit sem er að það verða átök í kvöld.

„Þeir eru gríðarlega erfiðir viðureignar. Þeir hafa sýnt það og sannað. Þeir spila fasta og góða vörn og sóknin snýst mikið um Zorman. Svo eru þeir nánast á heimavelli hérna með um 2.000 kolgeðveika stuðningsmenn á pöllunum. Þetta verður virkilega erfitt," sagði Aron en hann segist ætla að njóta þess að spila í látunum sem verða á pöllunum.

„Við erum vanir látum víða úr heiminum. Það er bara þannig að þetta er hreinn úrslitaleikur og við verðum að vinna hann til þess að fara með tvö stig inn í milliriðilinn. Við setjum þetta upp eins og það sé allt eða ekkert í þessum leik. Þannig verður það núna. Allir leikir eru úrslitaleikir fyrir okkur. Ég er alveg klár á því að við mætum tilbúnir í slaginn." - hbg



**NÁÐU VEL SAMAN** Aron Pálmarsson og Róbert Gunnarsson sjást hér á æfingu í gær en Aron gaf ófáar línusendingarnar inn á Róbert á móti Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


skyrtur, bindi,
belti og fleira...
herrasnyrtivörur
í miklu úrvali
DAVIDOFF
CHAMPION
DIESEL
ONLY THE
BRAVE
BOSS
HUGO BOSS
allir flottustu
herrailmirnir...
ARMANI
sport
code
BÓNDADAGURINN ER Í DAG!
20% AFSLÁTTUR
af öllum herrafatnaði, herraskóm og herrasnyrtivöru
föstudag og laugardag
mikið úrval af
herrabolum
jakkaföt, jakkar,
buxur, sokkar,
nærföt, náttföt...
treflar, húfur,
hanskar og
yfirhafnir
í úrvali
spariskór,
gönguskór,
hversdagsskór,
inniskór,
sportskór...
24
Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg
Gildir 20-21. janúar.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> **Stöð 2 kl. 20.15**

**American Idol**

***Stjörnuleitin er hafin á ný. American Idol var vinsælasti þátturinn í bandarísku sjónvarpi á síðastliðnu ári og standa þættirnir ávallt fyrir sínu. Ryan Seacrest er sem fyrr kynnir og í dómarasætunum eru Randy Jackson, Steven Tyler og Jennifer Lopez.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ TINNA RÓS STEINSDÓTTIR HORFIR Á HANDBOLTANN

# *Stolt okkar og bestu vinir*

Hvergi á ferðum mínum um heimsins höf hef ég kynnst jafn miklu þjóðarstolti þegar kemur að handboltalandsliði eins og hjá okkur Íslendingum. Við erum þekkt fyrir að ganga alla leið í því sem við tökum okkur fyrir hendur og eigum líklegast met í að eiga met í hlutum, allavega ef tekið er tillit til höfðatölu. „Strákarnir okkar“ eru þjóðareign. Við tölum um þá eins og þeir séu okkar bestu vinir, höfum skoðanir á hárgreiðslum þeirra og skeggvexti, og heitum þeim stuðningi „í blíðu og stríðu“ – alveg þangað til þeir tapa. Ást mín á Bjögga dvínaði í leiknum gegn Noregi á miðvikudaginn eftir að hafa varið skitin 4 skot á 58 mínútum, en óx óðum þegar hann sýndi frábær tilþrif í blálokin. Taugarnar eru rétt að ná sér á strik aftur eftir þann leik, sem ég tók að mér að deila með nágrönnunum með hrópum og köllum, svona ef ske kynni að þau ættu ekki sjónvarp (verði ykkur að góðu nágrannar!) og ég er tilbúin í leik kvöldsins.



Ég sakna samt Óla Stef mikið úr liðinu í ár, innan vallar sem utan, því ég beið alltaf með fiðring í hnjánum eftir gullkornum frá honum að leik loknum. Ég bíð spennt eftir að sjá hver kemur til með að halda gangandi arfleið þeirra Sigga Sveins í þessum efnum. Ég tilnefni Ólaf Bjarka.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Vinnustofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Samsöngur úr norðri **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Glæta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**14.20 Framandi og freistandi með Yesmine Olsson** (2:8) (e)

**14.50 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)

**15.30 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)

**16.10 Otrabörnin** (41:41) (PB and J Otter)

**16.35 Táknmálsfréttir**

**16.45 EM í handbolta** (Ísland - Slóvenía) BEINT

**18.40 EM-kvöld** Í þættinum er farið yfir leiki dagsins á EM í handbolta.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 EM í handbolta** (Króatía - Noregur) BEINT

**20.55 Útsvar** (Álftanes - Garðabær)

**22.05 Í kvennaríki** (In the Land of Women) Bandarísk bíómynd frá 2007. Ungur nýfráskilinn rithöfundur fer til Detroit að sleikja sár sín og annast ömmu sína veika. Þar kynnist hann nokkrum konum sem hafa djúpstæð áhrif á hann, og öfugt.

**23.45 Sex dagar og sjö nætur** (Six Days and Seven Nights) Bandarísk ævintýramynd frá 1998. Flugmaður og ritstýra nauðlenda flugvél sinni á eyju í Suðurhöfum.

**01.25 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012 - Lögin í úrslitum** (1:3) (e) Leikin verða lögin tvö sem komust áfram í keppninni laugardaginn var.

**01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Land of the Lost**

**10.00 Make It Happen**

**12.00 Pink Panther II**

**14.00 Land of the Lost**

**16.00 Make It Happen**

**18.00 Pink Panther II**

**20.00 Time Traveler's Wife**

**22.00 We Own the Night**

**00.00 Goya's Ghosts**

**02.00 Adam and Eve**

**04.00 We Own the Night**

**06.00 The Mask**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (31:175)

**10.15 Off the Map** (10:13)

**11.00 Ramsay's Kitchen Nightmares** (3:4)

**11.50 Glee** (3:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Friends** (16:24)

**13.25 There's Something About Mary**

**15.20 Sorry I've Got No Head**

**15.50 Tricky TV** (3:23)

**16.15 Barnatími Stöðvar 2**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 The Simpsons** (10:23)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (16:23)

**19.45 Týnda kynslóðin** (19:40)

**20.15 American Idol** (1:39) Vinsælasti skemmtiþáttur veraldar snýr aftur í ellefta skiptið. Í dómarasætum verða góðkunningjarnir Randy Jackson, Steven Tyler og Jennifer Lopez og kynnirinn verður sem fyrr Ryan Seacrest.

**21.35 American Idol** (2:39)

**22.20 1408** Hryllingsmynd með John Cusack og Samuel L. Jackson í aðalhlutverki.

**00.10 10 Items of Less** Kvikmynd með Morgan Freeman í aðalhlutverki. Þekktur leikari fer í kjörbúð til að geta sett sig betur inn í næsta hlutverk sitt. Þar kynnist hann kassadömu sem hefur óbeit á starfinu sínu. Þegar vaktinni lýkur fær hann far með henni og þau ákveða að keyra um Los Angeles. Áður en dagurinn er á enda verða þau bæði reynslunni ríkari.

**01.30 Premonition**

**03.05 There's Something About Mary**

**05.00 Fréttir og Ísland í dag**

**05.55 The Simpsons** (16:23)

## SPORT *besta sætið*

**18.15 Meistaradeild Evrópu: Chelsea - Genk**

**20.05 The Short Game** Athyglisverður golfþáttur þar sem farið verður yfir helstu leyndarmál „stutta spilsins“.

**20.30 La Liga Report**

**21.00 Without Bias** Einstök heimildarmynd um körfuboltamanninn Len Bias sem lést langt fyrir aldur fram.

**22.00 UFC 118**

**01.00 Orlando - L.A Lakers** BEINT frá leik liðanna í NBA-deildinni.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.30 Sunnudagsmessan**

**16.50 Liverpool - Stoke**

**18.40 Man. Utd. - Bolton**

**20.30 Football League Show**

**21.00 Premier League Preview**

**21.30 Premier League World**

**22.00 PL Classic Matches: Tottenham - Manchester Utd.**

**22.30 Premier League Preview**

**23.00 Tottenham - Wolves**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (31:175)

**20.10 Friends** (1:24)

**20.35 Modern Family** (1:24)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Human Target** (11:13)

**22.35 NCIS: Los Angeles** (5:24) Önnur þáttaröðin um starfsmenn sérstakrar deildar innan bandaríska hersins sem hafa það sérsvið að rannsaka glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt. Með aðalhlutverk fara meðal annars Chris O'Donnell og LL Cool J.

**23.20 Breaking Bad** (10:13)

**00.10 Týnda kynslóðin** (19:40)

**00.35 Friends** (1:24)

**01.00 Modern Family** (1:24)

**01.25 The Doctors** (31:175)

**02.05 Fréttir Stöðvar 2**

**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Rachael Ray** (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**14.45 7th Heaven** (2:22) (e)

**15.45 America's Next Top Model** (6:13)(e)

**16.35 Rachael Ray**

**17.20 Dr. Phil**

**18.05 Parenthood** (20:22) (e)

**18.55 Being Erica** (10:13)

**19.45 Will & Grace** (17:25) (e)

**20.10 Live To Dance** (3:8)

**21.00 Minute To Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar. Fjórir keppendur leggja allt undir til að sigra í flókinni þrautakeppni.

**21.45 HA?** (17:31)

**22.35 Jonathan Ross** (9:19) Michael Sheen, Miranda Hart og vandræðagemsinn Noel Gallagher eru gestir Jonathans að þessu sinni.

**23.25 30 Rock** (21:23) (e)

**23.50 Flashpoint** (3:13) (e)

**00.40 Saturday Night Live** (4:22) (e)

**01.30 Jimmy Kimmel** (e)

**02.15 Jimmy Kimmel** (e)

**03.00 Whose Line is it Anyway?** (2:39) (e)

**03.25 Real Hustle** (5:10) (e)

**03.50 Smash Cuts** (11:52) (e)

**04.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Humana Challenge 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Inside the PGA Tour (3:45) **12.25** Humana Challenge 2012 (1:4) **15.20** Ryder Cup Official Film 2010 **16.35** Humana Challenge 2012 (1:4) **19.35** Inside the PGA Tour (3:45) **20.00** Humana Challenge 2012 (2:4) **23.00** PGA Tour - Highlights (2:45) **23.55** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**06.20** The Vicar of Dibley **08.15** Jane Eyre **09.10** Come Dine With Me **10.50** 'Allo 'Allo! **11.55** Dara O'Briain Live at the Theatre Royal **12.50** Top Gear **13.40** The Vicar of Dibley **15.30** QI **16.30** Top Gear **17.25** Dara O'Briain Live at the Theatre Royal **18.20** Come Dine With Me **19.10** QI **20.10** Top Gear **21.00** Lee Evans Live Different Planet Tour **21.55** Peep Show **22.25** Live at the Apollo **23.10** QI **200.15** Lee Evans Live Different Planet Tour **01.05** Peep Show **01.40** The Graham Norton Show **02.25** The Weakest Link **03.15** Jane Eyre

## DR 1

**10.30** Med andre øjne - vansiret **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Jersild Live **11.35** Lægeambulancen **12.35** Aftenshowet **13.30** Spise med Price **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Downton Abbey **15.00** Postmand Per. Specialposttjenesten **15.15** Timmy-tid **15.25** Det kongelige spektakel **15.40** Bamses Lillebitte Billedbog **16.00** Rockford **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Hammerslag **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** Inside Man

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Førkveld **12.45** Verdensarven **13.00** NRK nyheter **13.05** Folkets vinterfilm **13.25** V-cup skiskyting **14.00** NRK nyheter **14.10** V-cup skiskyting **15.00** NRK nyheter **15.10** Ut i nærturen **15.25** V-cup hopp **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.40** Norge rundt **19.05** Popstokk **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Sporløst forsvunnet **22.05** Kveldsnytt **22.20** Game of Thrones **23.15** Tungrockens historie

## svt1

**09.00** Go'kväll **09.45** Räddade av gränspolisen **09.55** Dag **10.20** Alpint **11.40** Debatt **12.25** Bästa frisören **13.15** Antikrundan **14.15** Gäster med gester **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Din plats i historien **16.00** Bröderna Reyes **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** På spåret **20.00** Skavlan **21.00** The Jane Austen Book Club **22.45** Donnie Darko **00.35** Homeland **01.25** Rapport

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




# ÚTSALA

## Allt að 50% afsláttur

**Blomberg þvottavélar frá 79.990**
**Allt að 25% afsláttur**

**Candy uppþvottavélar frá 64.990**
**Allt að 30% afsláttur**

**Mikið úrval af kæliskápum frá Blomberg, Candy og Severin með 15-30% afslætti**

**Ryksuguvélmenni frá 49.990**
**Allt að 23% afsláttur**

**Ofnar, helluborð og háfar með allt að 50% afslætti**

**Hvítur Kitchenaid Classic blandari 29.990**

**Saeco alsjálfvirkar kaffivélar frá 49.990**

**Silit búsáhöld með 50% afslætti**

**Severin smátæki, kaffivélar, blandarar, brauðvélar, katlar og fleira og fleira á frábærum verðum**

*Opið virka daga 9-18*
*og laugardaga 11-15*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér yfirleitt Létt AB mjólk og múslí. Holl og góð byrjun á deginum. Ég geri nánast aldrei vel við mig þegar kemur að morgunmat, nema ég sé staddur á hóteli hérlendis eða erlendis. Þá borða ég allt sem ég finn eins og enginn sé morgundagurinn og engin leið að stoppa mig.“*

Sveinn Andri Sveinsson lögmaður.

# Retro Stefson til Ameríku

„Þetta er mjög spennandi og verður eflaust gaman,“ segir Unnsteinn Manuel Stefánsson, meðlimur hljómsveitarinnar Retro Stefson sem kemur í fyrsta sinn fram í Bandaríkjunum á South by Southwest-tónlistarhátíðinni í mars.

Hátíðin South by Southwest eða SXSW er sannkölluð bransahátíð þar sem um 2.000 tónlistarmenn koma fram í Austin í Texas og stendur hún yfir í fjóra daga. Á hátíðinni er aðaláherslan á nýja og ferska tónlistarmenn sem fá tækifæri til að sýna sig fyrir fólki úr tónlistariðnaðinum.

„Þetta er í fyrsta sinn sem við spilum í Bandaríkjunum og auðvitað gott tækifæri. Dagskráin okkar er ekki alveg tilbúin en við spilum nokkrum sinnum yfir hátíðina,“ segir Unnsteinn og bætir við að hátíðin sé mjög stór og öðruvísi að því leytinu til að mikið er um einkapartí fyrirtækja sem hljómsveitirnar spila á.

Það er óhætt að segja að sveitin hafi slegið í gegn á Airwaves-hátíðinni í haust en síðasta sumar voru hljómsveitarmeðlimir búsettir í Berlín þar sem þeir spiluðu víðs vegar um Evrópu. Árið í ár verður svipað hjá sveitinni sem heldur til Þýskalands í apríl. „Þetta sumar verður eiginlega bara svona „deja vú“ sumar. Við gerum það sama og í fyrra, spilum á hátíðum og tónleikum um hverja helgi. Það er gaman en getur líka tekið á. Ég ætla að vera í Berlín en sumir ætla að vera duglegri að fara heim til Íslands inn á milli í ár.“

Retro Stefson er ekki eina íslenska sveitin sem ætlar að nýta hátíðina SXSW sem stökkpall því hljómsveitin Of Monsters and Men kemur einnig fram á hátíðinni sem og tónlistarkonan Sóley. - áp



**SPENNANDI TÆKIFÆRI** Unnsteinn Manuel Stefánsson og félagar hans í hljómsveitinni Retro Stefson koma fram á einni stærstu bransahátíð í heimi í mars, SXSW í Austin í Texas.






## BJARNI HAUKUR ÞÓRSSON: ÞETTA VERÐUR VONANDI FYNDIN BÓK

# Risaforlagið Random House gefur út Pabbabók Bjarna

„Tilboðið frá Random House var eiginlega þannig að það var ekki hægt að segja nei við því. Þetta er mjög góður samningur,“ segir leikarinn og leikstjórinn Bjarni Haukur Þórsson.

Hann hefur undirritað útgáfusamning við risaforlagið Random House um að hann skrifi bók byggða á einleiknum Pabbinn. „Þetta er skálduð sjálfsævisaga byggð á eigin reynslu. Þetta verður vonandi mjög fyndin bók sem fjallar um það að vera faðir og allt sem því fylgir. Maður hefur fundið það í gegnum áhugann á leikverkinu að það er gríðarlegur áhugi á stöðu karlmannsins sem uppalanda og föður, hvort sem hann er einstæður eða ekki,“ segir Bjarni Haukur sem var að vonum upp með sér þegar Random House hafði samband við hann. „Það var alveg frábært en svo vaknaði ég í svitakasti daginn eftir og áttaði mig á að maður þyrfti að gera þetta líka.“

Pabbinn, sem um þrjátíu þúsund manns sáu hér á landi, hefur verið á fjölunum í Þýskalandi síðustu tvö ár við góðar undirtektir. Yfir eitt hundrað þúsund manns hafa séð einleikinn, auk þess sem þýsk kvikmynd byggð á Pabbanum fer í tökur síðar á þessu ári eftir handriti Bjarna Hauks og Ólafs Egilssonar. „Í ljósi þess að ég gekk frá sölu á kvikmyndaréttinum vaknaði áhugi á að gefa út bók og þeir komu til mín með þessa hugmynd,“ segir hann um áhuga Random House.

Þessa dagana situr Bjarni Haukur sveittur við skriftir á bókinni en hann á að skila henni af sér í sumar. Bókin kemur fyrst út í Þýskalandi, líklega í lok ársins eða í byrjun þess næsta, og í framhaldinu kemur hún út í fleiri löndum. Einleikurinn Pabbinn er þegar búinn að plægja akurinn fyrir bókina því hann hefur verið sýndur í 25 löndum við miklar vinsældir.

Pabbabókin verður sú fyrsta sem Bjarni Haukur sendir frá sér og má segja að hann byrji á toppnum því Random House er eitt stærsta bókaforlag heims. Það er í eigu Þjóðverja en er með höfuðstöðvar í New York. „Það hefði kannski verið rökréttara að byrja á Íslandi en heimurinn er óútreiknanlegur. En þetta er frábært í alla staði og mikil viðurkenning.“

freyr@frettabladid.is



**GÓÐUR SAMNINGUR** Bjarni Haukur Þórsson er mjög ánægður með samninginn sem hann gerði við Random House. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**3** Íslenskir rithöfundar í það minnsta hafa gefið út hjá Random House: Arnaldur Indriðason, Auður Jónsdóttir og Ólafur Jóhann.


## Árangur fer eftir gæðum

## Hvaða Spirulina ert þú að taka?

13 vítamín og 16 steinefni · 18 aminósýrur · Blaðgræna · Omega GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans

Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.




Aukið úthald, þrek og betri líðan

Árangur strax!

**Blágrænir þörungar frábærir fyrir íþróttir, vinnunna og skólann**

Spirulina inniheldur mikið af blaðgrænu og glyccogen, því meira glycogen sem er til staðar í líkamanum við æfingar því betri árangur. Blaðgræna eykur súrefnisflutning í blóðinu. Ef Spirulina er tekið inn 1/2 tíma fyrir æfingar eða annað álag gefur það aukið þrek, úthald og einbeitingu. Dregur úr pirringi, sleni og sætindaþörf, truflar ekki svefn. Gæðastaðall ISO9001, ISO1401.

Fæst í apótekum, heilsubúðum, Krónunni, Fríhöfninni og Hagkaup

www.celsus.is


# Undirbýr útrás næringardisksins

„Þetta er mjög spennandi og við heppin að fá að vera með,“ segir vöruhönnuðurinn Hafsteinn Júlíusson sem þessa daga undirbýr sína fyrstu för á vörusýningu erlendis.

Vörurnar sem Hafsteinn ætlar að sýna á sýningunni Check IN 12 í Stokkhólmi er skartgripalína úr íslenskum mosa og nýjustu afurð sína: næringardiskinn. Næringardiskurinn er matardiskur með hinni gömlu góðu næringartöflu á og á diskurinn að aðstoða eiganda sinn að velja rétt hlutföll næringar. Hafsteinn var að fá fyrstu sendinguna í hús og segir það hafa verið smá sjokk að taka 1.000 diska upp úr kössunum. „Þetta er í fyrsta sinn sem við eigum til lager af vöru en hingað til höfum við einungis verið að afgreiða pantanir frá búðum. Fyrir jólin fengu við til dæmis pöntun upp á 200 skartgripi frá verslun í Dubai sem við urðum að hafna því við áttum ekki til neinn lager.“

Hafsteinn fékk sérstakt boð á hönnunarsýninguna Check In 12, sem er haldin dagana 7.-12. febrúar, en aðeins tíu hönnuðum er boðið. Sýningin er haldin samhliða stóru húsgagnasýningunni Stockholm Furniture Fair.

„Við komumst í samband við Stefan Nilsson, framkvæmdastjóra sýningarinnar, sem hreifst af vörunum okkar. Við erum í raun mjög heppin að komast þarna inn því þetta er fámennur hópur hönnuða sem fær að sýna,“ segir Hafsteinn en Stokkhólmur verður fullur af kaupendum og blaðamönnum víðs vegar að á þessum tíma. „Við erum að fara á svona sýningu í fyrsta sinn og markmiðið er að koma okkar vörum að á Norðurlöndunum á þessu ári.“

Þess má geta að fleiri íslenskir hönnuðir taka þátt í Stockholm Furniture Fair eins og Netagerðin, Lighthouse, Reynir Sýruson og Á Guðmundsson. - áp



**HELDUR TIL NORÐURLANDANNA** Vöruhönnuðurinn Hafsteinn Júlíusson ætlar að koma skartgripum sínum og næringardiski á framfæri erlendis í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# Sony Center

www.sonycenter.is







**89.990.-** SPARAÐU 40.000.-

FRÁBÆRT 32" LCD SJÓNVARP! GÓÐ KAUP KDL32CX520
- Full HD 1920 x1080 punktar
- X-Reality myndvinnslukerfi
- Bravia Internet sjónvarp

**89.990.-** Verð áður 129.990.-




**189.990.-** SPARAÐU 60.000.-

40" 3D LED SJÓNVARP MEÐ ÞRÁÐLAUSU NETI KDL40EX721
- Full HD 1920 x1080 punktar
- X-Reality myndvinnslukerfi
- Bravia Internet sjónvarp

**189.990.-** Verð áður 249.990.-



**99.990.-** SPARAÐU 40.000.-

FLOTT FARTÖLVA Á FRÁBÆRU VERÐI VPC-EB4E1
- Intel Pentium örgjörvi
- 15,5" Flat LED skjár
- 4 GB innra minni, 320 GB diskur

**99.990.-** Verð áður 139.990.-



**32.990.-** SPARAÐU 17.000.-

FRÁBÆR DOKKA FYRIR IPOD OG IPHONE RPD-X50IP
- Frábær hljómgæði 2 x 10W
- Tónjafnari; Rock, Pop, Vocal, Flat
- Fjarstýring fylgir

**32.990.-** Verð áður 49.990.-



**9.990.-** SPARAÐU 10.000.-

LÍTIL OG NETT MYNDAVÉL Á ÓTRÚLEGU VERÐI DSCS930B
- 10.2 megapixlar
- 3 x Optical Zoom
- Steady Shot

**9.990.-** Verð áður 19.990.-



**49.990.-** SPARAÐU 30.000.-

DSLR MYNDAVÉL Á ÓTRÚLEGU VERÐI DSLR-A230
- 10.2 megapixla CCD myndflaga
- Tökuhraði 2,5 rammar á sekúndu
- 18-55 mm linsa

**49.990.-** Verð áður 79.990.-



**69.990.-** SPARAÐU 50.000.-

MYNDAVÉL MEÐ DSLR EIGINLEIKUM NEX-3
- 14.2 megapixla Exmor myndflaga
- 3" Trueblack skjár
- HD Movie

**69.990.-** Verð áður 119.990.-



**129.990.-** SPARAÐU 60.000.-

SLT - BYLTINGAKENNDAR MYNDAVÉLAR SLT-A55
- 16,7 megapixla Exmor myndflaga
- 3" LCD Xtrafine Trueblack skjár
- HD Movie

**129.990.-** Verð áður 189.990.-



**29.990.-** SPARAÐU 20.000.-

LÉTT OG MEÐFÆRILEG UPPTÖKUVÉL DCR-SX33ES
- 2,7" LED skjár
- 60 x Optical Zoom
- Steady Shot

**29.990.-** Verð áður 49.990.-



**59.990.-** SPARAÐU 30.000.-

FRÁBÆR UPPTÖKUVÉL MEÐ ALLT AÐ 33 KLST UPPTÖKU HDR-XR106E
- 2,7" LED skjár
- 10 x Optical Zoom
- Steady Shot

**59.990.-** Verð áður 89.990.-



**14.990.-** SPARAÐU 5.000.-

GLÆSILEGUR 7" STAFRÆNN MYNDARAMMI DPF-C70EB
- Slideshow -10 stillingar
- USB tengi og minniskortarauf
- Sjálfvirk stilling á „portrait/landscape"

**14.990.-** Verð áður 19.990.-



**4.990.-** SPARAÐU 2.000.-

KRAFTMIKIL GÆÐA HEYRNATÓL MDR-Z100
- Fyrir Ipod, Walkman og önnur hljómtæki
- 30mm hátalarar
- Tíðnisvið 12-22000Hz

**4.990.-** Verð áður 6.990.-

Sony Center
Kringlunni
588 7669

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

Þriggja mánaða áskrift að SkjáEinum fylgir öllum sjónvörpum!

VISA 6 MÁNAÐA VISA VAXTALAUS LÁN Í SONY CENTER

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Keppir ekki um Óskarinn

Kvikmynd **Rúnars Rúnarssonar**, Eldfjall, komst ekki áfram í forvali Óskarsverðlaunanna en búið er að tilkynna hvaða níu myndir komust í gegnum fyrstu síu ferlisins. Af þessum níu komast svo fimm myndir á hátíðina sjálfa en hún fer fram í næsta mánuði. Eldfjall var meðal 63 erlendra mynda sem kepptu um Óskarsstyttuna en Danir eru eina Norðurlandaþjóðin sem komst áfram í níu mynda úrtakið.

Þær myndir sem komust áfram eru Bullhead frá Belgíu, Mounsieur Lazhar frá Kanada, Superclásico frá Danmörku, Pina frá Þýskalandi, A Separation frá Íran, Footnote frá Ísrael, Omar Killed Me frá Marokkó, In Darkness frá Póllandi og Warriors of the Rainbow: Seediq Bale frá Taívan.



### Gleðibanki verður til

„Hér safnast saman hugmyndir og innlegg um jákvæðar hliðar tilverunnar og góðar fyrirmyndir í lífinu. Hér er mótunar- og útungunarstöð fyrir nýjan vef sem tileinkaður er öllu því jákvæðu sem við verðum vitni að í hversdagslífinu," skrifar tónlistarmaðurinn **Svavar Knútur** á Facebook-síðuna „Hið góða líf" í gær. Vefurinn sem hann vísar til ber yfirskriftina Gleðibankinn og er á slóðinni alvaran.org á netinu. Þar er auglýst eftir jákvæðum og bjartsýnum pennum. Vefurinn leit dagsins ljós á þriðjudag. Svavar er driffjöðrin í verkefninu en þegar hefur safnast að honum nokkur hópur sem áhuga hefur á því.



\- áp, óká

### Mest lesið vísir

1 Norðmenn æfir af reiði út í dönsku dómarana
2 Norðmaður fékk vinning á tvo miða - fær 1,3 milljarða
3 Sú sem rannsakaði fjöldamorðin í Útey sagði...
4 Milljarðamæringur fyrir mistök
5 Fæddur er framsóknarmaður – Sigmundur eignaðist dóttur




Sweet Dreams



FRÁBÆRT VERÐ!

SWEET DREAMS amerísk dýna
Vönduð og góð dýna með sterkri hliðarstyrkingu. Í efra lagi er áföst 10 sm. þykk yfirdýna úr hágæða svampi. Í neðra lagi eru u.þ.b. 140 BONELL gormar pr. m².
Fætur fylgja með.

SPARIÐ 30.000

FULLT VERÐ: 69.950
39.950
STÆRÐ: 90 X 200 SM.

GÓÐ KAUP

TILBOÐIN GILDA 20.01.12 - 22.01.12

Dönsk gæðaframleiðsla
PLUS ÞÆGINDI & GÆÐI



SPARIÐ 20.000

FULLT VERÐ: 79.950
59.950

DREAMZONE™

PLUS B40 JUBILÆUM boxdýna
Miðlungsstíf dýna með 250 pokagormum pr. m² í efra lagi. Og í neðra lagi eru 150 BONELL gormar pr. m². Innifalið í verði er 4 sm. þykk og góð yfirdýna. Slitsterkt áklæði úr bómull/polyester. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu.
Stærð: 90 x 200 sm. 79.950 nú: 59.950 Verð án fóta. Fætur verð frá: 4.995

DREAMZONE™
STÆRÐ: 60 x 120 sm.
1.295

| | |
|---|---|
| 60 x 120 sm. | 1.295* |
| 70 x 140 sm. | 1.495* |
| 70 x 200 sm. | 1.695 |
| 90 x 200 sm. | 2.495 |
| 120 x 200 sm. | 2.995 |
| 140 x 200 sm. | 3.495 |
| 153 x 200 sm. | 6.995* |
| 180 x 200 sm. | 4.995 |
| 193 x 200 sm. | 7.995* |

HREIN EFNI Inniheldur engin skaðleg efni skv. Øko-Tex Staðli 100 Nr. CXX 16360 TESTEX Zürich
95°

PLUS T20 dýnuhlíf
Virkilega mjúk og þægileg dýnuhlíf. Dýnan er með teygju á hornum og fyllt með 70% bómull og 30% polyester. Hún er suðuþolin og hentar því vel fyrir þá sem hættir til að fá ofnæmi. Má þvo við 95°C. *Fylling 100% polyester.

INTEX

FULLT VERÐ: 12.950
6.950
46% AFSLÁTTUR

VELOUR COMFORT gestarúm
Sniðug lausn fyrir þá sem þurfa að taka á móti gestum en hafa lítið pláss. Auðveldara getur þetta ekki verið! Vindsæng með innbyggðri rafmagnspumpu. Taska fylgir. Stærð: B157 x L203 x H47 sm.

MEMORY FOAM DREAMZONE™ WellPur™
GOLD EINSTÖK GÆÐI
ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR
60° Memory foam
HREIN EFNI CertiPUR

FULLT VERÐ: 12.950
9.950
STÆRÐ: 90 X 200 SM.

GOLD T30 yfirdýna
Virkilega vönduð yfirdýna úr MEMORY FOAM svampi með þrýstijafnandi eiginleika. Lagar sig vel að líkamanum og veitir góðan stuðning. Endingargott áklæði sem hægt er að taka af og þvo við 60°C. Dýnan er 5 sm. þykk.

| | | |
|---|---|---|
| 90 x 200 sm. | Fullt verð: 12.950 | nú: 9.950 |
| 120 x 200 sm. | Fullt verð: 16.950 | nú: 14.950 |
| 140 x 200 sm. | Fullt verð: 19.950 | nú: 16.950 |
| 160 x 200 sm. | Fullt verð: 24.950 | nú: 19.950 |
| 180 x 200 sm. | Fullt verð: 26.950 | nú: 19.950 |

DREAMZONE™

| | |
|---|---|
| 90 x 200 sm. | 4.995 |
| 120 x 200 sm. | 6.995 |

STÆRÐ: 90 X 200 SM.
4.995

Plus T10 yfirdýna
Eggjabakkalöguð yfirdýna úr svampi sem eykur þægindi og vellíðan. Þykkt: 5 sm.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

Price Star
28% AFSLÁTTUR
60° Svampur Stíf
HREIN EFNI CertiPUR
FULLT VERÐ: 6.995
4.995

BASIC F10 svampdýna
Með slitsterku áklæði og góðum, stinnum svampkjarna. Stærð: 70 x 190 sm. 7 sm. þykk dýna.